

## Vill aðstoða íslenska indjána

Indjáninn **Karen Vigneault** er komin hingað til lands til að hitta **Guðrúnu Emilsdóttur**, sem komst að því í sumar að hún er af Otoe-þjóðflokki indjána. ➔ 28

 Hún gæti þannig eignast land, peninga. Hún getur sótt um tvöfaldan ríkisborgararétt.

**Undarlegt sakamál**  
Líkfundarmálið í Neskaupstað rifjað upp. ➔ 38



**Blómið í garðinum**  
Magnús og Jenný búa í blómabænum Hveragerði.

➔ 32



FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Upplifðu, njóttu og skapaðu tækifæri

Ókeypis kynningartími 2. október-- Skráning á [dale.is/ungtfolk](http://dale.is/ungtfolk)  
Nánari upplýsingar og skráning á [dale.is](http://dale.is) eða í síma 555 7080



Það sem þjálfunin færir þér:

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og aukin velliðan
- Trú á eigin getu, skýrari markmið og meiri árangur
- Kynnist nýju fólki, bætir samskiptahæfni og styrkir sambönd
- Jákvæðara viðhorf og minni kvíði

Næstu námskeið

13 til 15 ára. Hefst 16. október  
16 til 19 ára. Hefst 15. október

## Veður



Norðan- og norðvestanátt, víða 8-15 m/s en 15-23 (hvasvíðri eða stormur) suðaustan til á landinu seinni partinn. Það rofar smám saman til á Suður- og Vesturlandi, en slydda eða rigning og síðar el norðan- og norðaustanlands.

**SJÁ SIÐU 50**



Frá Þjóðhátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Sýknaður af nauðgun

**DÓMSMÁL** Drengur um tívugt var í Landsrétti í gær sýknaður af ákæru um nauðgun á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Ekki þótti sannað að ásetningur hefði staðið til verknáðarinnar. Einn dómari skilaði sérákvæði.

Í héraði hafði fjölskipaður dómur dæmt ákærða til tveggja ára fangelsisvistar og til að greiða stúlkunni 1,5 milljónir í miskabætur. Þar skilaði einn dómari sérákvæði sem var samhljóða meirihluta Landsréttar.

Drengurinn var átján ára og stúlkun sautján ára þegar atvikidi átti sér stað árið 2016. Höfðu þau áður átt í sambandi en upp úr því flosnað. Þau ákváðu að sofa saman í tjaldi drengsins. Var hann ákærður fyrir að hafa á meðan á því stóð slegið hana itrekað og stungið fingri í endaparm hennar. Hlaut hún af þessu mikið mar viðsvegar um líkamann.

Ákærði bar því við að þau hefðu oft stundað gróft kynlíf og rætt saman um hvað þau vildu gera. Taldi hann að kynlífið í þetta skipti hefði verið vanalegt. Stúlkun sagði þetta hins vegar vera eins og að bera saman „gamnislag“ og hörku aflog.

Meirihluti Landsréttar taldi að í ljósi þess hvernig kynlífi þeirra hafði verið háttáð áður væri ekki unnt að sakfella drenginn fyrir nauðgun. Í sérákvæði sagði að í ljósi áverka á stúlkunni hafi verið ljóst að hann hafi farið út fyrir mörk samþykkis hennar þrátt fyrir að fyrra kynlífi þeirra hafi verið gróft. –jóe

## Mikilsvirtur Mads heiðraður



Danski leikarinn Mads Mikkelsen var í gær verðlaunaður með RIFF-verðlaunum fyrir framúrskarandi framlag sitt til leiklistarinnar í Höfða í Reykjavík. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhenti Mads verðlaunin. Mads hefur komið fram í fjölda kvikmyndu og þáttaraða sem notið hafa mikilla vinsælda viðsvegar um vörðina. Nokkrar valdar kvikmyndir hans verða sýndar á RIFF-kvikmyndahátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fær ekki bætur

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í Landsrétti í gær sýknað af 4 milljóna miskabótakröfu Ástu Kristínar Andrésdóttur. Ásta hafði krafist bóta eftir að hún var sýknuð af ákæru um manndráp af gáleysi í starfi sínu sem hjúkrunarfræðingur á gjörgæsludeild Landspítalans.



Ásta Kristín Andrésdóttir.

Krafa Ástu var annars vegar byggð á hlutlægreið ábyrgðarreglu laga um meðferð sakamála. Ríkið var sýknað af þeirri kröfu sem og kröfu byggðri á almennu sakarreglunni. Ekki þótti sannað að rannsakendur hefðu með saknæmum og ólöglegum hætti brotið gegn henni líkt og askilið er í skaðabótalögum. Var ríkið því sýknað. –jóe

## Ekki áhugi á að afnema milljónahlunnindin

Kostnaður við farsíma og nettengingar þingmanna og starfsmanna þingsins minnkað töluvert undanfarin ár. Var fjórtán milljónir í fyrra en 28 árið 2013. Andrés Ingi Jónsson þingmaður segir lækunina ef til vill endurspeglar þróun á markaði og vill ekki afnema það fyrirkomulag að þingið greiði kostnaðinn.

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður við farsíma og nettengingar þingmanna, starfslíðs þingflokka, formanna flokka og starfslíðs skrifstofu Alþingi síðastliðin fimm ár nemur tæplega 110 milljónum króna. Þetta kemur fram í svari forsætis Alþingis við fyrirspurn Andrésar Inga Jónssonar, þingmanns Vinstri grænna.

Kostnaðurinn var mestur árin 2013 og 2014, rúmar 28 milljónir króna, en hefur síðan þá dregist saman um helming en kostnaðurinn var rétt rúmar 14 milljónir í fyrra. Kostnaður við farsíma og nettengingar þingmanna einna hefur minnkað úr tæpum 18 milljónum árið 2013 í rúmar átta í fyrra. Sé litið til starfslíðs þingflokka og formanna flokka hefur kostnaðurinn farið úr rúmrí milljón í rúmlega 750.000. Árið í fyrra var þó næstdýrasta árið hjá viðkomandi. Þá hefur kostnaður hjá starfslíði skrifstofu Alþingis helmingast frá 2013, farið úr 9,5 milljónum í tæpar fimm.

Langstærstur hluti upphæðarinnar rennur til Símans hf. en í svarinu segir að skrifstofa þingsins leiti ekki tilboða vegna farsíma og nettengingar þingmanna heldur velji þeir þjónustuaðila sjálfir. Hvað starfsmenn skrifstofu þingsins varðar var tilboða leitað hjá Símanum og Vodafone árið 2013 og tilboði Símans tekið.

Andrés Ingi segir við Fréttablaðið að lækun undanfarinna ára endurspeglar ef til vill þróun á markaði, en tekur fram að hann hafi ekki náð að skoða svarið almennilega. „Ég bað hins vegar um meðalkostnað til að



Andrés Ingi vill ekki afnema núverandi fyrirkomulag. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Ég reikna með því að það sé víða sem fyrirtæki dekki sambærilegan kostnað hjá starfsmönnum sínum.

Andrés Ingi Jónsson, þingmaður Vinstri grænna

sjá hvað hver einstaklingur væri að kosta. Það fylgir ekki með þarna þannig að það er þínu erft að meta þróunina fyrst maður er bara með heildarstöðuna. Það er kannski þínu klúður hjá mér að hafa ekki orðað þetta skýrar.“

Ekki á að afnema þetta fyrirkomulag að mati Andrésar Inga. Hann segir að simar og góð nettenging séu grundvallarþættir í því að þingmenn og starfsmenn þingsins geti sinnt starfi sínu vel. „Eins og náttúrulega á fleiri vinnustöðum. Eg reikna með því að það sé víða sem fyrirtæki dekki sambærilegan kostnað hjá starfsmönnum sínum. thorgnyr@frettabladid.is, joli@frettabladid.is

## DEKKJAUPPBOÐ

Rúmlega 1750 dekk á uppboði.



Endar 3. október  
kl. 20:00

Sumar og vetrardekk

bilauppbod.is/auction/view/30455-dekkjalager



7 ára ábyrgð á öllum  
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Brandenburg 11-14

# Nýr Sportage er mættur



\*Fólkendur ábyrgðar eru gegnvegið á meðhöndlun og skiptingum af ásetu með um ábyrgðina á www.kia.com/abgtd.

## SPORTAGE



The Power to Surprise

### Snjallari, glæsilegri og umhverfismildari

Nýr Kia Sportage er nú fáanlegur með nýrri mild-hybrid vél sem er bæði kraftmikil og útsjónarsöm í eldsneytissparnaði. Þessi söluhæsti bíll Kia fæst bæði fram- og fjórhjóladrifinn, með 7 þrepa sjálfskiptingu og er búinn hátæknilausnum sem auka þægindi og öryggi í akstri. Snjallari og fagaðar uppfærslur í útliti vekja aðdáun, hvert sem nýr Sportage fer.

Komdu og reynsluaktu einum vinsælasta sportjeppa landsins með einstakri 7 ára ábyrgð.

Nýr Kia Sportage á verði frá:

## 4.490.777 kr.

Verð miðast við beinskiptan 2WD. Eygjör aðeins frá 5,77 l/100 km í blönduðum akstri skv. WLTP-mælingum.



ASKIA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsland

TÖLUR VIKUNNAR 23.09.09 TIL 29.09.09

**1,9 milljónir**

tæpar er árlegur meðalrekstrar-kostnaður hvers grunnskóla-nemanda samkvæmt greiningu Hagstofunnar. Rekstur grunnskóla er á forræði sveitarfélaga.

**574 milljónum**

króna án útboðs námu innkaup Reykjavíkurborgar á fyrstu sex mánuðum ársins.

**10 milljónir**

króna kostaði skýrsla Félagsvísindastofnunar HI um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins 2008 í umsjón Hannesar H. Gissurarsonar.

**1%**

landsmanna burstar aldrei tennurnar. Þetta kemur fram í niðurstöðum MMR um tannhíru landsmanna. Meirihluti landsmanna, eða 63 prósent, burstar tennurnar tvisvar á dag.

**800**

þúsund krónur rúmar kostuðu tveir meintir prufutimar nemanda við Ferðamálakóla Íslands. Skólalastjórinn sagði ekki hægt að prufa og var nemandinn dæmdur til að greiða skólanum full skólagjöld, 440 þúsund krónur, að frádregnu 50 þúsund króna skrásetningargjaldi, vegna leiðsögunáms. Málkostnaður nam 372 þúsund krónum.



## Brjú í fréttum Lexía, úttekt og vanþekking

### Jón Steinar Gunnlaugsson

hæstaréttardómari

fagnaði sýknu-dómi í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Sagði Jón Steinar dóminn lexíu fyrir dómstóla um að haga sér ekki eins og gert var með dómi Hæstaréttar 1980.



### Helga Jónsdóttir

lögfræðingur

settur forstjóri OR, sagði skýrt að Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar væri algjörlega óháð pólitískum fyrirmælum. Óháðir sérfræðingar myndu auk þess standa að úttekt á vinnustaðamenningu OR.



### Friðrik Ólafsson

stormeistari í skák

og þrjár aðrir heiðursborgarar Reykjavíkur skora á borgina og byggingaraðila að láta af áformum um byggingu hótels í Víkurgarði. Ljóst sé að skipulagið eigi sér rætur í vanþekkingu á sögu garðsins. Friðrik segir margar lögleysur hafa verið framdar í málinu.



## FRÉTTABLAÐIÐ

### Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þú á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

# Vestfirðingar gagnrýna ósvífna hagsmunabaráttu auðmanna

Afturköllun starfsleyfa Arctic Fish og Arnarlax kann að hafa neikvæð áhrif á atvinnuöryggi íbúa á Vestfirðum. Sveitarstjórnarmenn á svæðinu eru óskureiðir vegna úrskurða um afturköllun. Formaður atvinnuveganefndar vill skoða að fresta réttaráhrifum vegna úrskurðanna. Þingmaður kallar eftir lagabreytingu.

**FISKELDI** Vestfirðingar eru æfir yfir því að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (UUA) felldi úr gildi ákvörðun Matvælastofnunar (MAST) um að veita tveimur laxeldisfyrirtækjum á Vestfirðum rekstrarleyfi fyrir 17.500 tonna eldi í landsfjórðungnum. Teitur Björn Einarsson, sitjandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu, vill skoða það hvort hægt sé að breyta lögum til að auðvelda fyrirtækjum störf sín.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, formaður atvinnuveganefndar, telur eðlilegt að biða niðurstöðu Stjórnarráðsins áður en nefndin verður kölluð saman. Hún segir stöðuna alvarlega. „Mér finnst mikilvægt að réttaráhrifum úrskurðarins verði frestað svo svigrúm myndist til að vinna með viðkomandi stofnunum og hagsmunaaðilum sem hlut eiga að máli inni í stjórnsýslunni að ásættanlegri niðurstöðu. Ég treysti því að sú vinna sé í gangi,“ segir Lilja Rafney.

Í úrskurðum UUA kemur fram að ekki hafi verið sýnt fram á í mati á umhverfisáhrifum að annar mögulegur framkvæmdakostur hafi komið til greina. Þannig sé ágalli á matinu að enginn annar kostur hafi verið sýndur en sjókvíaldí í opnum kvíum. MAST hafi því ekki átt að veita rekstrarleyfi til Arctic Fish og Arnarlax byggt á þeim gögnum sem lágu fyrir.

Vestfjarðastofa auk sveitarfélaga á Vestfirðum sendi frá sér harðorða yfirlýsingu vegna málsins. „Úrskurður UUA er áföllisdómur yfir Alþingi, ríkisstjórn og eftirlitsstofnunum og ljóst er að með skorti á stefnu, aðgerðarleysi og mistökum hafa yfirvöld haft gafalvarleg áhrif á



Tvö laxeldifyrirtæki urðu fyrir áfalli á fimmtudag með ákvörðun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Þetta er hrikalegt mál og hreint óskiljanleg stjórnsýsla. [...] Við slíka stjórnsýslu verður ekki unað og eðlilegt að spurt sé í framhaldinu hvaða lögum ber þá að breyta til að koma okkur upp úr þessu kviksyndi.

Teitur Björn Einarsson, Sjálfstæðisflokkur



atvinnuuppbyggingu og starfsöryggi fjölda manns,“ segir í tilkynningu frá sveitarfélögunum. „Úrskurðurinn vekur jafnframt upp spurningar um stöðu annarra atvinnugreina og nýtingu náttúrunnar, hvort sem er til fiskeldis, ferðaþjónustu eða landbúnaðar, gagnvart jafn fordæmalausri og ósvífinni hagsmunabaráttu fámennra hópa auðmanna.“

Kristian Matthíasson, forstjóri Arnarlax, gat ekki sagt til um það hvort úrskurðurinn fæli í sér að segja þyrfti upp fólk. „Við munum hins vegar þurfa að nýta helgina vel í að fara yfir þetta mál.“

Laxeldi býr til um 600 ársverk á Íslandi, bæði beint og óbeint. Laxeldi hefur skapað fjölda starfa á

Vestfirðum og er einn burðarása atvinnulífs á svæðinu.

Einar K. Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva, segir úrskurðinn hafa komið sér á óvart. „Okkar vinna hafði farið eftir lögformlegum leiðum og þar var brugðist við öllum þeim spurningum sem bárust. Á grundvelli þess var samþykkt umhverfisimat og í framhaldi af því gefið út rekstrar- og starfsleyfi. Þannig að þetta kemur okkur mjög á óvart. Barna er verið að benda á ákveðinn formgalla á málmeðferðinni. Hvað þetta þýðir er ekki gott að segja og við erum að fara yfir það og meta hvaða áhrif þessir úrskurðir hafa,“ segir Einar.

svinn@frettabladid.is

jeep.is

MÁN ÞRI MIÐ FIM FÖS LAU SUN

## JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK

JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

**VERÐ FRÁ 9.990.000 KR. 33" BREYTTUR VERÐ FRÁ 10.590.000 KR.**

DÍSEL 3.0L 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF, DRIFLÆSING AÐ AFTAN.

STADALBÚNAÐUR MA: LOFTPÚÐAFJÓÐRUN, HITI OG KÆLING Í SÆTUM, HITI Í STYRI, RAFDRIFINN AFTURHLERI, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI O.M.F.L., AUKAHLUTIR Á MYND DRÁTTARKRÓKAR AÐ FRAMAN.

UMBODSADILI JEER. Á ÍSLANDI • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE



# LJÓSAÐÖGUM

## LÝKUR Á SUNNUDAG

**30-50%**  
AF ÖLLUM LJÓSUM  
**30% AF PERUM OG KERTUM**



**VITA**  
COPENHAGEN

VITA CONIA skermur + borðfótur

**NÚ 14.995**

Hvítur eða kopar skermur.

Ø30 x H36 cm. 11.995 kr.

Borðfótur 9.995 kr.

Heildarverð áður 21.990 kr.

Ljosið notar peru í orkuflokki A++-E

©ILVA skilur sér rétt að leiðtaka augljósar villur.

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 [www.ilva.is](http://www.ilva.is)  
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgiró  
VALITOR



FACEBOOK.COM/ILVAISLAND



INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND



+PLÚS



Gjaldskýlið verður héðan í frá ómannað og ókeypis að fara um göngin góðu. MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Getum loksins hætt að borga

Tuttugu árum eftir opnun Hvalfjarðarganganna hefur gjaldtöku nú loks verið hætt. Gjaldfrjáls göng hafa vírst fjarlægur draumur daglegra notenda um langa hríð, mörg kosningaloforð um gjaldfrjáls göng hafa verið gefin en ekki efnd, en í gær greiddi samgönguráðherra fyrir síðustu ferðina, í bili að minnsta kosti. Óljóst er hversu lengi þetta ástand mun vara.



Þórunn Kjartansdóttir telur gaumgæfilega síðustu peningaseðlana sem tekið var við í Hvalfjarðargöngunum. Þórunn er reynslumikil í faginu og byrjaði að vinna fyrir Spól fljótlega eftir að göngin voru opnuð fyrir rúmlega tuttugu árum.



Á bak við tjöldin. Síðastliðin tuttugu ár hafa ferðir í tuga milljóna tali verið farnar um göngin og greitt framkvæmdina upp. Ríkið fær svo göngin afhent.



Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Gísli Gíslason, stjórnarformaður Spalar ehf., heilsa upp á starfsfólk gjaldskýlisins.

BAK  
ARÍ  
ID

# Meira steinbakað

Steinbakað eftir aldargamalli  
franskri hefð, deigið er látið  
hefast í 24 tíma fyrir bakstur



Fumagalli  
parmaskinka

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

899 kr/pk



Ítalía pestó

Toppaðu súrdeigsbrauðið  
með gómsætu pestói

439 kr/stk

24

Opið allan sólarhringinn  
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira  
svona  
alla daga



# Sanngjarnar bætur yrðu býsna háar

Verjendur segja að sýkna ætti Erlu, Kristján og Sævar af röngum sakargiftum. Bæturnar þurfi að vera háar til að teljast sanngjarnar. Ríkisstjórnin hefur beðið þolendur málsins afsökunar.

**DOMSMÁL.** „Þetta er virðingartvist og í raun ekki hægt að ætlast til meira af henni á þessu stigi.“ segir Oddgeir Einarsson, verjandi Sævars Ciesielski, um yfirlýsingu forsætisráðherra í kjölfar sýknudóms Hæstaréttar í vikunni.

Í yfirlýsingunni segir Katrín að málið hafi verið rætt á fundi ríkisstjórnar og að ríkisstjórnin fagni niðurstöðunni. Hún beinir svo orðum sínum til fyrrverandi sakborninga, aðstandenda þeirra og annarra sem átt hafa um sárt að binda vegna málsins. „Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar bið ég ykkur afsökunar á því ranglæti sem þið hafið mátt þola.“ Undir yfirlýsingu skrifað Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Í fréttatilkynningu kemur einnig fram að starfshópur verði skipaður til að leiða vandræður og sattaumleit-anir við aðila málsins og aðstandendur þeirra vegna þess miska og tjóns sem þau hafa orðið fyrir.

„Mér finnst þetta réttilega að gert og að staðið og vona að það komi

eitthvað gott út úr því fyrir fólkið.“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson, verjandi Kristjáns Viðars Júlíussonar.

Hann segir verjendur ekkert hafa rætt saman um framhaldið enda störfum þeirra formlega lokið við uppkvaðningu dóms.

„Ég vona að það verði staðið verkefna að því að reyna að tryggja það að þeir sem þarna eiga hlut að máli fái þær bætur sem geti talist sanngjarnar í stöðunni. Og þær þurfa að vera býsna háar til að geta talist það.“ segir Jón Steinar og bætir við: „Minn maður hefur til dæmis verið með lífið undir í þessu máli og þótt enginn geti sagt til um hvernig líf hans hefði orðið ef til þessa máls hefði ekki komið, er alveg ljóst að málið hefur orðið alveg gríðarlegur áhrifaþáttur á hann og á allt hans líf.“

Kristján Viðar og Sævar voru ásamt Erlu Bolladóttur sakfelldir fyrir rangar sakargiftir með dómnum 1980 og var sýnað um endurupptöku þess þáttar málsins með úrskurðum endurupptökunefndar í fyrra.

„Mér finnst fyllsta ástæða til að endurupptaka þann þátt líka, enda tel ég tel alveg sams konar anmarka á þessum röngu sakargiftum eins og var á öðrum skýrslum þessa fólks hjá lögreglunni.“ Oddgeir tekur undir með Jóni Steinari og telur marga vera þeirrar skoðunar að leita eigi eftir því að fá sýknu á þessum bætti. Hann nefnir einnig í þessu sambandi að aðrar leiðir kunni að vera færar en sú að höfða mál til ógildingar á

## Afsökunarbeiðni ríkisstjórnarinnar

Ríkisstjórnin fagnar málalýktum í einu umdeildasta sakamáli Íslandssögunnar.

Ég beini orðum mínum til fyrrum sakborninga, aðstandenda þeirra og annarra sem átt hafa um sárt að binda vegna málsins.

Fyrir hönd ríkisstjórnarinnar bið ég ykkur afsökunar á því ranglæti sem þið hafið mátt þola.

Reykjavík, 28. september 2018  
Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra



Gunnar V. Andr-  
ésson tók þessa  
mynd af Sævari  
tveimur árum  
áður en hann  
lést árið 2011.

FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

ákvörðun endurupptökunefndar eins og Erla hefur nefnt. „Það mætti skoða hvort unnt er að sækja aftur um endurupptöku á þeim grundvelli að það sé komið nýtt gagn.“ segir Oddgeir og visar til hins nýja dóms sem féll í vikunni. Hann bendir þó

á að störfum verjenda hafi formlega lokið þegar dómur var upp kveðinn. Framhaldið hafi ekki verið rætt enn og sjálfur hafi hann ekki náð tali af öllum aðstandendum Sævars eftir að dómur féll. Dagurinn hafi verið stór og einhverjir enn að jafna sig.

Jón Steinar setur einnig þann fyr-  
irvara að starfi hans fyrir Kristján sé formlega lokið og þeir hafi ekki rætt framhaldið. „Ég veit ekkert hvað Kristjáni finnst í þessu efni. Hann segir mér það sjálfsagt áður en yfir lýkur.“ adalheidur@frettabladid.is

jeep.is

MÁN ÞRI MID FIM FÖS LAU SUN

Jeep Compass Limited

**JEEP. 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.**  
**VERÐ FRÁ 5.490.000 KR. ÖRFÁIR SÝNINGARBÍLAR MEÐ 500.000 KR. AFSLÆTTI.**

Þrjár vélarstærðir eru í boði. Öflugar en sparneytnar 2.0 lítra dísel 140 hö. eða 170 hö. og 170 hö. bensínvél. Allar vélar eru með 9 girja sjálfskiptingu. Hin goðsagnakennda torfærugeta Jeep, endurspeglast hér í frábærum aksturseiginleikum jafnt á vegum sem vegleysmu og gera Jeep, Compass einstakan í sínum flokki. Því má með sanni segja að Jeep, Compass feti í hjólför "stóra bróður" síns, Jeep, Grand Cherokee.

**EINI JEPPIÐ Í ÞESSUM STÆRÐARFLOKKI SEM BYÐUR UPP Á LÁGT DRIF.**

Jeep, Compass er útbúinn með alvöru fjórhjóladrifi: Jeep, Active Drive, sem gerir öðrum kleift að velja um fjórar drifstillingar sem taka mið af akstursundirlagi hverju sinni, Auto, Snow, Sand og Mud ásamt því að læsa milli fram- og afturdrifs í Limited og til viðbótar í Trailhawk er fimmta stillingin Rock ásamt lágu drifi. Háþrúð tækni og samspil innngjafar, skiptingar, spólvarnar og stöðuleikastýringar bjóða upp á öflugasta fjórhjóladrifið í þessum flokki jeppa.

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433  
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**Jeep**  
THERE'S ONLY ONE

# Nýr Hyundai Tucson.



ENNEHM/SIA / NMB9649

## Helstu nýjungar í nýjum Tucson.

Meðal helstu nýjunga í Hyundai Tucson eru nýjar sparneytnari og umhverfisvænni vélar og SmartSense öryggisbúnaðarkerfi sem inniheldur meðal annars skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun. Innréttingin hefur verið endurhönnuð og ný LED aðalljós setja fallegan svip á nýjan Tucson.

Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 5.290.000 kr.



Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina viðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)  
OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

# FBI rannsakar mál Bretts Kavanaugh

Tilnefning Bretts Kavanaugh í hæstarétt samþykkt í öldungadeildinni þrátt fyrir ásakanir um kynferðisbrot. Repúblíkani skilyrði þó atkvæði sitt. Krefst rannsóknar alríkislögreglu. Óljóst hvort Kavanaugh njóti stuðnings meirihluta þingmanna í öldungadeildinni.

**BANDARÍKIN** Dómsmálanefnd öldungadeildar bandaríska þingsins greiddi í gær atkvæði með því að senda tilnefningu Bretts Kavanaugh til hæstaréttar áfram til öldungadeildarinnar. Þingmennirnir 21 sem skipa nefndina greiddu atkvæði eftir flokkslinum. Allir Demókratarnir tíu greiddu því atkvæði gegn Kavanaugh á meðan Républíkanarnir ellefu greiddu atkvæði með.

Töluverð óvissa hefur ríkt um atkvæði Jeffs Flake, Républíkana frá Arizona, undanfarna daga. Í gærmorgun gaf hann hins vegar út að hann myndi styðja tilnefninguna. Í yfirlýsingu sinni sagði hann að jafnvel eftir að Kavanaugh og sálfræðiprófessorinn Christine Blasey Ford, sem sakar Ford um að hafa beitt sig kynferðisofbeldi í júlí 1982, komu fyrir nefndina á fimmtudag hefði hann enn verið fullur efa um hvað hefði átt sér stað. Hann tryði hins vegar á það grundvallarprinsipp að menn væru álítnir saklausir uns sakfelldir.

Eftir umræður þingmanna var gert hlé á fundi. Mótmælendur kröðuðu Flake af í lyftu, sögðu honum frá kynferðisbrotum gegn sér og skoruðu á hann að segja nei. Stuttu áður



Jeff Flake ræðir við Chuck Grassley formann á meðan Orrin Hatch skoðar eitthvað í síma sínum. NORDICPHOTOS/AFP



## Linur óskýrar

Óljóst er hvort Kavanaugh njóti stuðnings meirihluta þingmanna í öldungadeildinni. Républíkanar hafa 51 sæti en 49 tilheyra þingflokki Demókrata. Meirihluta þarf til að samþykkja tilnefningu hans og ef atkvæðin skiptast jafnt hefur Mike Pence varaforseti oddaatkvæði. Nær útilokað er að hann myndi greiða atkvæði gegn Kavanaugh. Því er ljóst að Républíkanar mega við því að einn þeirra greiði atkvæði gegn Kavanaugh en ekki tveir, nema einhver Demókrati greiði atkvæði með Kavanaugh í staðinn.

Repúblíkanarnir Jeff Flake frá Arizona, Susan Collins frá Maine og Lisa Murkowski frá Alaska eru stærstu spurningarmarkin þeim megin. Með stuðningi sínum við að fresta atkvæðagreiðslu þýkir ljóst að Flake og Murkowski eru enn óviss um hvort þau styðji tilnefninguna.

Demókratarnir Joe Manchin frá Vestur-Virginíu og Heidi Heitkamp frá Norður-Dakóta gætu einnig ráðið úrslitum. Þau sitja á þingi fyrir ríki sem kjósa almennt Républíkana. Kosid er um sæti þeirra beggja í nóvember og því gætu mótframbjóðendur notfært sér mögulegt nei-atkvæði gegn þeim. Mótframbjóðandi Heitkamp mælist nú með meiri stuðning en hún en Manchin er í öllu þægilegri stöðu.

## Samfélagsstyrkir Landsbankans

Landsbankinn veitir 15 milljónir króna í samfélagsstyrki árið 2018. Umsóknarfrestur er til og með miðvikudeginum 3. október næstkomandi.

### Verkefni sem einkum koma til greina:

- » Verkefni á vegum mannúðarsamtaka og góðgerðarfélaganna
- » Verkefni á sviði menningar og lista
- » Menntamál, rannsóknir og vísindi
- » Forvama- og æskulýðsstarf
- » Sértek útgáfustarfsemi

### Veittir eru styrkir í þremur þrepum:

- » 1.000.000 kr.
- » 500.000 kr.
- » 250.000 kr.

Umsóknarfrestur vegna samfélagsstyrkja er til og með miðvikudeginum **3. október 2018**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Samfélagsgjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Meðal styrkveitinga úr sjóðnum eru námsstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000



en nefndin kom saman sást Flake einnig funda með Demókrótum. Óvissa var því aftur komin upp um hvað Flake myndi gera.

Þegar þingmenn voru kallaðir aftur inn á fundinn tók Flake til máls áður en gengið var til atkvæðagreiðslu. Hann sagði frá því að eftir fundi með Demókrótum hefði hann komist að þeirri niðurstöðu að hann myndi samt sem áður greiða atkvæði með því að senda tilnefninguna áfram til öldungadeildarinnar í heild. Hann setti þó það skilyrði að öldungadeildin myndi fresta því að taka málið fyrir um vikunni svo alríkislögreglan gæti rannsakað ásakanirnar gegn Kavanaugh.

Eftir atkvæðagreiðsluna sleit Chuck Grassley, Républíkani og nefndarformaður, fundi fyrirvaralaust og vísaði í hina svokölluðu tveggja klukkustunda reglu. Sú regla gengur út á að nefndir megi ekki funda lengur en til klukkan tvö eða eftir að þingfundur hefur verið í gangi í tvær klukkustundir. Ringulreið skapaðist enda náði Flake ekki að leggja fram formlega bókun. Grassley heyrðist segja við Dianne Feinstein, æðsta Demókrata nefndarinnar, að um heidursmannasamkomulag væri að ræða.

Í ljósi þess að Flake og Lisa Murkowski frá Alaska myndu ekki styðja Kavanaugh án rannsókna tilkynntu Républíkanar um það í gærkvöldi að málið yrði sent áfram til forseta. Trump fyrirskipaði svo rannsóknina og sagði Kavanaugh að hann myndi svara öllum spurningum FBI og ætlar hann að vera samvinnufús.

Í umræðum nefndarinnar áður en gengið var til atkvæðagreiðslu og á fimmtudag var alríkislögreglurannsókn helsta umræðuefni Demókrata. Krafa þeirra felst í því að bakgrunnsrannsókn á Kavanaugh verði opnuð á ný til þess að skoða megi ásakanirnar gegn dómáranum.

Bandarískt samfélag hefur verið heltekið af máli Kavanaugh frá því greint var frá ásökunum Ford fyrir tæpum tveimur vikum. Síðan þá hafa tvær konur til viðbótar stigið fram undir nafni. Deborah Ramirez sakaði Kavanaugh um að hafa slegið sig með getnaðarlin sínum og Julie Swetnick sakaði Kavanaugh um að hafa tekið þátt í og skipulagt byrjun og hópnauðgun á henni auk annarra kvenna. Kavanaugh hefur neitad öllum þessum ásökunum og sagt ásökun Swetnick fjarstæðukennda. Hann hafi aldrei hitt konuna.

### ▮ Afstaða þingmanna

Já  
48  
Óákveðin  
5  
Nei  
47

Á meðan á vitnisburði Ford stóð sögðu fjölmargar bandarískar konur frá því þegar þær lentu í kynferðisofbeldi. Sjá mátti slíkar sögur á samfélagsmiðlum en auk þess hringdu fjölmargar í þingfréttastöðina C-SPAN. Mál Kavanaugh er trúlega eitt stærsta málið sem hefur komið fram þar í landi eftir #MeToo-byllinguna.

Bæði Swetnick og Ford segja Mark Judge, þáverandi vin Kavanaugh, hafa tekið þátt í meintu broti. Sá lýsti því yfir í bréfi til nefndarinnar í gær að hann myndi svara spurningum alríkislögreglunnar. Hann lýsti sig jafnframt saklausan af ásökunum Swetnick í bréfinu en áður hafði hann sagst saklaus af ásökunum Ford í fyrra bréfi til nefndarinnar. [thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

# NÝR OUTLANDER PHEV



**FRUMSÝNING** LAUGARDAGINN  
29. SEPTEMBER MILLI KLUKKAN  
12 og 16.

**OUTLANDER  
PHEV**



Vinsælasti bíllinn á Íslandi hefur nú fengið skarpara útlit, meiri íburð, lengri drægni, meira afl, aukð akstursöryggi og margt fleira.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



# Stundum á starfsfólk að forða sér burt

Ráðgjafinn Alexander Kjerulf er staddur hér á landi og leiðbeinir íslenskum stjórnendum um það hvernig þeir geta stuðlað að meiri hamingju á vinnustaðnum. „Hamingjusamir starfskraftar eru skapandi, ná meiri árangri en aðrir starfsmenn og eru sjaldnar frá vinnu.“

**ATVINNULIF** Alexander Kjerulf er danskur ráðgjafi og eigandi fyrirtækisins Woohoo inc. sem sérhæfir sig í að aðstoða fyrirtæki og stjórnendur í því að auka hamingju starfsfólks á vinnustað. Á meðal viðskiptavina eru Microsoft, LEGO og IKEA.

Hann hélt erindi á ráðstefnunni Bylting í stjórnun sem haldin var í samstarfi við Viðskiptaráð Íslands um nútíma stjórnunaraðferðir á fimmtudag og lagði sérstaka áherslu á það hvernig stjórnendur geta eftir starfsfólk og aukni hamingju þess. „Ég vek alltaf athygli á því hvert sem ég fer að ánægja starfsmanna hefur þeim áhrif á afkomu fyrirtækja. Stjórnendur eru oftast móttækilegir fyrir því að þeim er nauðsynlegt að stuðla að hamingju starfsmanna sinna. En stundum ekki. Í verstu tilfellunum ráðlegg ég fyrirtækjum að reka stjórnendur sem hafa ekki áhuga á því að bæta líðan starfsmanna sinna,“ segir Alexander.

*Hvernig metur þú stöðuna á Íslandi?*

„Atvinnuleysi er lítið hér á landi

og því eiga fyrirtæki í samkeppni um hæfasta starfsfólkið. Stjórnendur eru því tilneyddir til þess að stuðla að hamingju starfsmanna sinna. Starfsfólk sem er ekki hamingjusamt getur hreinlega farið og fundið sér aðra vinnu. Íslendingar þurfa að auka framleiðni og ná þetta samkeppnisforski. Ótal rannsóknir sýna skýrt að hamingjusamir starfsmenn skila betra verki. Þeir eru framleiðnari og meira skapandi. Þeir veita betri þjónustu og viðskiptavinir eru þar af leiðandi ánægðari. Það má segja það að hjá þjónustufyrirtækjum sé það sérstaklega mikilvægt að auka hamingju starfsmanna. Nú er ferðaþjónustan í miklum og örur vexti, stjórnendum fyrirtækja í þeim geira er hollt að huga að þessu.

Hér á landi hefur orðið þörf umræða um kulnun í starfi sem færast í vöxt á Íslandi. Áhersla á hamingju á vinnustað verndar gegn streitu og kulnun í starfi. Fólk brennur síður út þegar það starfar á vinnustað þar sem það finnur fyrir því að það er metið að verðleikum,



Alexander Kjerulf ráðlagði íslenskum stjórnendum um hamingju og gleði á vinnustað í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Félags- og faggreinafundir

Félags iðn- og tæknigreina í október.

### Reykjanesbær:

Mánudaginn 1. október kl. 19:00 í Krossmóa 4. Boðið verður uppá súpu og brauð á fundinum.

### Reykjavík:

Þriðjudaginn 2. október kl. 20:00 í Borgartúni 30, 6. hæð.

### Selfoss:

Miðvikudaginn 3. október kl. 19:00 í sal FIT að Austurvegi 56, 3. hæð. Boðið verður uppá súpu og brauð á fundinum.

### Akranes:

Fimmtudaginn 4. október kl. 20:00 í Jónsbúð að Akursbraut 13.

### Vestmannaeyjar:

Föstudaginn 5. október kl. 12:00 í Kaffi Kró. Boðið verður uppá súpu og brauð á fundinum.

### Dagskrá fundanna verður:

1. Undirbúningur kjarasamninga
2. Lífeyrissjóðsmál
3. Önnur mál



FÉLAGS IÐN- OG TÆKNIGREINA



ad því sé sýndur áhugi og vinsemi,“ segir Alexander.

Hann segist velja því fyrir sér hvers vegna kulnun í starfi færast í aukana. „Ég hugsa að áhrifa efnahagshrunsins hér á landi gæti enn. Fólk er í viðbragðsstöðu og leggur mikið á sig. Það er einnig spennan í atvinnulífnum, fólk vinnur mikið og langan vinnutíma. Kannski er þetta í þjóðarsálinni að vinna eigi að vera erfið. Þessu viðhorfi til vinnu ætti fólk að breyta. Árangur verður ekki meiri með því að slíta sér út og vinna langan vinnudag. Hann verður meiri með innihaldsríkari og gleðilegri vinnudegi.“

*Hver eru lykilorðin? Hvernig geta stjórnendur gert starfsmenn stina hamingjusamari?*

„Margir stjórnenda halda að þetta snúist um laun, bónusa og fríðindi. En þegar horft er til niðurstaðna rannsókna um hamingju á vinnustaðnum þá leiðir ekkert slíkt til meiri hamingju. Það gerir hins vegar árangur í vinnu og innihaldsrík sambönd á vinnustað. Þegar þú skilar góðu starfi, ert metinn að verðleikum og hefur að auki þá tilfinningu að þú hafir tilgang,“ segir Alexander.

*Er öllum stjórnendum fært að auka við hamingju annarra?*

„Nei. Það þarf ákveðna eiginleika og greind til þess að gera það. Góðir stjórnendur þurfa að vera góðar manneskjur. Í sumum löndum hefur menning áhrif á stjórnunarhætti. Í

**Efað það er útlið tekni á vandanum þá ráðlegg ég fólk að koma sér í burtu. Forða sér hið snarasta. Fara. Skipta um vinnustað eða láta færa sig um deild ef það er hægt. Það getur haft mjög slæmar afleiðingar fyrir heilsuna að búa við slæma stjórnunarhætti. Það getur leitt til hjartasjúkdóma og jafnvel krabbameins.**

norrænum löndum með jákvæðum hætti. Ég ráðlegg fyrirtækjum að losa sig við stjórnendur sem sýna líðan starfsfólks síns litinn áhuga. Sumir stjórnendur sem hafa átt í slæmum samskiptum geta vel lært nýja hætti. Og það hefur oft gengið vel. En fáeinir vilja ekki leggja þetta á sig, finnst þetta húmbúkk. Þeir hafa ekki það sem til þarf.“

*Hverjir eru eiginleikar slæms stjórnanda, sem dregur úr hamingju á vinnustað?*

„Þeim stendur á sama um fólk og sjá fólk sem tæki til að ná markmiðum sínum. En lítið annað. Þeir hafa ekki áhuga á því hvernig fólk líður og stuðla með slæmum sam-

skiptum að streitu og vanlíðan á vinnustaðnum.“

*Ög hvað ráðleggur þú starfsfólki sem býr við slíkt atlétti?*

„Ef það er útlið fyrir að ekki verði tekni á vandanum þá ráðlegg ég fólk að koma sér í burtu. Forða sér hið snarasta. Fara. Skipta um vinnustað eða láta færa sig um deild ef það er hægt. Það getur haft mjög slæmar afleiðingar fyrir heilsuna að búa við slæma stjórnunarhætti. Það getur leitt til hjartasjúkdóma og jafnvel krabbameins,“ heldur Alexander fram.

*Getur þú gefið stjórnendum nokkur góð ráð?*

„Já, það eru nokkur mjög einföld en góð ráð sem má reyna. Stundum þarf að byrja alveg frá grunni og kenna stjórnendum að bjóða góðan daginn. Sumir storma beint inn, setjast við tölvuna án þess að heilsa. Það má byrja á því að bjóða starfsfólki sínu góðan daginn.“

Það er mikilvægt að sýna virðingu, horfast í augu við fólk, sýna vinsemi. Það er líka mikilvægt að fagna þegar við á. Til dæmis þegar einhverju markmiði er náð. Þá er til efni til þess að bjóða upp á veitingar og tala við starfsfólkið um hvers vegna það er fagnað og framlag þess. Sumir stjórnendur halda sífellt áfram að næsta markmiði og staldra aldrei við. Það getur stuðlað að því að fólk finnur ekki fyrir tilgangi,“ segir Alexander.

kristjanbjorg@frettabladid.is



Sheer  
Driving Pleasure



# SPENNANDI BMW X1 xLINE.

**BMW 20i sDrive, 192 hestöfl. Verð: 5.890.000 kr.**

**BMW 18d xDrive, 150 hestöfl. Verð: 6.495.000 kr.**

**Staðalbúnaður:** Stöðugleikastýring / DSC (Dynamic Stability Control), yfirstýringarvörn / CBC (Cornering Break Control), hemlælæsivörn / ABS, spólvörn / DTC (Dynamic Traction Control), aksturstölva, hituð framsæti, 100w hljómkerni, AUX/USB tengi, Bluetooth fyrir síma og tónlist, fjarstýrðar samlæsingar, 17" álfelgur, þokuljós í framstuðara, Servotronic léttstýri, armpúði milli framsæta, leðurklætt aðgerðastýri, hraðastillir, loftkæling, 6,5" litaskjár, aftursæti 40/20/40 skipting, BMW mottur, hlíðararékkstravörn í hurðum, 6 öryggisloftpúðar, nálgunarvari að aftan, lykillaus gangsetning, leatherette sætisáklæði.

**Aukabúnaður:** xLine pakki, 18" álfelgur, xLine stuðarar, silsalistar, LED aðalljós, bakkmyndavél, skyggðar afturrúður, LED inniljósapakki, aðfellanlegir útispeglar með minni, þakbogar, málmklakk.

OPIÐ DAG FRÁ 12-16

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# SEPTEMBER TILBOÐ BRIMBORGAR LOKADAGAR

Tryggðu þér bíl á septembertilboði Brimborgar. Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla, frábært verð og framúrskarandi þjónustu.  
– við eigum rétta bílinn fyrir þig!

GEGGJUÐ  
TILBOÐ!

GLÆSILEGIR  
NÝIR BÍLAR!

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### PEUGEOT 208 ACTIVE

1,2 bensín, 82 hö, beinskiptur

Verðlistaverð með nálægðarskynjara aftan: 2.240.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.990.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 250.000 KR.**

**-250.000 kr.**  
+ Vetrardekk



### MAZDA3 VISION

2,0 bensín, 120 hö, beinskiptur

Verðlistaverð með málmlit: 3.260.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 2.960.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**

**-300.000 kr.**  
+ Vetrardekk



### VOLVO V40 CROSS COUNTRY

D2 Momentum, 120 hö, sjálfskiptur

Aukabúnaður innifalinn:

Málmlitur, hljómtæki Sensus Connect, nálægðarskynjari aftan og bakkmyndavél

Verð áður: 4.679.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 4.090.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 589.000 KR.**



**-589.000 kr.**  
+ Vetrardekk



**LOKADAGAR**

## CITROËN C4 CACTUS FEEL

1,2 bensín, 110 hö, beinskiptur

Verðlistaverð: 2.890.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 2.590.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 300.000 KR.**

**-300.000 kr.**  
+ Vetrardekk



Tryggðu þér Citroën C4 Cactus á frábæru septembertilboði Brimborgar!

# ALLT Á EINUM STAÐ

## CITROËN C3 FEEL

1,2 bensín, 82 hö, beinskiptur

Verð með málmliit: 2.305.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.985.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 320.000 KR.**

**-320.000 kr.**  
+ Vetrardekk



## FORD KA+ ULTIMATE SPORT

1.2i bensín, 85 hö, 5 dyra og 5 gíra

Aukabúnaður í tilboðsbílum: Málmliit

Verð með aukabúnaði: 1.955.000 kr.

**SEPTEMBERTILBOÐ: 1.790.000 KR.**

**AFSLÁTTUR: 165.000 KR.**

**TAKMARKAÐ MAGN!**

**-165.000 kr.**  
+ Vetrardekk



**ÚRVAL! ÚRVAL!  
ÚRVAL! ÚRVAL!**

**Kauptu bíl í dag á frábæru verði á  
septembertilboði Brimborgar!**

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ

FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5

[brimborg.is](http://brimborg.is)

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á





Google fagnar nú tutttugu ára afmæli sínu. Frá því leitarvélina fór í loftið hafa upplýsingar færst nær almenningi. Ýmsir hafa reynt að keppa við Google en öllum hefur mistekist. NORDICPHOTOS/GETTY

# Margt breyttist með tilkomu Google

Google er tutttugu ára. Margt breyst frá því leitarvélina fór í loftið. Fréttablaðið ræddi við fræðimann, kennara og blaðamann til að fá mynd af því hvernig Google hefur breytt greinum þeirra. Þau kveðast öll sammála um það að breytingarnar hafi verið afar miklar.

Þórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



**TÆKNI** Google er alls staðar. Vilji maður vita eitthvað slær maður oft en ekki spurningu inn í Google. „Hvað heitir aftur leikarinn í myndinni þarna? Hvað hét þarna sænska lagið sem var alltaf á Bylgjunni? Biddu, hvað er Buffon eiginlega orðinn gamall?“ eru spurningar sem gæti hafa verið erfitt að fá svar við á stundinni fyrir Google en er þeim mun auðveldara nú.

Nú í september eru tutttugu ár liðin frá því að Google kom á markað. Fyrir það höfðu Stanford-studentarnir Larry Page og Sergey Brin unnið saman að leitaralgrimi. Úr varð leitarvél sem þeir kölluðu í upphafi BackRub.

Eftir útgáfu leitarvélanna hélt notendahópurinn sífellt áfram að stækka og fyrirtækið sömuleiðis. Google flutti itrekað í nýjar og stærri skrifstofur og unnið var að nýjum verkefnum eða fest kaup á spennandi sprotafyrirtækjum. Google News fór í loftið 2002, Gmail 2004, Google Maps 2005, Google Chrome 2008 og hinn litl þekkti samfélagsmiðill Google+ árið 2011 svo fátt eitt sé nefnt. Þá er einnig vert að nefna kaup Google á YouTube árið 2006. Og líkt og Fréttablaðið fjallaði um í gær gaf Google, sem hefur tilheyrt móðurfyrirtækinu Alphabet undanfarnin ár, einnig út stýrikerfið Android sem er nú það stærsta í heimi.

Ýmsir hafa reynt að keppa við Google. Þegar leitarvélina fór í loftið

## Google ýmist gullnáma eða vitleysa

Guðlaug Guðmundsdóttir, íslenskukennari við Menntaskólann við Hamrahlíð, segir engum blöðum um það að fletta að leitarvélum eins og Google hafi gjörbreytt umhverfi skólafólks, bæði nemenda og kennara. „Þær einfölduðu alla upplýsingaleit sem var ótvíræður kostur. Hjá kennarastéttinni voru leitarvélarnar skemmtileg nýjung og viðbót við hin ýmsu uppflettrit sem kennarar notuðu lengi vel samtímis. Nú hefur sjálfsgat dregið úr því. Kennarar eins og aðrir kunna að meta þann hraða sem leitarvélina býður upp á.“

Að sögn Guðlaugar hafa nemendur alltaf verið fljótir að tileinka sér tæknina. Google hafi verið stór þáttur í námi allt frá því að leitarvélina ytti öðrum sambærilegum til hliðar. Hins vegar segir hún að góðir nemendur viti að leitarvélur séu ekki óbrigðular upplýsingaveitur. Þeir læri að nota aðrar heimildir líka.

„Áhrif leitarvéla í skólasterfi hafa bæði verið til góðs og ills. Þær



Guðlaug Guðmundsdóttir framhaldsskólakennari.

bjóða upp á mikið magn upplýsinga í formi texta og mynda, sem geta verið hreinar gullnámur fyrir nemendur á öllum skólastigum. En þær bjóða líka upp á bannsetta vitleysu og oft er ómögulegt að greina þar á milli. Einkum fyrir öreynnda og auðtrúa,“ segir Guðlaug.

Hún bætir því við að tíminn sem fari í upplýsingaleit hafi styst en það sé oft á kostnað yfirlegu og yfirvegunar. „Nú er orðið mjög brynt að kenna að greina og meta upplýsingar sem flæða frá Google. Stundum er gott að geta unnið hratt en að grúka í mörgum ólíkum heimildum og ígrunda þær verður vonandi aldrei úrelt.“

voru fyrir á markaði Yahoo Search, Ask og Altavista. Enga þeirra leitarvéla notar fólk almennt í dag og fór Altavista reyndar á hausinn fyrir hálfum áratugi.

Og samkeppnisaðilar í nútímanum hafa nú enga svakalega markaðshlutdeild. Samkvæmt GlobalStats hefur Google nú 91 prósent markaðshlutdeild. Bing, leitarvél Microsoft, hefur 3 prósent og Yahoo 2,5 prósent. Kinverska leitarvélina Baidu hefur svo rímt eitt prósent og hin rússneska Yandex um hálf.

Erfitt er að sjá fyrir sér meiriháttar áföll fyrir leitarvélina í framtíðinni. Google hyggur nú á sökn í Kína og er að þróa áfar umdeilda, ritskoðaða leitarvél í samstarfi við kínversk yfirvöld. Því munu Kinverjar loks fá löglegan aðgang að Google, þó takmarkaðan.

## Ótrúleg upplýsingabylting

„Fyrir leitarvélarnar, Google og fleiri, þurfti að treysta miklu meira á að fletta upp í bókum, nota efnisyfirlit og einstök efnisorð til að finna efni.

## Heimurinn varð smærri en áður

Guðrún Hálfðánardóttir hefur unnið við blaðamennsku í áratugi. Frá árinu 1996 hefur hún starfað sem blaðamaður og fréttastjóri á Morgunblaðinu og mbl.is. Að sögn Guðrúnar breyttist margt með tilkomu leitarvéla þar sem heimurinn varð allt í einu smærri en áður.

„Þegar ég var að byrja í blaðamennsku fyrir rúmum 22 árum höfðum við ekki aðgang að netinu á ritstjórninni og ég man vel eftir því þegar við höfum undirbúning að stofnun mbl.is haustið 1997 hversu stórklegt það var að hafa aðgang að netinu,“ segir Guðrún og bætir því við að það hafi alls ekki verið sjálfgefið á sínum tíma. Að mati

Guðrúnar voru breytingarnar sem Google hafði í för með sér tvímælaust til hins betra. Nefnir hún í því samhengi að auðveldara aðgengi að upplýsingum hljóti að vera af hinu góða. „Síðan er aftur á móti alltaf spurning um hvort upplýsingarnar eru réttar líkt og fréttir af lygafréttum sýna okkur svart á hvítu.“

Guðrún telur þó að það þurfi að hafa í huga að það sé ekki hægt að trúa hverju sem er. Gæta þurfi þess að nota heimildir sem maður treystir. „Til að mynda er Wikipedia frábær vefur en um leið þá má ekki trúa öllu sem þar stendur. Þú getur hins vegar notað Wikipedia til þess að leiða þig áfram í heimildaleit.“



## Við getum kannski sagt að leitarvélina hafi fært upplýsingarnar, gögnin og þekkinguna til fólksins.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands



Við getum sagt að treysta hafi þurft á almenningsbókasöfn, eigið bókasafn og eigin kennslubækur. Þetta var mjög takmarkandi,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands og rafmagnsverkfræðingur, um áhrifa sem Google hafði á fræðastarf.

Eftir tilkomu Google segir Jón Atli að auðveldara hafi orðið að komast yfir upplýsingar. „Við getum kannski sagt að leitarvélina hafi fært upplýsingarnar, gögnin og þekkinguna til fólksins, þar á meðal nemenda og kennara, með mjög einföldum hætti.

Þetta er í reynd ótrúleg upplýsingabylting sem er enn í gangi.“

Að sögn Jóns Atla hefur stafræna tæknin og internetið haft áhrif á allt líf okkar, samfélagið, atvinnulífið, stjórnmálin, samgöngur, viðskipti, samskipti, íþróttir, lækningar og hvernig við hlustum á tónlist.

„Í reynd er ekkert svið undanþegið – allra sist menntun og rannsóknir. Dæmi um þetta eru svokölluð „mooocs“ sem eru netnámskeið sem hafa meðal annars verið þróuð af MIT og Harvard og fleiri aðilum undir merkinu edX en hafa breiðst út um allan heim. Með opnum netnámskeiðum stóreykt aðgengi að menntun, óháð efnahag, aldri og búsetu og nemendur geta stundað námið hvar og hvenær sem er. Samhliða þessu er verið að þróa ný námsumsjónarkerfi sem bjóða upp á allt annars konar samskipti nemenda og kennara en áður.“

Jón Atli segir að nýjar kynslóðir nemenda geri kröfur um sveigjanlegt nám, að háskólar bjóði upp á stuttar, hagnýtar námsleiðir og að fólk geti

farið inn og út úr háskóla alla ævi. Þannig sé stafræna tæknin að gerbreyta aðgengi að námi, hvernig og hvenær nemendur læra og hvernig kennarar kenna.

„Háskólar um allan heim eru að endurskoða starfssemi sína í þessu ljósi og við í Háskóla Íslands fylgjumst vel með þessari þróun.“

Þá segir hann að hin stafræna bylting hafi haft mikil áhrif á rannsóknarstarf. Hafi umblytt möguleikum til öflunar, greiningar og miðlunar upplýsinga. Það feli í sér einstakt tækifæri til að takast á við þær stóru áskoranir sem fram undan eru. Hins vegar felist líka áskoranir í þessari byltingu.

„Upplýsingar geta verið mjög verðmæt og ganga kaupum og sölum. Og þær má einnig misnota. Þetta gerir síðferðilegar kröfur til okkar allra. Við verðum ævinlega að hafa hugfast að tæknin er tæki í okkar höndum og það er skylda okkar að umgangast hana á ábyrgan hátt í þágu þessa samfélags og mannlífs,“ segir Jón Atli.

Vísa mér veg þinn, Drottinn, að ég gangi í sannleika þínum, gef mér heilt hjarta, að ég tigni nafn þitt.

Salm. 86.11

biblián.is



# ▶ Mætum færni fram tíðarinnar

## Opinn fundur um nýja menntastefnu SI

fimmtudaginn 4. október kl. 12.00–13.30 í Háteigi á Grand Hótel Reykjavík

Á fundinum verður farið yfir helstu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir til að skapa menntakerfi fyrir nýjar kynslóðir sem styður við velmegun og samkeppnishæfni þjóðarbúsins. Kynntar verða tillögur að umbótum sem miða að því að menntun mæti þörfum atvinnulífs fram tíðarinnar þar sem krafist verður annarrar færni en nú þekktist.

### Dagskrá



#### Atvinnulífið og menntun

- ▶ Sigurður Hannesson  
framkvæmdastjóri SI



#### Ný menntastefna SI

- ▶ Jóhanna Vigdís Arnardóttir  
verkefnastjóri í menntamálum hjá SI



- ▶ Vilhjálmur Hilmarsson  
sérfræðingur í greiningum hjá SI



#### Færni fram tíðarinnar

- ▶ Rannveig Rist  
forstjóri Rio Tinto á Íslandi



- ▶ Stefán Sigurðsson  
forstjóri Vodafone



- ▶ Guðmundur Hafsteinnsson  
yfirmaður vöruþróunar á Google Assistant

### Pallborðsumræður



- ▶ Guðrún Hafsteinsdóttir  
formaður SI



- ▶ Lilja Alfreðsdóttir  
mennta- og menningarmálaráðherra



- ▶ Karl Frímannsson  
fræðslustjóri Akureyrarbæjar



- ▶ Fundarstjóri  
Ingibjörg Ósp Stefánsdóttir  
sviðsstjóri mennta- og mannauðsmála hjá SI

Boðið verður upp á léttan hádegisverð

**Skráning á [www.si.is](http://www.si.is)**



# OPIÐ Í DAG FRÁ 11-16



Pú finnur bílinn á  
[WWW.BILALAND.IS](http://WWW.BILALAND.IS)

Við höfum opið aðeins lengur í dag og þjóðum ykkur velkomin í kaffi og meðlæti meðan þið skoðið úrvalið á planinu.

## ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR, KAFFI OG MEÐLÆTI



Rnr. 103687

HYUNDAI Tucson Classic  
Nýskr. 06/17, ekinn 68 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.290 þús. kr.**



Rnr. 144735

RENAULT Clio Sport Tourer  
Nýskr. 12/14, ekinn 47 þ.km,  
dísil, 5 girar.  
Verð 1.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.090 þús. kr.**



Rnr. 153427

MINI Countryman Cooper SE All4 Plug In Hybrid  
Nýskr. 03/18, ekinn 5 þ.km,  
bensín/rafm, sjálfskiptur.  
Verð 5.890 þús. kr.

TILBOÐ:  
**4.990 þús. kr.**



Rnr. 430178

KIA Rio EX  
Nýskr. 07/15, ekinn 36 þ.km,  
dísil, 6 girar.  
Verð 1.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.490 þús. kr.**



Rnr. 430149

NISSAN Pulsar Acenta  
Nýskr. 12/15, ekinn 43 þ.km,  
bensín, 6 girar.  
Verð 2.190 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.690 þús. kr.**



Rnr. 391188

SUBARU Outback Lux Eyesight  
Nýskr. 03/16, ekinn 130 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.890 þús. kr.**



Rnr. 153357

HYUNDAI I30 Classic Wagon  
Nýskr. 04/15, ekinn 52 þ.km,  
bensín, 6 girar.  
Verð 2.190 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.590 þús. kr.**



Rnr. 331499

NISSAN Pulsar Acenta  
Nýskr. 07/17, ekinn 12 þ.km,  
dísil, 6 girar.  
Verð 2.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.390 þús. kr.**



Rnr. 103683

HYUNDAI Tucson Classic  
Nýskr. 05/16, ekinn 73 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.990 þús. kr.**



Rnr. 391056

NISSAN X-Trail Acenta Plus 2wd  
Nýskr. 06/16, ekinn 41 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.390 þús. kr.**



Rnr. 331176

BMW 218d Active Tourer  
Nýskr. 06/15, ekinn 25 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 3.390 þús. kr.


TILBOÐ:  
**2.590 þús. kr.**



Rnr. 192630

NISSAN Qashqai Acenta 4wd  
Nýskr. 02/17, ekinn 56 þ.km,  
dísil, 6 girar.  
Verð 3.590 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.790 þús. kr.**



Rnr. 284604

NISSAN X-Trail Acenta 2wd  
Nýskr. 02/17, ekinn 19 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.990 þús. kr.**



Rnr. 390637

RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 07/16, ekinn 75 þ.km,  
dísil, 6 girar.  
Verð 3.290 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.490 þús. kr.**



Rnr. 153176

BMW 225xe iPerformance Plug In Hybrid  
Nýskr. 01/17, ekinn 17 þ.km,  
bensín/rafm, sjálfskiptur.  
Verð 4.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.990 þús. kr.**



Rnr. 153190

RENAULT Megane Sport Tourer  
Nýskr. 09/14, ekinn 61 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 2.090 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.290 þús. kr.**



Rnr. 144767

SUBARU Outback Premium Eyesight  
Nýskr. 7/17, ekinn 22 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.990 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.990 þús. kr.**



Rnr. 145044

HYUNDAI Santa Fe III Comfort  
Nýskr. 05/16, ekinn 91 þ.km,  
dísil, sjálfskiptur.  
Verð 4.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**3.690 þús. kr.**



Rnr. 390614

RENAULT Kadjar Zen 4wd  
Nýskr. 05/17, ekinn 28 þ.km,  
dísil, 6 girar.  
Verð 3.790 þús. kr.

TILBOÐ:  
**2.990 þús. kr.**



Rnr. 430159

CITROEN C3  
Nýskr. 02/15, ekinn 49 þ.km,  
bensín, 5 girar.  
Verð 1.690 þús. kr.

TILBOÐ:  
**1.190 þús. kr.**

Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ

Sími 525 8000 - [bilaland@bilaland.is](mailto:bilaland@bilaland.is)

[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)

[www.facebook.com/bilaland.is](https://www.facebook.com/bilaland.is)

# bíalaland

LA Z BOY® | *Live life Comfortably.*

## LA-Z-BOY HELGARTILBOÐ Í HÖLLINNI



### LEVI

La-z-boy hægindastóll.  
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.  
Stærð: B: 85 x D: 92 x H: 106 cm

**95.992 kr. -149.990 kr.**

**20%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
LA-Z-BOY STÓLUM

LA Z BOY® | *Live life Comfortably.*



### JAMES

La-z-boy lyftistóll.  
Steingrátt áklæði.  
og svart leður.

Stærð: H: 105 x B: 103 x H: 109 cm



Áklæði **207.992 kr. -259.990 kr.**

Leður **239.992 kr. -299.990 kr.**

LA Z BOY® | *Live life Comfortably.*



### JAY

La-z-boy hægindastóll.  
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.  
Stærð: B: 97 x D: 94 x H: 107 cm

**87.992 kr. -109.990 kr.**

LA Z BOY® | *Live life Comfortably.*



### PINNACLE

La-z-boy hægindastóll.  
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.  
Stærð: B: 80 D: 85 H: 104 cm.

**95.992 kr. -119.990 kr.**

LA Z BOY® | *Live life Comfortably.*



### DREAMTIME

Rafdrifinn La-z-boy hægindastóll.  
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.  
Stærð: B: 96 x D: 103 x H: 109 cm

**223.992 kr. -279.990 kr.**

LA Z BOY® | *Live life Comfortably.*



### DREAMTIME

Rafdrifinn La-z-boy hægindastóll.  
Svart leður.  
Stærð: B: 96 x D: 103 x H: 109 cm

**263.992 kr. -329.990 kr.**

## ALESSI HELGARHLAÐBORD



**50%**  
AFSLÁTTUR  
AF ÖLLUM  
ALESSI VÖRUM



**EKKI MISSA AF ÞESSU!**

Reykjavík  
Bíldshöfði 20

10 – 18 virka daga  
11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri  
Dalsbraut 1

10 – 18 virka daga  
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður  
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is  
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.



# Ævintýralegt haust í Höllinni

## LOKAHELGI SEPTEMBERTILBOÐANNA



### CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slítsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

**94.990 kr.** ~~114.990 kr.~~

IDesign



### SALLY

Fáir sitja betur. Hægindastóll PU-leður, svart.

**29.990 kr.** ~~39.990 kr.~~



### LEEDS

Hægindastóll. Svart sléttflauei. Stærð: 73 x 81 x 77 cm

**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



### EBBA

Hægindastóll. Gult sléttflauei og svartir fætur.

**39.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



### PRIME

Borðstofustóll. Svart PU-áklæði og svartir fætur.



**13.990 kr.** ~~49.990 kr.~~

### LIF

Borðstofustóll. Svart PU-leður eða ljósgrátt áklæði.



**9.990 kr.** ~~41.990 kr.~~



### BELINA

Borðstofuforbö, viður/hvít.

Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm

**79.990 kr.**

~~99.990 kr.~~

Þú finnur nýja bæklinginn okkar á [husgagnahollin.is](http://husgagnahollin.is)

**HÚSGAGNA HÖLLIN**

# Valsmenn í draumastöðu

Valur þarf aðeins að vinna botnlið Keflavíkur í lokaumferð Pepsi-deildar karla til að verða Íslandsmeistari. Breiðablik og Stjarnan eiga enn veika von um að verða meistari. KR og FH berjast um síðasta Evrópusætið.

**FÓTBOLTI** Sigurlausir Keflvíkingar eru þeir einu sem standa í vegi fyrir því að Valsmenn verji Íslandsmeistaratitilinn í dag. Valur er með 43 stig á toppi Pepsi-deildar karla, tveimur stigum á undan Breiðabliki og þremur stigum á undan Stjörnunni. Þá eru Valsmenn með betri markatölu en bæði Blikar og Stjörnumenn.

Það yrði eitt það ótrúlegasta í íslenski fótboldasögu ef Keflvíkingar kæmu í veg fyrir að Valsmenn ynnu titilinn. En líkurnar á því eru litlar og nánast engar. Keflavík hefur aðeins náð í fjögur stig í Pepsi-deildinni í sumar, á enn eftir að vinna leik og er líklega eitt slakasta, ef ekki slakasta, lið í sögu efstu deildar. Á meðan hefur Valur sýnt mikinn stöðugleika, aðeins tapað tveimur leikjum og náð í 26 af 30 stigum sem í boði hafa verið á heimavelli.

Breiðablik tekur á móti KA, sem er í 6. sætinu, og þarf að vinna og treysta á að Keflavík geri Val grikk til að verða Íslandsmeistari í annað sinn í sögu félagsins. Stjarnan fær FH í heimsókn.



Stjörnumenn eiga enn tölfraðilega möguleika á Íslandsmeistaratitlinum en þeir þurfa að vinna FH-inga stórt og vonast eftir því að Keflvíkingar vinni Valsmenn.

FH berst um síðasta lausa Evrópusætið við KR. Til að það heppnist þurfa FH-ingar að ná betri úrslitum en KR-ingar sem sækja Víkinga heim. KR og FH eru með jafnmörg stig en markatala KR-inga er betri. Víkingur bjargaði sér frá falli í síðustu umferð og hefur ekki að neinu að keppa.

Grindavík og ÍBV mætast suður með sjó. Óli Stefán Flóventsson og Kristján Guðmundsson stýra þar sínum liðum í síðasta sinn. Eyjammenn eru í 7. sæti og Grindvíkingar í því niunda.

Þá eigast Fylkir og Fjölnir við í Árbænum. Leikurinn skiptir engu máli þar sem Fjölnismenn féllu eftir tap fyrir Blikum í síðustu umferð. Fylkismenn gætu náð 8. sætinu ef úrslitin í lokaumferðinni verða þeim hagstæð.

Allir sex leikirnir í lokaumferðinni hefjast klukkan 14.00. [ingvithor@frettabladid.is](mailto:ingvithor@frettabladid.is)



Pedersen fagnar einu 17 marka sinna í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Slær Pedersen markametíð?

**FÓTBOLTI** Valsmaðurinn Patrick Pedersen er með eins marks forskot á Stjörnumanninn Hilmar Árna Halldórsson í baráttunni um gullskó Adidas. Danski framherjinn hefur verið sjöðheitur í seinni umferðinni og er kominn með 17 mörk í sumar.

Pedersen og félagar í Val geta tryggð sér Íslandsmeistaratitilinn gegn botnliði Keflavíkur í lokaumferð Pepsi-deildarinnar í dag. Keflvíkingar hafa verið fallbyssufóður í sumar og ekki unnið leik. Það er því margt ólíklegra en að Valsmenn vinni leikinn og það stórt. Markametíð í efstu deild er 19 mörk og Pedersen gæti slegið það í dag, verði hann og félagar hans í stöðu.

Pedersen vann Gullskóinn fyrir þremur árum. Hann skoraði þá 13 mörk. Daninn hefur alls skorað 47 mörk í 71 deildarleik á Íslandi. –*ips*

# OLÍS-DEILDIN

# HAFIN

#olisdeildin

Næstu leikir

**OLÍS-DEILD KVENNA**

04. okt. KA/Þór - ÍBV

06. okt. Stjarnan - Fram

06. okt. HK - Selfoss

07. okt. Valur - Haukar

**OLÍS-DEILD KARLA**

07. okt. Akureyri - Afturelding

07. okt. Haukar - Fram

07. okt. FH - Stjarnan

07. okt. Valur - ÍR

08. okt. KA - Gróttá

10. okt. ÍBV - Selfoss



Glæsímark Edens Hazard réð úrslitum í leik Liverpool og Chelsea í 3. umferð enska deildaríkarsins á miðvikudaginn var. NORDICPHOTOS/GETTY

## Annar leikur Liverpool og Chelsea á fjórum dögum

**FÓTBOLTI** Chelsea tekur á móti Liverpool í stórleik helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni klukkan 16.30 í dag. Liverpool er eina lið deildarinnar sem er með fullt hús stig eftir fyrstu sex umferðirnar en Chelsea er með 16 stig í 3. sætinu, jafn mörg og Englandsmeistarar Manchester City en lakari markatölu.

Þetta er annar leikur Chelsea og Liverpool á aðeins fjórum dögum. Þau mættust á Anfield í 3. umferð enska deildaríkarsins á miðvikudaginn þar sem Chelsea hafði betur. Liverpool komst yfir með marki Daniels Sturridge en Emerson jafnaði fyrir Chelsea. Eden Hazard tryggði svo gestunum sigurinn með glæsilegu marki fimm mínútum fyrir leikslök.

Hazard var í miklum ham með belgíska landsliðinu á HM í Rússlandi og hefur haldið uppteknum hætti í upphafi tímabilsins. Hann er kominn með fimm mörk í ensku úrvalsdeildinni auk marksins í deildabikarnum. Hazard virðist finna sig vel undir stjórn Mauri-

zio Sarri sem hefur umbylt leikstíl Chelsea. Aðeins City er meira með boltann að meðaltali í leik en Chelsea. Á síðasta tímabili var Chelsea 54,4% með boltann en 65,7% í ár. Lykillinn að þessari breytingu er ítalski leikstjórnandinn Jorginho sem Sarri tók með sér frá Napoli.

Eins og áður sagði hefur Liverpool unnið fyrstu sex deildarleiki sína. Beri liðið sigurorð af Chelsea verður það í fyrsta sinn frá tímabilinu 1990-91 sem Liverpool vinnur fyrstu sjö leiki sína í efstu deild. Aðeins eitt lið í sögu ensku úrvalsdeildarinnar hefur unnið fyrstu sjö deildarleiki sína; Chelsea, tímabilið 2005-06.


Varnarleikur Liverpool hefur verið sterkur á tímabilinu en liðið hefur aðeins fengið á sig tvö mörk, fæst allra í ensku úrvalsdeildinni. Liverpool hefur hins vegar ekki haldið hreinu í síðustu 14 deildarleikjum gegn Chelsea og þá er óvíst með þátttöku hollenska miðvarðarins Virgils van Dijk í leiknum á Stamford Bridge í dag. –*ips*

Hagkvæmur Opel Karl

# FÁÐU ÞÉR SJÁLFSKIPTAN KARL

Opel Karl er afburðaknár  
5 dyra bíll með öllu tilheyrandi.

Þýsk gæði á ótrúlegu verði!



Opel Karl Enjoy  
Verð: 2.190.000 kr.

Tilboðsverð, sjálfskiptur:

**1.990.000 kr.**



THE FUTURE IS EVERYONE'S

Kynntu þér Opel Karl á [opel.is/karl](http://opel.is/karl) eða í  
sýningarsölum okkar í Reykjavík og Reykjanesbæ

Sýningarsalir  
Krókhóls 9, Reykjavík, 590 2000  
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330

Opunartímar  
Virka daga 9–18  
Laugardaga 12–16

Bíllitö  
**Benna**





Lilja og Victoria Eliasdóttir.



Góð stund í Fischer. Hrafnhildur Steindórsdóttir, Lilja Birgisdóttir, Ingibjörg Birgisdóttir, Sigurrós Elin Birgisdóttir, Atlas (fjölskylduhundurinn) Snjólaug Anna Sindradóttir, Iðunn Holm og Sigurlína Helga Sindradóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Krakkar á öllum aldri heiðursgestir

Í versluninni Fischer í Grjótaþorpinu verður ævintýralegt um að litast í dag. Þar verður haldið svokallað skynjunarreif í samstarfi við SOE Kitchen sem rekið er af Ólafi Eliassyni og systur hans Victoriu. Gestir fá skrýtið nammi að smakka og geta tekið þátt í alls kyns gjörningum sem tengjast skilningarvitunum. Krakkar eru sérstaklega velkomnir.

É g myndi lýsa þessum viðburði sem dálítið forvitnilegum, skemmtilegum og bráðfyndnum þar sem fólk getur skoðað margt skrýtið og skondið," segir Lilja Birgisdóttir um samstarf verslunarinnar Fischer og SOE Kitchen í dag á milli 2 og 4.

Verslunin Fischer er til húsa í Fischersundi 3 í Grjótaþorpi. Þang- að verða gestir boðnir velkomnir til að smakka skrýtið nammi, taka þátt í gagnvirkri hljóðinnsetningu, þefa af mismunandi ilmvatnshlutum eftir Jónsa, leita að vídeóinnsetningum, prófa snertistöðvar með skrýtinni áferð og nota vasaljós í myrkri.

„Þetta er skynjunarreif og boðið upp á skemmtilegt ferðalag í gegnum verslunina í samstarfi við



Alls kyns gjörningar sem höfða til skilningarvitana verða í versluninni.

SOE Kitchen þar sem öll skynjun er virkjuð," segir Lilja.


Hún segir samstarfið hafa komið til eftir heimsókn Ólafs Eliassonar listamanns í verslunina, í kjölfarið komu systur hans, Victoria og Christina, til að skoða sig um. „Victoria er mikið að vinna í eldhúsi sínu með íslenskar lífrænar afurðir sem hún fær beint frá bónda og var hrifin af okkar vinnu með íslenskar lækningajurtir. Kom það þannig til að Fischer er með nokkrar vörur á veitingastaðnum þeirra eins og til dæmis Fischer te-ið sem við gerum úr íslenskum lækningajurtum. Ég sagði þeim frá hugmyndum Fischer um að virkja alla skynjun og langaði þau að gera viðburð með okkur þar sem við myndum einmitt leika okkur með það og gera eitthvað skemmtilegt og vinna markvisst með ilm, áferð, heyrn, sjón og auðvitað bragð!" segir Lilja frá.

Hún segir viðburðinn opinn öllum. „Viðburðurinn er mjög krakkaævn og eru krakkar á „öllum aldri“ sérlegir heiðursgestir dagsins. Aðallega á þetta bara að vera skemmtileg stund fyrir fjölskylduna og tækifæri til þess að bregða aðeins út af vananum. Það á líka að vera gott veður á laugardaginn þannig að eftir að hafa kíkt í heimsókn til okkar mælum við með að setjast niður á eitt af mörgum kaffihúsum bæjarins og njóta dagsins saman," segir Lilja. kristjanbjorg@frettabladid.is

## Um helgina

### Maniac á Netflix

Einna vinsælustu þættir Netflix um þessar mundir kallast Maniac. Þeir eru að einhverju leyti byggðir á samnefndum norskum sjónvarpsþáttum og segja frá framúrsefulegri lyfjatíraun sem fer úrskelðis. Emma Stone og Jonah Hill fara með aðalhlutverkinn og flakka í hlutverkum sínum bæði í tíma og rúmi og Ísland kemur lauslega við sögu í einum þáttanna (þætti 9!).



### Ull, ull, ull

Nú er tími til komin að klæðast eftir vindasömu haustveðri. Ullarpeysur og góðar úlpur eru staðalþúnaður Íslendinga. Þessi peysa er úr nýrri línu Guðrúnar&Guðrúnar frá Færeyjum og kallast Vetur.



### Sorgarmarsinn

Sorgarmarsinn, ný skáldsaga Gyrðis Eliassonar, getur ekki annað en glatt bókakennendur. Tregafull, falleg og dásamlega vel stíluð.



### Gómsætar snittur

Unnendur smurbráuds geta ekki látið hjá líða að koma við á Kjarvalsstöðum og gæða sér á gómsætum snittum Marentzu Poulsen. Það er upplifun í lagi!

# HVAÐ SEGIRÐU GOTT?

45-50 þúsund\* Íslendinga heyr ekki í sjónvarpi vegna heyrnaleysis eða heyrnarskerðingar. Það er í þágu allra að allt íslenskt efni, þættir og bíómyndir verði textað.

## Textinn er málið!

Eftirtalin fyrirtæki styðja textun á öllu íslensku sjónvarpsefni:



\*Rannsóknir sýna að um 15% íbúa landa þ.m.t. Ísland glími við það alvarlega heyrnarskerðingu að það heyrir illa eða ekki í sjónvarpi. Heyrnar- og talmeinstöð Íslands staðfestir þessar töluugu rannsóknir.

M FYRIR NÝJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ

# RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

## ÓTRÚLEG VERÐ!

**KAUPTU FLEIRI OG SPARAÐU**

6 STK. **1.000**

1 STK. **249**

4 stk. **Skotglös**

VERÐ NÚ: **99**

1 stk. **VERÐ NÚ: 399**

OOH! WINE D'leek!

4 stk. **Skotglös**

VERÐ NÚ: **499**

Fæst í 4 stærðum

**30% afsláttur**

NÚ VERÐ FRÁ: **4.895**

**37% afsláttur**

Samanbrjótanlegur

FULLT VERÐ: 795

**499**

**30% afsláttur**

Fæst í nokkrum stærðum

NÚ VERÐ FRÁ: **695**

UM FYRIR NÝJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ - RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ - RÝMUM FYRIR

# ALLAR SÆNGUR, KODDAR, DÝNUR, RÚM OG YFIRDÝNUR

**20-30% afsláttur**

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

NYJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ - RÝMUM FYRIR NYJUM VÖRUM - Ó



VERÐ NÚ:  
**695**



VERÐ NÚ:  
**499**



**28%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 695  
**499**



Hæð: 150 cm

**50%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 14.950  
**7.475**



1 stk.

1 STK.  
**299**




1 stk.

1 STK.  
**995**



1 stk.

1 STK.  
**299**



VERÐ NÚ:  
**995**



**33%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 1.495  
**995**

SMID VEGGKLUKKA  
37x37x3,8 cm.

REIMAR VEGGKLUKKA  
Ø60 cm.



1 stk.

1 STK.  
**695**



3 stk.

VERÐ NÚ:  
**499**

NYJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ - RÝMUM FYRIR NYJUM VÖRUM - ÓTRÚLEG VERÐ - RÝMUM FYRIR NYJUM VÖRUM - Ó

VEFVERSLUN  
**WWW.RFL.IS**  
OPIÐ ALLAN  
SÓLARHRINGINN

# HELGAR-TILBOÐ

TILBOÐIN GILDA  
TIL 01.10.18



KAUPTU  
FLEIRI OG  
SPARAÐU

4 stk. **12.000**

1 STK.  
**3.995**

MINIA STÓLL  
Vnr. 8880001098



**42%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 9.995  
**6.995**



**64%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 13.950  
**5.000**



KAUPTU  
FLEIRI OG  
SPARAÐU

4 stk. **25.000**

1 STK.  
**7.950**

ANDY STÓLL  
Fætur úr gegnhellili, lakkaðri eik. Grár, blár og rauður.  
Vnr. 8880000792, 888000793, 888000794



**50%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 19.990  
**9.995**



**50%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 39.950  
**19.950**



**50%**  
afsláttur

FULLT VERÐ: 29.950  
**14.995**

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



**H**owka, mamuyuth miñay?" Svona heilsar Karen Vigneault af Kumeya-þjóðflokkki indjána á eigin tungumáli. Hún er stódd í snoturri íbúð Guðrúnar Drafnar Emilsdóttur í Vesturbænum.

Hún hefur lagt á sig langt ferðalag frá verndarsvæðinu sem hún býr á í San Diego til Íslands til að heimsækja eitt „barna“ sinna. Guðrún komst að því fyrir stuttu að hún er af Oteeþjóðflokkki indjána sem á sér verndarsvæði við Red Rock í Noble-sýslu í Oklahoma og naut liðsinnis Karenar sem hefur í seinni tíð helgað sig því að aðstoða ættleidd en uppkomin börn indjána að finna uppruna sinn.

#### Leitar „týndu barnanna“

„Ég leita týndu barnanna okkar og hjálpa þeim að tengjast menningu sinni og uppruna,“ segir Karen frá. Hún er glöð í bragði, með síðar fléttur og lætur tímamismuninn ekki mikið á sig fá.

„Hún vaknaði bara mjög hress og fór í Melabúðina,“ segir Guðrún frá og brosir við.

Á borðstofuborðinu er fjöldi minjagripa, bóka og ljósmyndu. Karen hefur komið færandi hendi. Við borðið situr Emil Már Einarsson, systursonur Guðrúnar, sem dvelur einnig hjá henni. Það er honum að þakka að Guðrún náði sambandi við Karen.

„Mig hefur alltaf langað til þess að sjá norðurljósin hér á Íslandi. Ég átti nýlega sextugsafmæli og á svipuðum tíma hafði Emil samband við mig. Ekkert er hendingu háð og nú er ég hér,“ segir Karen.

Þegar ég sagði vinum mínum frá Íslendingnum sem reyndist vera indjani og því að mig langaði að sjá norðurljósin gáfu vinir mínir mér flugpunktana sína svo ég þurfti ekki að greiða nema litla upphæð fyrir ferðalagið hingað,“ segir hún og brosir breitt.

Leitin að uppruna Guðrúnar á sér langan aðdraganda. Blóðfaðir hennar kom til Íslands árið 1966. Hann dvaldi skamma hríð á landinu en átti í sambandi við blóðmóður Guðrúnar.

Guðrún fæddist árið 1967 og var gefin foreldrum sínum til ættleiðingar. Hún hefur búið alla sína barnæsku í Vesturbænum og býr nú skammt frá æskuheimili sínu. Hún vissi það eitt að faðir hennar hét Henry Jackson og var í bandaríska hernum.

#### Leitaði á fermingartölvunni

Emil var aðeins tanningur þegar hann byrjaði að leita blóðföður Guðrúnar. „Ég fékk tölvu í fermingargjöf. Ég spurði Guðrúnu hvort ég mætti athuga hvort ég fyndi eitthvað. Ég spurði hana hvað það væri sem hún vissi í raun og veru,“ segir Emil frá. „Okkur vantaði hins vegar millinafn hans og vegna þess að hann var í hernum þá voru hindranir í veginum. Að komast yfir herskjól var erfitt. Það var auðvitað alveg hægt en var kannski ekki verkefni fyrir fjórtán ára strák,“ segir Emil.

Emil fór til Danmerkur í verkfræðinám. Nú býr hann þar og starfar. Stuttu fyrir fimmtugsafmæli Guðrúnar í sumar ákvað hann að hefja leitina á ný.

„Ég áttaði mig á því að ég gæti líklega komist yfir betri upplýsingar. Mig vantaði enn millinafnið og það var ákveðin hindrun. En ég fann Karen og las greinar um þessa merkilegu konu og hvernig hún hefur fundið fjölmörg svokölluð týnd börn indjána. Ég sendi henni tölvupóst seint í vor og þá fór boltinn að rúlla. Enda er hún alveg ótrúleg,“ segir Emil frá.

#### Á hálsystur í Arizona

„Eitt leiddi af öðru,“ segir Karen frá og bætir við að þegar upplýsingar



„Mig hefur alltaf langað til að sjá norðurljósin,“ segir Karen Vigneault. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

# Ég á að finna þessi týndu börn

Indjáninn **Karen Vigneault** er komin hingað til lands til að hitta **Guðrúnu Emilsdóttur**, sem komst að því í sumar að hún er af Oteeþjóðflokkki indjána. Karen segir það skyldu sína að færa indjánnum sem hafa fjarlægst uppruna sinn þá gjöf að kynnst menningu sinni.

um uppruna Guðrúnar voru staðfestar með DNA-prófi þá hafi hlutirnir gerst hratt. Hún hafi rætt við fólk í sínum þjóðflokkki, Oteeþjóðflokkinum í Oklahoma. Þá hafi blaðakona hjá Voice of America skrifað grein um leitina. Mjög fljótlega fann Guðrún hálsystur sína,

Kimberley, í Tucson í Arizona. Karen tók að sér að hringja í hana.

„Stundum er erfitt að hringja svona símtöl. En í þetta skiptið var það auðvelt. Kimberley var himinlifandi yfir því að hafa eignast systur. Það er engin erfð saga. Guðrún átti hamingjuríka æsku hér á Íslandi og

skorti ekkert og því eru upplýsingar um uppruna hennar bara góð en nauðsynleg viðbót,“ segir Karen.

#### Hamingjusöm í æsku

En Guðrún, hvernig leidd þér sem barni? Vissir þú af þessum óvanalega uppruna?



Henry, blóðfaðir Guðrúnar, á mynd sem komst í eigu hennar nýlega.

„Ég vissi að blóðfaðir minn var af indjánaættum. En ég spáði aldrei í það. Ég var bara ósköp venjulegur íslenskur krakki. Ég ólst reyndar bara upp hér í næstu götu.

Ég var gefin beint af fæðingardeildinni. Blóðmóðir mín var komin sex mánuði á leið þegar hún ákvað að fara þessa leið. Það voru fleiri þór sem höfðu sóst eftir því að fá barn. Hún hitti foreldra mína nokkrum sinnum og valdi þá úr. Ég var heppin að enda hjá þeim og átti góða æsku og unglingsár,“ segir Guðrún og bætir við að auðvitað hafi ekki verið margt fólk með dókkan húðlit á Íslandi í þá daga. „Mér leið aldrei eins og ég væri ekki ein af hópnum. Ég var í góðum bekk í Melaskóla, eignaðist góða vini sem ég á enn í dag,“ segir Guðrún.

#### Uppruni er ekki bara útlit

„Ég sá strax að hún væri af frumbyggjum komin. Sá mynd af henni sem barni og það var bara ekki vafi í minum huga,“ segir Karen. „En ég má til með að nefna að uppruni snýst ekki um það hvernig fólk lítur út, það hefur meira með tilfinningar fólks að gera. Hvernig fólk liður, hvað það gerir. Margt sem Guðrún gerir sé ég að er svona í anda hennar fólks. Hún beitir innsei sínu mikið til að mynda. En þetta getur hún ekki vitað að hafi nokkra merkingu nema með því að hitta sitt fólk,“ segir Karen. „Það er eitt að segja henni Guðrúnu frá ættbálki hennar og annað fyrir hana að upplifa. Næsta skref er að fara og hitta hennar fólk af Oteeþjóðflokkki,“ segir hún.

#### Fara til Bandaríkjanna

Það er langt síðan Guðrún tengdist fjölskyldu blóðmóður sinnar. Hún var tuttugu og fimm ára gömul.

„Ég var alltaf spennitari fyrir þessum dularfullu uppruna mínum í föðurað. En kannski það hafi bara verið of fjarlæg til þess að ég hafi orðið mjög upptekin af því. En bróðir minn í móðurætt fann mig þegar ég var 25 ára. Hann vissi ekki að ég væri til. Það var í fyrsta skipti sem ég fór að hugsa meira út í þessa hluti. Ég hef átt yndislegar stundir með þessu fólk. Bróðir minn er í dag í sambandi við mig nánast daglega og ég fer reglulega að heimsækja systur mína. Þau komu, öll fjölskyldan, í fimmtugsafmæli mitt. Það hefur aldrei verið neitt vandamál. Bara ævintýri og nú halda þau áfram og ég kynnst föðurfjölskyldunni,“ segir Guðrún. „Ég hef aldrei leitað. Þetta kom allt til mín,“ segir Guðrún og horfir ástúðlega á Emil. „Þetta ævintýri er allt Emil að þakka, ég er honum svo þakklát, hann gerir allt fyrir mig. Og nú kemur hann með mér til Bandaríkjanna og verður með mér á ferðalagi að heimsækja þjóðflokkinn og systur mína,“ segir hún.

#### Fær líklega réttindi indjána


Guðrún og Emil fara í nóvember til Bandaríkjanna á slóðir forfæðra hennar. „Við förum fyrst á verndarsvæði Oteeþjóðflokksins og ég bið um inngöngu,“ segir Guðrún og segist kvíða því að verða ekki samþykkt. Karen hughreystir hana og segir ferlið munu ganga vel.

„Hún fær með því réttindi indjána í Bandaríkjunum,“ útskýrir Karen. „Hún gæti þannig eignast land,“

# Miðbæjarstemning

Kaffihús og krúðeri - eitthvað fyrir alla - lífrænt og líflegt

Vinalagar verlanir - fatnaður og gjafavörur í miklu úrvali  
- gerðu góð innkaup á Akranesi



# Gleði við göngin

Það er þægilegt að ganga og hjóla um Akranes. Strandlengja bæjarins býður upp á margskonar möguleika til útivistar og hreyfingar.




Fyrir lengra komna er Akrafjallið skammt undan auk þess sem Garðalundur hefur allt sem huggulegur gönguhringur hefur upp á að bjóða.

## Velkomin til Akraness

### AKRANESVITI #AkranesLighthouse


Akranesviti er opin þriðjudaga til laugardaga frá kl. 11-17. Hægt er að komast upp í vitann og er stórkostlegt útsýni úr honum til allra átta.



Hei - það er  
**frítt í  
göngin!**  
Aðeins 30 mín.  
ferðalag frá  
Reykjavík

### Allir velkomnir í Jaðarsbakkalaug - opið um helgina frá kl. 9-18

Ódýr fjölskylduupplifun á nýju og endurbættu sundlaugarsvæði  
Magnað úrsýni yfir Langasand og Faxaflóa



Við  
hlökkum  
til að  
sjá þig!



[f /gledividgongin](#)



Guðrún og Emil eru á leiðinni í ferðalag til Bandaríkjanna. Þau heimsækja Otoe-þjóðflokkinn, hálf systur Guðrúnar og Karen á verndarsvæði hennar þjóðflokks í San Diego. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

peninga. Hún getur sótt um tvöfaldan ríkisborgararétt. Þá býðst henni ýmiss konar þjónusta, heilsugæsla og tannlæknaþjónusta, atvinnutækifæri og fleira," segir Karen sem segir þjóðflokka sjá um sína.

"Svo förum við til Houston þar sem grófi Henrys er. Þá fljúgum við til vesturstrandarinnar þar sem systir hennar býr og svo förum við til San Diego og heimsækjum Karen á hennar verndarsvæði," segir Emil um ferðaáætlunina. Þau hafa fengið veglegan styrk til ferðalagsins frá WOW air. „Sem er magnað, eins og allt annað í þessu ævintýri þá kemur þetta allt til mín," segir Guðrún.

Karen segir að þó að mikinn fjöldi indjánaþjóðflokka sé að finna í Bandaríkjunum þá sé þeim að fækka ört. Menning þeirra að gleymast og réttindi þeirra að þynnast út. Það sé stöðug baráttan fyrir indjána í Bandaríkjunum að halda í menningararf sinn.

„Kumeya-þjóðflokkurinn er ólíkur þjóðflokk Guðrúnar og í Kaliforníu upp hann á 14 mismunandi verndarsvæðum í San Diego. Þau eru ólík innbyrðis, sums staðar býr efnað fólk. Annars staðar ríkir fátækt. En í okkar þjóðflokk er menntunarstig óvanalega hátt. Áherslan rík á menntun, við erum með dómara, lögfræðinga og indjána með doktorsgráður. Við notum ekki trommur og klæðum okkur ekki jafn mikið upp á og Otoe-þjóðflokkurinn, sem er eiginlega svona steriötýpan af indjána eins og vestræni heimurinn þekkir hann," segir Karen.

„Ég menntaði mig í bókasafnsfræði og rannsóknir eru mitt fag. Ég vinn samkvæmt samningi við félagsþjónustuna í San Francisco. Starf mitt felst í því að finna börn indjána í fósturkerfinu og hjálpa þeim tengjast uppruna sínum. Í Bandaríkjunum voru mörg börn tekin af indjánunum og sett í fóstur. Yfirvöld vildu gera þau hvít og rændu þau menningu sinni. Þau vildu taka ind-



### Otoe-sléttuindjánar

Otoe-indjánar bjuggu á sléttunum við Missourí-ána í Nebraska, Kansas, Iowa og Missouri. Þeir bjuggu í kofum byggðum úr trjáberki þar sem þeir stunduðu landbúnað en í tjöldum á ferðalögum og eins og margir aðrir þjóðflokkar sem bjuggu á sléttunum fóru þeir frá samfélögum sínum til að veiða vísunda.

### Verndarsvæðið í Oklahoma

Á nítjándu öld voru Otoe-indjánar neyddir til þess að búa á verndarsvæði í Oklahoma sem er undir þeirra stjórn. Flestir af Otoe-þjóðflokk búa þar enn. Þar hafa Otoe-indjánar sína heima-stjórn, lög, löggæslu og þjónustu. Þrátt fyrir það eru Otoe-indjánar einnig bandarískir ríkisborgarar og verða að lúta bandarískum lögum.

### Tungumálið chiwere

Otoe-indjánar tala ensku í dag. Áður töluðu þeir chiwere, merki-legt tungumál því konur og karlar töluðu með öllum hætti. Sem dæmi heilsuðu konur svona: Aha. En karlar sögðu: Aho.

Í dag er unnið að varðveislu tungumálsins.



Frá hátíðahöldum Otoe-indjána í Oklahoma í sumar. MYND/OMTRIBE.ORG

jánunum úr okkur. Þau gerðu það með því að taka börn markvisst og setja í fóstur. Gerðu ófrjósemissaógerðir á konum án leyfis. Sendu börnin í skóla og klipptu af þeim síða hárið. Vestu hvaða þýðingu hárið hefur fyrir indjána? Hárið er tengt tilfinningum okkar. Í sumum þjóðflokkum skerðir fólk hárið sitt þegar einhver því nákominn deyr. Það er mikið ofbeldi að klippa hárið indjána," segir Karen og strýkur langar fléttur.

„Ég sinni líka mikilli sjálfböðavinnu og andlegri vinnu. Það er oftast fólk sem verður á leið minni. Eins og Guðrún til dæmis. Það er

svona minn tilgangur í þessu lífi," segir Karen.

Guðrún segist hafa kynnt sér örliðið hætti Otoe-indjána. „Við erum búin að vera að horfa á þá á YouTube. Þeir eru litríkir," segir Guðrún. „Ég veit ekki hvað ég mun eiga sameiginlegt með þessu folki en sé það þegar ég kem út til þeirra," segir hún.

„Hvert eitt og einasta uppkomdi barn sem ég finn er svo verðmætt. Því við erum deyjandi. Við erum svo fá eftir. Það eru innan við þúsund eftir af okkar ættbálki," segir Karen. „Og í ættbálki Guðrúnar eru þau um 5.000 talsins. Það hefur svo margt

verið tekið af okkur og við þurfum að finna okkar leið til að endurheimta það. Þó að aðeins litill hluti verði endurheimtur, þá skiptir það máli. Og þótt maður verði að koma alla leið til Íslands, þá er það þess virði," segir Karen og segir að ef einhverja á Íslandi gruni að þeir eigi sér rætur meðal frumbyggja Ameríku þá skuli þeir ekki hika við að hafa samband við hana. „Þetta er hlutverk mitt svo fólk skal ekki hika. Ég á að finna þessi týndu börn og færa þeim uppruna sinn. Auðvitað get ég ekki hjálpað öllum. En einhverjum get ég hjálpað," segir Karen.



## Fallegt skrifstofuhúsnæði í sögulegu húsi

Vandað 217 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði á 3. hæð í lyftuhúsi á horni Aðalstrætis og Vesturgötu er laust til leigu. Rýmið, sem er ris með mikilli lofthæð, hefur verið vandlega endurnýjað af Minjavernd í upprunalegri mynd. Klassískir gluggar eru á göflum og þakgluggar hleypa aukinni birtu inn í miðju rýmisins. Fallegt tréverk, s.s. bitar í loftum og hefðbundin gólfborð gefa rýminu einstakt útlit. Lyftan opnast beint inn í rýmið.

Húsið, sem er fyrrum pakkhús reist árið 1905, ásamt samtengdu húsi Aðalstrætismegin, kallast einu nafni Ingólfsnaust því að á þessum stað herma sagnir að Ingólfur Arnarson, fyrsti landnámsmaður Íslands, hafi dregið skip sín í naust.

**Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á [www.reitir.is](http://www.reitir.is) og hjá Halldóri Jenssýni sölustjóra í 840 2100 eða [halldor@reitir.is](mailto:halldor@reitir.is).**





„Ég hef gert nokkrar tilraunir til að skapa fæting en það er ekki séns,“ segir Magnús þegar Jenný kveðst engan láta draga sig í rifrildi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Einu sinni var hver í eldhúsinu

Hljáan og rómantíkin geislar af hjónunum **Magnúsi Þór Sigmundssyni** tónlistarmanni og **Jenný Borgeðóttur**. Þau búa í blómabænum Hveragerði með ketti, hund og hænur og innri stofan er full af hljóðfærum og græjum enda er verið að hljóðblanda þar plötu.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



Við Jenný ákváðum mjög snemma að reyna að stilla okkur á sama hraða, við erum svo skyldar sálir. Það varð kveikjan að okkar sambandi,“ segir tónlistarmaðurinn Magnús Þór Sigmundsson. Kona hans, Jenný Borgeðóttir, tekur undir það og bætir við að þau séu búin að vera saman í 31 ár og byrjuð á ári númer 32. Magnús segir eitt af nýju lögnum sínum, Ein róandi, vera um fyrstu kynni þeirra. „Textinn er um það þegar hún teygir sig inn í hamrana í brjóstinu á mér, dregur mig út og

segir: Hérna ert þú, eða svona sé ég þig – og að þá leist mér bara vel á þann gæja.“

„Mér list ennþá vel á hann líka,“ segir Jenný brosandí. „Titillinn á laginu er samt stolinn,“ viðurkennir Magnús. „Móðurbróðir minn kom í heimsókn og líkaði vel við Jenný – menn og dýr elska Jenný – og þegar hann fór sagði hann: Já, Magnús, ég sé að þú hefur haft vit á að fá þér eina róandi!“

Sú fregn laug um netheima fyrir nokkrum vikum að þau hjón hefðu endurnýjað hjúskaparheitið og haldið sumarbrúðkaup í garðinum. Þau staðfesta hana. „Við báðum um eina heiðna athöfn þar sem Hilmar Örn allsherjagoði blessaði okkur, himininn og jörðina. Hver veit nema við tökum svo eina hindúíska og aðra búddíska!“ segir Magnús kíminn.

„Upphaflega giftum við okkur í Bessastaðakirkju. Það var 10. júní 1993 og þá var mikið rok,“ segir Jenný og bendir á mynd á vegg, þar virðast þau vera að fjúka. „Við höldum aldrei neitt sérstaklega upp á giftingardaginn, meira upp á sölstöðurnar því þá hittumst við fyrst,“ segir Magnús. „Á djasstónleikum í Duushúsi í Grjótaborpinu.“

Magnús er úr Njarðvíkunum og ólst upp við ameríska útvarpið sem hann segir hafa haft mikil áhrif á hann. „Því fylgdu aðrir menningarstraumar en íslenska útvarpinu eins og það var þá. Ég man eftir þáttum sem hétu Top Forty, þar hljómuðu nýjustu lög þeirra tíma,“ rifjar hann upp.

Jenný er fædd og uppalin að mestu í Reykjavík. „En ég er ættuð vestan af Mýrum, frá Brúarlandi, og þar var ég alltaf í sveit hjá ömmu og afa. Mér finnst ég alin þar upp líka – þar er andinn minn.“ Magnús segir Jenný hafa skapandi anda. „Hún þrjónar, saumar og leirar. Ég



## MÓÐURBRÓÐIR MINN KOM

### Í HEIMSÓKN OG LÍKADI

### VEL VIÐ JENNÝ – MENN

### OG DÝR ELSKA JENNÝ – OG

### ÞEGAR HANN FÓR SAGÐI

### HANN: JÁ, MAGNÚS, ÉG SÉ

### AÐ ÞÚ HEFUR HAFT VIT Á

### AÐ FÁ ÞÉR EINA RÓANDI!

Magnús

man fyrsta bíltúrinn sem við áttum saman. Þá var hún að þrjóna, ég man eftir smellunum í þrjónunum. Ég samdi um það popplag þar sem þessar ljóðlinur koma fyrir: Önnur eins spariföt enginn á, efnisvalið silkimjúkt, það klæðir mig svo sjúkt, alltaf hjartanu næst.“

### Viðbrigði að koma af Laugaveginum

Nú búa þau Magnús Þór og Jenný í blómabænum Hveragerði og hús þeirra er umlukið gróðri að miklu leyti. Það er líka ævintýralegt og hlýlegt þegar inn er komið, fullt af myndum, hljóðfærum, blómum og teppum. Þar spigspora um kettirinn Mosi, Móí og Dimmblá og einnig tíkin Garún Elsa. Í bakgarðinum vappa svo marglitar hænur.

„Við fluttum hingað 2. september 2001, úr Fálkahúsinu við Laugaveg

## Nokkur af vinsælum lögum Magnúsar Þórs

Still waiting

Hljóð er nóttin

Ást

Sú ást er heit

Álfar

Þú átt mig ein

Jörðin sem ég ann

Ást við fyrstu sýn

Amazon

Blue Jean Queen

Húmar að

Ísland er land þitt

Glæraugun hans afa

Börn

Regn

handu konu sinni, Viktoriu Arduino, og var fyrsta sjálfvirkta kaffivél. Ég vissi af svona könnu á Hótel Borg, nema stærri, þær voru víða á kaffihúsum á árunum 1930-1970. Svo sá ég þessa auglýsta á netinu og var búinn að tryggja mér hana eftir klukkutíma. Það er svoltið maus að laga kaffi í henni, það þarf að mala í hana og hlúa að henni.

Magnús er tónskáld og textasmiður auk þess að vera gítarleikari og söngvari. Ég króa hann af við kaffivélina og spyr hvort hann semji eitthvað á hverjum degi. „Ja, ég samdi eitt lag í gær. Er að vinna með manni frá Ameríku, Chris Omartini, sem flutti hingað í götuna með konu sinni, þau leigja húsið hennar Ágústu Evu í nokkrar vikur. Þar var hann með mjög fullkomin teki og núna erum við öllum stundum hér inni í stofu að hljóðblanda plötu – sem er æðislegt.“

Platan sem er í burðarlíðnum heitir Garðurinn minn og Magnús segir efni hennar hafa blundað með honum í tíu, tólf ár. Jenný sé mikill áhrifavaldur bæði tóna hans og texta, það fylgi henni ákveðin djúp þögn sem hægt sé að kafa í. „Jenný er ekki síbláðrandi en það sem hún segir er mælt af vísku og hæversku. Þabbi var svona þögull líka og sonur minn og einnig sonur hans. Það er lærdómur að skynja svona fólk. Þá er maður veiðimaður, kastar í dýpið og reynir að veiða hugsanir og orð. Eitt lagið mitt er um það, og heitir Afleiður undirliggjandi þagna.“

### Stundum kölluð skáldagdyjan

Titillag nýju plötunnar rekur Magnús líka til konu sinnar. „Hugmyndin að því varð til þegar ég sá Jenný krjúpa í garðinum, það var rigning og hún var komin á hnén fyrir neðan eitt tréð. Brumið var að byrja að koma. Ég hugsaði: Þetta er náttúrulega glæsilegasta blómið →

# Ferðakynning Bjarmalands

Norræna húsinu aðalsal  
sunnudag 30. september kl. 16:00  
Víðsýni í stórum heimi !

Haukur Hauksson, fararstjóri  
og magister í alþjóðamálum



## FRAMHALD JÓLA Í MOSKVA

Mesta vetrarhátíð Rússa á götum úti


4.- 8. janúar **166 300 kr.**



## INDLAND Í FEBRÚAR

Gullni príhyrningurinn og strandir GÓA

2.- 17. feb. **359 000 kr.**



## SILKILEIÐIN MIKLA

Úzbekistan og Túrkenistan í Mið-Asíu

18. apr.- 2. maí **488 000 kr.**



## ÆVINTÝRALJÓMI TRANSILVANÍU

Rúmenía - í fótspor Drakúla greifa

25. maí-1. júní **169 700 kr.**



## SVARTAHAF SUÐURSTRÖND RÚSSLANDS

Sotsí Olympíuborgin &  
glæst rússneska rívíeran

19.-29. júní **329 000 kr.**



## TRANS SÍBERÍULESTIN

í lúxustíl keisaranna

Moskva - Peking

ágúst



## SIGLING KEISARALEIÐIN

Moskva - Pétursborg

ágúst **307 000 kr.**



## GEORGÍA og AZERBÆDSJAN

Kákasusfjöll

14.-24. sept. **385 000 kr.**



## HÍÐ ÓPEKKA INDÓKÍNA

Víetnam og Kambódía

október **598 000 kr.**

Smökkun á eðaldrykkjum  
frá viðkomandi löndum. Önnur  
mál einnig rædd í lok fundar. Rússland fortíð, nútíð, framtíð ofl.

Ath.! Heili pakkinn, allt innifalið. Ekki „verð frá“ þar sem ýmis aukakostnaður bætist við

AFMÆLISSÝNING LAND ROVER

# 70 ÁRA SAGA SEM ER RÉTT A

landrover.is



## ÆVINTÝRALEG AFMÆLISSÝNING Í DAG FRÁ 12–16

Það er 70 ára afmæli – eða eins og Land Rover segir: Við erum rétt að byrja. Á sjö áratugum hefur Land Rover tekið sér bólfestu djúpt í hjarta þjóðarinnar; þarfasti þjónninn, ferðafélaginn og fallegi bíllinn. Og framtíðin er ekki síður spennandi með nýrri tækni og nútíma aflgjöfum.

Í dag bjóðum við í afmæli með kaffi og kökum og sýnum gömul og góð eintök af Land Rover, þar á meðal þann fyrsta sem kom til landsins – og að sjálfsögðu allt það nýjasta. **Vegleg afmælistilboð á völdum bílum.**

### LAND ROVER

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK  
SÍMI: 525 6500

# AD HEFJAST



ABOVE & BEYOND



ENNEW / BKA / INWOODS

LAND ROVER  
**70**  
YEARS

í garðinum. Svo ég bjó til lag um það.“

„Þórunn Antonía, dóttir hans Magnúsar, kallar mig stundum skáldagdygjuna, það finnst mér fallegt.“ segir Jenný sem kveðst þó ekkert skáld vera. „En ég kann að meta tónlist og elska hana.“

Nú tekur hún yfir í eldhúsinu því brauðbakstur er í aðsigi. Gerið búið að leysast upp og nú er komið að því að setja mjöllu út í og hræra. Svo þarf deigið að hefa sig. „Ég set grænmeti út í brauðið líka, til dæmis rauðrófur, það eykur hollustuna og litirnir koma vel fram þegar brauðið er skorið og gera það lystugt.“ lýsir hún.

„Já, svona brauðgerð er hálf heilög athöfn,“ segir Magnús og Anton ljósmyndari tekur undir það. „Verst að hafa ekki hverinn í eldhúsinu, þá hefði verið hægt að baka í honum,“ segir hann og við setjumst hlæjandi við borðstofuborðið með ilmandi kaffi í krúsum.

Nýja platan þróaðist í það að verða afmælisútgáfa enda varð Magnús sjöttugur nú síðsumars. Hún er unnin með piltum í hljóm-sveitinni Árstíðum. „Rosalega flottum strákum,“ svo notuð séu hans orð. „Ég ætlaði bara að fá þá til að vinna með mér eitt lag en þeir voru komnir hér inn með gítarana og hljómborðin og fóru að þefa meira af því sem ég var með og fletta og fannst það greinilega eitthvað spennandi. Alltaf að syngja og spila og stungu upp á því að við mundum bara vinna saman heila plötu. Mér leist vel á það enda finnst mér voða gaman að taka þátt í skapandi verkefnum en ég er ör en þeir mjög vandvirkir svo við þurfum að hafa svolitíð fyrir því að finna jafnvægið. Þegar þeir voru hér í janúar 2017 og sögðu: Heyró, Magnús, eigum við svo ekki bara að gera hljómplötu með haustinu? Þá hugsaði ég: með haustinu? fyrir mér var það ljósar fram í tímann!“

Magnús kveðst hafa drifið í að bóka stúdíó og grunnupptökurnar hafi verið gerðar í febrúar 2017 í hans tempói. „Við fórum í Sundlaugina, dásamlegt stúdíó sem Sigur Rós byggði, og þar var ýtt á upptöku. Ég vildi skapa óöryggi, væntingar og sköpun á staðnum og við kláruðum að hljóðrita þrettán lög á tveimur dögum. Ég vildi ekki endurtaka neitt, ekki syngja neitt aftur. Þannig verður til svo mikið ævintýri, augnablikið verður svo stórt, allt svo skýrt og einfalt. Ég vildi heldur ekki hlusta á upptökurnar í stúdíóinu, þá fara einhverjar allt aðrar stöðvar í gang, heldur fara beint í næsta lag og hlusta þegar upptökum var lokið. Þetta var fallegt sköpunarferli.“

Eftir þetta segir Magnús hafa hægst á vinnslunni. „Ég róaðist og sagði við Jenný: „Ég held það sé best að taka drengjunum eins og farfuglum, þegar þeir lenda á túninu þá gerum við eitthvað og þegar þeir fara þá er það í lagi, þeir koma



„Nú hugsa ég um barnabörnin, dýrin mín, garðinn og heimilið – og svo auðvitað Magnús. Ég hef nógu að sinna og mér leiðist aldrei.“



„Ég vildi skapa óöryggi, væntingar og sköpun á staðnum og við kláruðum að hljóðrita 13 lög á tveimur dögum.“

#### EKKI SÉNS AÐ RIFAST

Jenný er leikskólakennari en hætti að vinna fyrir tveimur árum. „Það var erfitt fyrst en ég gat bara ekki meira, var alltaf með höfuðverk og vöðvabólgu en er að ná mér hægt og rólega. Nú hugsa ég bara um barnabörnin, dýrin mín, garðinn og heimilið – og svo auðvitað Magnús! Ég hef nógu að sinna og mér leiðist aldrei.“

Hún segir tvo syni þeirra búa í Hveragerði. „Við keyptum hér ónytt húsnæði og gerðum það upp, öll fjölskyldan, á sjó mánuðum og nú er það hreður fyrir unga fólkio okkar,“ segir Magnús og bætir við að eitt barnabarnið, litil stúlka, verði kannski á plötunni á mynd sem var tekin af henni tveggja daga gamalli þar sem hún hvílir höfðið í hendi móður sinnar og horfir með öðru auganu á heiminn.

„Það er barnabarn númer tólf og eitt hefur bæst við síðan,“ segir Jenný ánægjuleg.

Hvenær á svo platan að koma út? „Í byrjun nóvember,“ svarar Magnús. „Við erum búnin að fá mann til að framleiða geisladiska og líka tvöfalda vinyllötu.“

„Já, við hipparnir verðum að hafa eitthvað til að halda á,“ tekur Jenný undir glaðlega. „Þónkið var vinsælt þegar ég var ung en mér fannst það alltof gróft og alltof hart, ég valdi að verða hippa og varð það alveg fram í fingurgóma. Mér finnst leiðinlegt að rifast og læt engan draga mig út í það.“

„Nei, ég hef gert nokkrar tilraunir til að skapa fæting en það er ekki séns,“ segir Magnús hlæjandi og heldur svo áfram að tala um plötuna. „Það mætti benda á að við erum að safna á Karolina Fund fyrir útgáfunni og verðum með heimatónleika fyrir þá sem leggja þar inn. Útgáfutónleikar verða í Háskólabíói 15. og 16. nóvember. „Það seldist strax upp á fyrri tónleikana, mér til undrunar,“ segir listamaðurinn.

„Það brast á einhver atvísun þýggja þannig að gömlu lögin mín eru að spretta upp hér og þar hjá kórum, einsöngvurum og lúðrasveitum. Þau hafa óðlast nýtt líf með nýjum kynslóðum. Ég vona bara að nýju lögin falli líka í krami.“

Nú er komið að myndatöku úti í garðinum, þar dafna ótal tegundir jurta í skjóli hússins, sem er tveggja hæða. „Þetta hús var búið að vera á sölu í eitt og hálf ári, áður en við keyptum það,“ segir Magnús Þór. „Ég skil það nú ekki,“ segir Anton ljósmyndari. „Hver vill ekki hver í eldhúsinu?“

**M18 FLAG**  
Aluöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar affi til þess að slípa, er léttari en snúurokkur í sinni stærð. Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum. Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)

**VERKFÆRA SALAN**

aftur.“ Þannig varð það. Við tókum til dæmis upp raddir hér í stiganum hjá okkur, þar er svo góður hljómur. Verkefnið tók eitt og hálf ári, í staðinn fyrir einn mánuð eins og ég hafði áætlað!“

Jenný segir Magnús vera sístarfandi. „Hann er með ADHD.“ „Já, ég vissi nú ekkert af því fyrr en ég var orðinn 39 ára. Þá þurftum við að fara með ungan son okkar í greiningu sem var uppi um alla vegg og úti um allt. Þegar ég las greininguna rann upp fyrir mér ljós. Ég var bara að lesa um mig. Ef ég hefði vitað þetta fyrr hefði ég getað unnið meira með það.“

„Þetta er auðvitað bara orka,“ útskýrir Jenný. „Við sögðum við strákinn okkar meðan hann var að læra að temja fjöríð að hann væri með aukabensintank en hann þyrfti ekki alltaf að vera með hann tengdan. Hann gæti stjórnað því hversu fast hann stigi á bensingjöfina og við kenndum honum það. Hann er fyrirmyndarmaður í dag, á konu og tvö börn og gengur allt í hagin.“



**ÞAÐ ER LÆRDÓMUR AÐ SKYNJA SVONA FÓLK. ÞÁ ER MAÐUR VEIDIMAÐUR, KASTAR Í DÝPIÐ OG REYNIR AÐ VEIÐA HUGSANIR OG ORÐ. EITT LAGIÐ MITT ER UM ÞAÐ, OG HEITIR AF-LEIÐUR UNDIRLIGGJANDI ÞAGNA.**

Magnús

# Fiskeldi

LAUGARDAGUR 29. SEPTEMBER 2018

Kynningar: Laxá hf



Fiskeldi getur haft gríðarlega mikil áhrif á uppbyggingu byggðalaga. Sveitarfélög sem hafa upplifað samdrátt árum saman geta skýndilega farið að vaxa og ýmis konar ný starfsemi getur hafist. NORDICPHOTOS/GETTY



## VAKI er stærri



- ✓ Aukið vöruúrval
- ✓ Betri þjónusta
- ✓ Öflugri þróun

Með Pentair sem eiganda Vaka höfum við fengið öflugan bakhjart í stóru og alþjóðlegu fyrirtæki. Nú hefur skapast sterkari staða til að uppfylla þarfir viðskiptavina okkar á enn kraftmeiri hátt en áður.

Fylgstu með okkur á [pentairaes.com/vaki](http://pentairaes.com/vaki)

## Fiskeldi getur mótað byggðalög

Sigurður Árnason, sérfræðingur hjá Byggðastofnun, hefur skoðað áhrif fiskeldis á byggðarlög. Hann segir að það sé erfitt að spá um áhrif fiskeldis á ákveðin sveitarfélög, en það geti reynst gríðarleg lyftistöng. ➔2

**Oddur Freyr  
Þorsteinsson**

oddurfreyr@frettabladid.is

**S**igurður Árnason er sérfræðingur hjá Bygðastofnun sem vann ítarlega skýrslu sem kallast „Bygðaleg áhrif fiskeldis“. Þar fjallar hann um hvernig fiskeldi getur haft áhrif á byggðir og gerir grein fyrir þeim áskorunum og tækifærum sem því fylgja.

„Á svæðunum þar sem fiskeldi er að koma inn hefur oft og tíðum verið fólksfækkun og hnignun til margra ára, sérstaklega á Vestfjörðum,“ segir Sigurður. „Komi inn ný atvinnugrein sem skýtur fleiri stöðum undir byggð og afkomu fólks, hvort sem það er fiskeldi eða önnur starfsemi, sérstaklega ef hún er á stórum skala, er það líklegt til að snúa þeirri þróun við. Það verði þá uppbygging, fólksfjölgun og annað slíkt.“

En þetta fer algjörlega eftir því á hvaða skala þetta verður og hvort eldisfyrirtækin fái öll leyfin sem þau sækjast eftir, eða einhvern hluta af þeim,“ segir Sigurður. „Svo snýst þetta líka að stórum hluta um hvernig fjármögnun er á þessu. Það er dýrt að koma upp fiski í kvíunum og þetta er fjárfrekt áður en þetta byrjar að gefa einhverjar tekjur.“

#### Getur styrkt alls kyns starfsemi


„Ef við gefum okkur að þetta verði á stórum skala þarf að gera ráð fyrir umtalsverðri fólksfjölgun á svæðunum til að mæta vinnuafslþörfinni. Það leiðir væntanlega líka til þess þá þurfi að byggja upp innviði eins og skóla, leikskóla og alls konar þjónustustarfsemi,“ segir Sigurður. „Þetta styrkir líka




Fiskeldi getur reynst lyftistöng fyrir byggðarlög, en það er erfitt að spá nákvæmlega um hvernig það hefur áhrif. NORDICPHOTOS/GETTY



**SIMRAD EK 15**


**Góð lausn fyrir vöktun eldiskvíá**









**KONGSBERG**



- Há upplausn, mikil nákvæmni
- Ein tíðni, einn geisli
- Hægt að vakta allt að 15 kvíar með einu kerfi
- Möguleiki á þráðlausum samskiptum milli tölvu og sendis
- Botnstykki komið fyrir í botni kvíarinnar og horfir upp

Askaland 2  
201 Kópavogur

**Simberg**  
Sími: 414-4414

www.simberg.is  
simberg@simberg.is

þjónustustarfsemi ýmissa aðila, til dæmis iðnaðarmanna, flutningabilstjóra og annarra sem koma til með að vinna við eða í kringum eldið.

Sveitarfélögin þurfa líka væntanlega að skipuleggja lóðir fyrir alla þessa nýju íbúa, þó það verði samt líka eitthvað um að fólk selji fasteignir sínar á þessum svæðum ef fasteignaverð fer upp. Eg hugsa að það hafi til dæmis gerst í einhverjum mæli fyrir austan í kringum álversframkvæmdirnar þar,“ segir Sigurður. „Þetta breytir náttúrulega heilmiklu, að fara úr þessum samdrætti sem hefur verið ráðandi, yfir í verulegan vöxt.“

Svo skiptir miklu máli í þessu hvað á að ganga langt í vinnslunni á hverjum stað. Hvort það eigi bara að slátra og pakka, eða fara út í framleiðslu á tilbúnni matvöru. Það getur skipt heilmiklu máli upp á hvað verða til mörg störf í þessu og hver tæknivæðingin verður,“ segir Sigurður. „Ef þetta verður á mjög stórum skala verður jafnvel kannski farið út í framleiðslu á umbúðum og fóðri líka, sem skapar ennþá fleiri störf. En þetta er eitthvað sem við vitum ekki og getum ekki vitað fyrir fram. Það ræðst bara hvort eftirspurnin kallar á þetta síðar meir og hvernig þróunin verður.“

#### Staðan ólík eftir stöðum

Í skýrslunni sinni skiptir Sigurður svæðunum þar sem heimilt er að stunda fiskeldi í þrjú aðalsvæði, sunnanverða Vestfirði, norðanverða Vestfirði og Austurland. Hann segir að staðan sé ólík á þessum svæðum.

„Þetta er líklega komið aðeins meira af stað á Vestfjörðum sunnanverðum en á þeim norðanverðum,“ segir Sigurður. „Á undanförunum árum hefur til dæmis orðið umbreyting á Bildudal, sem má segja að hafi verið hnignandi sjávarþorp. Núna eru þar tvær stöðir, laxeldið hjá Arnarlaxi og kalkþörungaverksmiðjan. Þar hafa orðið miklar breytingar og það er dæmi um hvernig þessir hlutir geta gerst. Þróunin er hins vegar styttra á veg komin á norðanverðum Vestfjörðum.“



Sigurður Árnason, sérfræðingur hjá Bygðastofnun, vann ítarlega skýrslu um áhrif fiskeldis á byggðarlög.

„Ef við gefum okkur að þetta verði á stórum skala þarf að gera ráð fyrir umtalsverðri fólksfjölgun á svæðunum til að mæta vinnuafslþörfinni. Það leiðir væntanlega líka til þess þá þurfi að byggja upp innviði eins og skóla, leikskóla og alls konar þjónustustarfsemi.“

Sigurður Árnason.

Fyrir austan höfum við tvö fyrirtæki, Laxa og Fiskeldi Austfjarða. Þau eru í samstarfi við fiskvinnslufyrirtækið Búlandstind á Djúpvaggi og eiga í því fyrirtæki. Þau ætla að vera með sameiginlega vinnslu á laxi á Djúpvaggi,“ segir Sigurður. „Það hentar ágætlega, þar sem Visir í Grindavík ákvað að hætta með fiskvinnslu á Djúpvaggi fyrir nokkrum árum.“

Ef þessar áætlanir ganga eftir að öllu eða miklu leyti þarf að fara í framkvæmdir á Djúpvaggi sem snúa að húsnæði og innviðum á staðnum,“ segir Sigurður. „Par getum við séð þorp umbreytast úr hefðbundnu sjávarþorpi yfir í meiri fiskeldistengda starfsemi.“

#### Erfitt að meta áhrifin fyrir fram

„Það er mjög erfitt að segja hvar fiskeldi á eftir að hafa mest áhrif á byggðir. Það fer eiginlega algjörlega eftir því hvernig leyfismálin fara og hvað fyrirtækjum finnst hagkvæmt að gera,“ segir Sigurður. „Djúpvagssvæðið og norðan- og sunnanverðir Vestfirðir eru líklegir til að verða fyrir mestum áhrifum, en þetta er eitthvað sem við vitum ekki.“

Það er samt mikilvægt að reyna að meta áhrif fiskeldis á byggðarlög fyrir fram vegna þess að sveitarfélögin þurfa að gera áætlanir og byggja upp eftir þörfum,“ segir Sigurður. „Ef það er farið úr samdrætti í uppbyggingu gæti til dæmis þurft að bæta við starfsfólki í skipulags- og byggingarmálum og breyta aðalskipulagi og deiliskipulagi. Svo gætu verið einhverjir þjónustuaðilar sem hefðu áhuga á auka við starfsemi sína á svæðinu, því þeir sjá fram á vöxt sem þeir vilja sinna.“

Það er erfitt að segja hvernig hlutirnir eiga eftir að þróast. Ef af þessari uppbyggingu verður, sem er nú kannski líklegt, þá er bara vonandi að þetta gerist á ákveðinn en seigfljóttandi hátt, en ekki með einhverjum hveli,“ segir Sigurður. „Þá verður auðveldara fyrir samfélögin að taka við þessari breytingu.“

# HELGIN

LAUGARDAGUR 29. SEPTEMBER 2018

## Helgin



Fólk um allan heim hefur spurt Google að hinu og þessu í 20 ár. Björgvin Halldórsson og aðrir Íslendingar geta ekki hugsað sér tilveruna án þess að gúgla. →4

Sogæðameðferðirnar hjá Heilsu og útliti eru svo vinsælar að stofan stækkaði nýverið húsnæði sitt. Fjöldi fólks hefur fengið bót meina sinna og eigandinn, Sandra Lárusdóttir, segist finna fyrir miklu þakklæti.

# Finum fyrir miklu þakklæti




Sandra Lárusdóttir og eiginmaðurinn Eyjólfur Kristjánsson. Hann fór nýverið í nám í tannhvittun og býður upp á þá þjónustu hjá Heilsu og útliti. MYND/EYÞÓR

# TEKK

## COMPANY

1998 - 2018

### AFMÆLISHÁTÍÐINNI LÝKUR UM HELGINA



TEKK COMPANY OG HABITAT  
SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI  
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN-FÖS 10-18  
LAU 11-17 OG SUN 13-17  
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS







Sandra og Eyjólfur með samstarfskonum sínum, þeim Guðrúnu Dilljá og Lísi Kristrínu, en í bakgrunni má sjá eina af Weyergans sogæðanuddsvélum.

#### Framhald af forsiðu →

Víð höldum upp á stækkun stofunnar með pompi og prakt um miðjan ágúst og erum afskaplega ánægð með breytingarnar," segir Sandra Lárusdóttir, eigandi Heilsu og útlitis í Hlíðasmára 17, en stækkunin var langþráð. „Eftirspurnin eftir meðferðum hjá okkur hefur stórukist og því þörf á fleiri meðferðarherbergjum og vélum en auk þess tók ég við umboðinu fyrir FitLine vitaminin sem njóta mikilla vinsælda, og einn daginn var ég hætt að geta snúið mér við á stofunni," lýsir hún hlajandi.

Söndru og samstarfsfólki hennar liður afar vel í Hlíðasmáranum þar sem Heilsa og útlit hefur verið til húsa frá því stofan var stofnuð fyrir fjórum árum. Því þótti þeim mikil lukka að geta fengið aðgang að aðliggjandi húsnæði. „Við þurfum bara að brjótast í gegnum vegg og úr varð mikil aðeintýri með frábæri niðurstöðu. Við erum rosalega ánægð með útkomuna.“

Nokkur meðferðarherbergi hafa bæst við með stækkuninni auk þess sem fjölgað hefur verið vélum sem notaðar eru í sogæðameðferðir en þær eru meðal vinsælustu meðferða stofunnar. „Sú breyting varð á að nú getum við þjónustað einn betur fólk sem er hreyfihamlað því við fengum VacuSport vél með sleða.“

#### Viðurkennd lækningatæki

Weyergans tækin sem notuð eru til sogæðameðferða í Heilsu og útliti eru viðurkennd þýsk lækningatæki sem notuð eru á heilbrigðisstofnunum í Þýskalandi. Sandra segir að VacuSport og Vacamed séu vel þekkt í heiminum en hafi upphaflega verið fundin upp fyrir NASA. Þannig hafi geimfarar verið settir í meðferð í þessum tækjum þegar þeir komu úr geimferðum til að þrýstjafna þá.

„Tækin búa til lofttæmisþrýsting sem eykur súrefnis- og blóðflæði um líkamann. Þetta hentar því vel fólki með bjúg, stíflur og bólgur og fólki með slæmt blóðflæði. Þessi tæki hraða mjög bataferli og endurhæfingu eftir sly, aðgerðir og meiðsli. Þannig losa þau líkamann hraðar við bjúg og vökvá

» Tækin búa til lofttæmisþrýsting sem eykur súrefnis- og blóðflæði um líkamann. Þetta hentar því vel fólki með bjúg, stíflur og bólgur og fólki með slæmt blóðflæði. Þessi tæki hraða mjög bataferli og endurhæfingu eftir sly, aðgerðir og meiðsli.

sem safnast fyrir í líkamanum og auka blóðflæði. Þetta virkar alveg ótrúlega vel og maður er stundum hissa á þeim undraverða árangri sem tækin gefa.“ Sandra bendir á að allt starfsfólk stofunnar sé faglaert og hafi sótt námskeið til að mega stjórna tækjunum. Sjálf er hún með leyfi til að kenna á tækin og útskrifast sem master þjálfari á næsta ári.

Hróður Weyergans sogæðanuddstækjanna sem Sandra hefur umboð fyrir hefur borist víða og nú er þau að finna á níu stöðum á landinu. „Við höfum selt slík tæki á stofur víða um land og nú má fara í slíka meðferð á Reyðarfirði, Sauðárkróki, Akureyri, Siglufirði, í Borgartúni, á Selfossi, í Borgarnesi, Vestmannaeyjum og hér hjá okkur í Kópavogi. Eg sé fram á að við verðum komin með vélar á enn fleiri staði á þessu ári.“

#### Þakklátir viðskiptavinir

Hverjir eru það sem sækja helst í sogæðameðferðirnar hjá Heilsu og útliti? „Yfirleitt er það fólk með stoðkerfisvandamál, flugfreyjur, íþróttafólk, fólk með slæmt æðakerfi, fólk sem er að sér eftir aðgerðir eða hreinlega fólk sem þjáist af síþreytu.“ Sandra segist finna fyrir miklu þakklæti og tekur dæmi um að nýlega hafi viðskiptavinur gefið stofunni nýja vél vegna mikillar ánægju með þjónustuna. „Þessi kona kom til okkar í hjólastól og spilar nú golf á Spáni.“



Svala Björgvinsdóttir söngkona mætti til Eyjólfis Kristjánssonar í tannhúttinu á dögnum. MYND/EYJÓRF

Þá leitaði Aron Einar Gunnarsson, landsliðsyrilíði í fótbolta, til Heilsu og útlitis fyrir HM í sumar. „Hann var ekki í góðu ástandi, meiddur á hné og ökkla og ekki viss um að geta spilað. Hann kom til okkar í sjö skipti þessa viku sem hann var heima. Eg veit ekki betur en að lækningin hafi síðan gefið honum grænt ljós á að spila. Hann var mjög ánægður með okkur og við hann enda færði hann okkur stærðarinnar Búddastyttu og blómvönd.“ lýsir Sandra og

bætir við að Kristbjörg, eiginkona Arons Einarssonar, hafi einnig komið til hennar á meðgöngunni þegar hún var þjúguð og þreytt.

#### Súrefnishjálmur, tannhúttun og snyrtimeðferðir

Heilsa og útlit er fyrst og fremst líkamsméðferðarstofa og snyrtistofa sem býður upp á mjög fjölbreyttar meðferðir. „Fyrir utan sogæðastígvef og sogæðatækin VacuSport og VacuMed erum við með vafninga fyrir appelsínuhúð og bólgur. Við fjarlægjum tattú og bjóðum upp á andlitsnýrtingu svo fátt eitt sé nefnt. Maðurinn minn, Eyjólfur Kristjánsson, fór út að læra tannhúttun og við höfum verið að bjóða upp á slíkt með góðum árangri. Þá hefur súrefnishjálmurinn umtalaði verið mjög vinsæll hjá okkur,“ segir Sandra. Hún lýsir hjálminum nánar. „Hjálmurinn er með innrauðum ljósum og hefur afar góð áhrif á öldrunareinkenni í húð og aðra húðkvilla á borð við rósröða og bólur. Þá hjálpar hjálmurinn til við asma og migreni. Þetta er því algert tófrataeki.“

Hjá stofunni má einnig fara í fitufrýstingu sem boðið hefur verið upp frá 2015. „Fitufrýsting er náttúruleg meðferð þar sem kuldi er notaður til að frysta og fjarlægja fitufurum. Fitufururnar skolest síðan út með sogæðakerfinu og við getum flýtt fyrir ferlinu með því að tvínnu sogæðameðferð saman

við fitufrýstinguna.“ Sandra tekur fram að alltaf sé passað að nota hæfilegan kulda sem valdi engum skaða.

#### Fitline, 100% náttúruleg afurð

Sandra hefur nýverið tekið við umboði fyrir FitLine vitaminin á Íslandi. „Þetta eru ein vinsælustu vitaminin á Íslandi og við erum með um 500 áskrifendur. Varan er hundrað prósent náttúruleg og unnin úr hreinni matvöru. Vitaminin eru í duftformi sem blandað er í vatn. Upptakan er því hundrað prósent. Vitaminin hjálpa fólki með meltingu, orku og svefn. Þau eru viðurkennd af Evrópusambandinu og standast alþjóðlegar öryggiskröfur um gæði og hreinleika.“ Sandra bendir á að hægt sé að fá kynningarpakka. „Þá getur fólk leitað til okkar og bókað ráðgjöf bæði varðandi líkamlega heilsu og fæðubótaefnin.“

Þær stofur sem bjóða upp á sogæðanudd með Weyergans tækjum eru: Heilsustofan Eygló, Selfossi, Heilsu- og fegrunarstofa Huldu, Borgartúni, Weyergans Stúdíó, Siglufirði, Gallery 730, Reyðarfirði, Nuddstofa Margrétar, Borgarnesi, Heilsa og Liðan, Akureyri, Heilsueyjan Spa, Vestmannaeyjum, og Tain og Strata, Sauðárkróki.

Nánari upplýsingar á heilsaogutlit.is.

## Stórkostlegur árangur

Ágúst Þórðarson fékk heilablóðfall og lamaðist á vinstri hlið líkamans. Í kjölfari fékk hann mikinn bjúg fyrir neðan hné, sér í lagi öðrum megin, og var að auki stíður í vinstri hendinni.

„Ég sá auglýsingu frá Heilsu og útliti um sogæðameðferð og hugsaði með mér að ekki gæti mér versnað við þetta. Eg keypti því tíu tíma kort hjá henni Söndru og fór í sogæðanudd í svokölluðum buxum og höndin fór í tunnu. Það var ekkert öðruvísi en það að bjúgurinn rann af mér og hreinsaðist út í gegnum þvagið. Eg fann strax mun á mér eftir fyrsta tæming og svo alltaf mér í hvert sinn, þetta var alveg stórkostlegt.“

Ágúst þjáðist af töluræðu jafnvægisleysi og eftir nokkra tíma ákvað hann að



þróa að hafa buxurnar upp undir bringuspólum. „Eftir tímann var ég aðstoðaður í skóna, renndi mér fram af bekknum og á gölföld og gat gengið án hækju,“ segir Ágúst en hann notar þó enn við hækju í dag en liður mun betur en áður. „Meðferðin hjálpaði mér mjög mikið. Löppin var orðin svo þung að ég var í vandræðum með að ganga með hækju en þetta er allt annað líf núna.“

Ágúst segir nauðsynlegt að viðhalda árangrinum en það sé engin kvöð enda afskaplega gaman að koma í Heilsu og útlit. „Starfsfólkid er svo jákvætt og þjónustulandað. Eg mæli hundrað prósent með þessari meðferð og finnst að svona tæki ætti að vera til á öllum heilbrigðisstofnunum.“

# Einkenni fæðuóþols horfin

Digest Spectrum meltingarensím hjálpa fólki með fæðuóþol og geta einkenni minnkað mikið og jafnvel horfið. Ensímin vinna á öllum fæðutegundum og eru sérstaklega öflug og skjótvirk.

**M**eltingarensím frá Enzymedica hafa rækilega slegið í gegn á Íslandi og hafa þau hreinlega umbílt lífi fjölda fólks. Meltingarensím virka þannig að þau eru tekin inn við upphaf máltíðar og virka samstundis. Fyrir suma dugar að taka þau stundum – eftir því hvað verið er að borða – og aðrir nota þau með öllum máltíðum. Ensímin eru náttúruleg og því engin hættu á því að eitthvað fari úrskeiðis í meltingunni heldur þvert á móti, niðurbrot fæðunnar verður meira og upptaka næringar-efna eykst ásamt því að ónot og ýmsir fylgikvillar léglegrar meltingar minnka eða hvefa.

## Fæðuóþol eða ensímaskortur?

Skortur á meltingarensímum er í daglegu tali oft nefnt fæðuóþol. Margir kannast t.d. við mjólkur-sykursóþol eða laktósaóþol sem er tilkomið vegna skorts á laktasa, ensími sem brýtur niður laktósan. Reyndar er það ekki alltaf svo að einkenni fæðuóþols komi strax í ljós og geta liðið allt að 72 tímar þar til einkenna verður vart. Oft er það líka svo að þau líkamlegu einkenni sem koma fram eru þess eðlis að erfitt er að átta sig á því að um fæðuóþol sé að ræða. Astæður fæðuóþols má oftast rekja til skorts á ákveðnum meltingarensímum og/

eða að líkaminn getur ekki virkjað ákveðin ensím. Þetta getur valdið vandamálum hjá fjölmörgum. Ekki bara magaónotum, þreytu eða öðrum kvillum, heldur getur það gerst að við fáum ekki þá næringu sem fæðan á að skila okkur.

## Einkennin hurfu!

Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir hefur ekki átt sjó dagana sæla en nánast allt sitt líf hefur hún verið að kljást við vandamál tengd meltingunni. Hún er skýrt dæmi um alvarlegt tilfelli fæðuóþols og það er ekki fyrr en nú eftir að hún fór að nota Digest Spectrum að hún sér til sólar og er farin að njóta þess að borða og liða vel á eftir. Saga hennar er ótrúleg:

„Ég hef verið með í maganum síðan ég var litil stelpa, oft með útþaninn og harðan maga og krampaverki eftir máltíðir. Þegar ég varð eldri bættust við ýmis einkenni eins og ógleði, brjóstsvíði, nábitur og mikil læti í maganum. Einnig fann ég fyrir ýmsu öðru án þess að tengja það við meltinguna og þarmaflórana en þetta var höfuðverkur, skapsveiflur, þirringur, mikið orkuleysi eftir máltíðir, huðflekkir, bjúgur, liðverkir, vöðva-bólga, nætursviti, erfiðleikar með svefn, nefrennsli, augnþurrkur og aukaklín festust. Ég hef prófað næstum allt til að láta mér liða

Ótrúlegt en satt, þá fann ég mun frá fyrsta degi, öll einkenni fæðuóþolsins minnkuðu til muna og mörg jafnvel hurfu. Aukaklínin eru einnig farin að losa takið og greinilegt að Digest Spectrum verður hluti af lífi mínu áfram.

Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir kennari

betur en með misgöðum árangri og ef ég fann mun þá var það einungis í stuttan tíma. Einnig hef ég farið ófær ferðir til ýmissa sérfræðinga en lítið komið út úr því nema að endingu var ég greind hjá ofnæmis-lækni með óþol fyrir aukefnum í matvælu og þá bæði náttúrulegum (náttúruleg rotvarnarefni) og tilbunum. Við að sneiða hjá aukefnum hefur margt lagast en samt vantaði eitthvað meira til að mér liði vel. Ég sá auglýsingu um Digest Spectrum og ákvað að prófa. Ótrúlegt en satt, þá fann ég mun frá fyrsta degi, öll einkenni minnkuðu til muna og mörg jafnvel hurfu. Þegar ég tek Digest Spectrum verð ég hvorki uppþembd né fæ ógleði,



Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir mælir með Digest Spectrum.



brjóstsvíða og annað sem ég taldi upp áður. Ég finn að ég er með mun meiri orku en áður og þar af leiðandi minni þirring og skapsveiflur. Ég ákvað að prófa að hætta tíma-bundið að taka ensím til að finna muninn og þá kom allt til baka aftur. Óþolið sem ég var greind með hefur minnkað til muna og ég þoli fullt af mat sem ég þóldi engan veginn áður. Einnig eru aukaklínin aðeins farin að losa takið án þess að ég hafi breytt öðru en þau hafa verið blýföst þrátt fyrir lífsstílsbreytingu og itrekaðar viðurkennar aðferðir til að léttast. Það er greinilegt að Digest Spectrum verður hluti af mínu lífi, ásamt Bio Kult Candea og chia-graut í morgunmat.“

## Hollur matur og óþol

Fjölmargir þjást vegna fæðuóþols af einhverju tagi og hafa ekki hugmynd um það. Það er vegna þess að erfitt getur reynst að tengja einkennin við meltinguna og þá staðreynd að kvillarnir eru að koma fram allt að 42-72 klst. eftir að matarins er neytt. Fólk getur haft óþol gegn ýmiss konar hollustufæði líka og þá getur verið enn erfiðara að átta sig því að við gerum oftast ráð fyrir því að þegar við borðum hollt, þá séum við að gera líkam-anum gott.


Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

## Hair Volume – fyrir líflegra hár

Hair Volume inniheldur jurtir og bætiefni sem geta gert hárið líflegra og fallegra.

Hair Volume bætiefnið getur hjálpað til við að viðhalda þykkt hársins og hárvexti. Það inniheldur jurtaþykki úr eplum sem er ríkt af Proxynanidin B2 og hirsu sem er bæði ríkt af steinefnum og B-vítamínum.

Bíótín og sink stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og kopar stuðlar að viðhaldi húð- og hárlitar.



# Parmaflóran, ónæmiskerfið og góð geðheilsa

Öflug og rétt samsett parmaflóra er grunnurinn að sterku ónæmiskerfi og rannsóknir hafa sýnt að rekja megi ýmsa líkamlega sem og andlega veikleika til lélegrar parmaflóru.

Í meltingarveginum lifa trilljónir baktería og eru flestar þeirra í ristlinum. Í daglegu tali köllum við þessar bakteríur parmaflóru því þær samanstanda af meira en 1.000 tegundum og í ristlinum sinna þær ýmsum afar mikilvægum hlutverkum. Þær framleiða m.a. vítamín, aminosýrur, stuttar fitusýrur og ýmis boðefni og ensím. Við þurfum því að hugsa vel um þær og passa að jafnvægi sé til staðar svo þær hugsi vel um okkur. Parmaflóran ver okkur líka gegn óæskilegum örverum og hefur margs konar áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsu.

## Veikindi vegna lífsstíls

Parmaflóran í venjulegri mann- esku inniheldur yfir þúsund mismunandi tegundir gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur auðveldlega raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, mikillar kaffidrykkju og ýmissa lífsstílsþingra þátta eins og mikils álags eða streitu, neyslu næringarsnauðrar fæðu og fæðu sem er mikið unnin. Fjölmargir eru líka að borða á hlaupum og á óreglulegum tímum sem er ekki síður slæmt. Við þessar aðstæður raskast jafnvægi parmaflórunnar og getur fólk þá farið að finna fyrir ýmsum óþægindum og veikindi farið að gera vart við sig.

## Líkamlegir og andlegir kvillar

Það er fjölmargt sem einkennir lélega parmaflóru eða að hún sé í ójafnvægi. Rannsóknir síðari ára hafa svo rennt styrkum stöðum undir það hversu gríðarlega mikilvægt það er að parmaflóran okkar sé í góðu standi bæði hvað varðar líkamlega sem og andlega kvilla. Það kannast sennilega flestir við ýmiss konar ónot sem við tengjum beint við meltinguna. Það getur t.d. verið:

- Uppþemba eftir máltíðir
- Erfiðað hægðir
- Vindverkir
- Gyllinæð (tengist oft harðlifi)
- Sveppasýkingar
- Huóvandamál



„Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og inntaka á öflugum mjólkursýrugerlum geta örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft þannig jákvæð áhrif á líkamsþyngd okkar.“

Hrönn Hjálmarsdóttir

Þetta er þó bara toppurinn á ísjakanum því nýlegar rannsóknir sýna að ástand parmaflóru í veikum einstaklingum er mun verra en hjá heilbrigðum. Þá er verið að tala um bæði líkamlega og andlega sjúkdóma af ýmsu tagi.

## Einhverfa, athyglisbrestur og síþreyta

Síðastliðin ár hafa menn verið að skoða parmaflóru með tilliti til kvíða, þunglyndis, einhverfu og athyglisbrests og nú síþreytu. Í ljós hefur komið að parmaflóra þessara hópa og síþreytu-



hópsins er ekki eins og hjá þeim sem eru hraustir. Rannsóknir hafa einnig sýnt að bæði forvörn og meðhöndlun á geðrenum og taugatengdum sjúkdómum á að beina að ástandi parmaflóru og meltingarvegjar.

## Hefur parmaflóran áhrif á þyngd?

Rannsóknir gefa til kynna að nokkuð sterk tengsl séu á milli ástands parmaflóru og líkamsþyngdar. Í stuttu máli þá bendir allt til þess parmaflóra fólks sem er grannvaxið sé önnur en í feitu fólki. Þetta gefur okkur vísbendingar um að fjöldi hitaeininga hefur ekki allt að segja um þyngd okkar, heldur hafi öflug og heilbrigð parmaflóra einnig mikið um það að segja.

Trefjaríkt fæði, gerjaðar afurðir og inntaka á öflugum mjólkursýrugerlum getur örvað vöxt hagstæðra örvera í meltingarveginum og haft þannig jákvæð áhrif á líkamsþyngd okkar. Það er nefnilega ekki alltaf málið að telja hitaeiningarnar, móttaka og vinnsla næringarinnar í þörmunum skiptir máli.

➤ Mikilvægt er að hafa parmaflóruna í góðu jafnvægi.

## Góðgerlar sem margfalda sig í þörmunum

Prógastró Gull mjólkursýrugerlarnir eru afar öflugir en í hverju hylki eru 15 milljarðar af gerlastofnum sem eru bæði gall- og sýruþolnir. Einn af þeim er *L. acidophilus* DDS®-1 en þetta er nafn á mjög áhrifaríkum gerlastofni sem margfaldir sig í þörmunum. *L. acidophilus* DDS®-1 er talinn gagnlegur fyrir alla aldursþópna og benda rannsóknir einnig til þess að þessi gerill bæti almennt heilsufar fólks.

Sólustaðir: Flest apótek, heilsu- búðir og heilsuhillur verslana.



2 mánaða skammtur

## Krill Oil - öflugustu Omega 3 fitusýrurnar

Krill olía er omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd, sótt í Suðurskautshafið sem er hreinasta hafsvæði veraldar. Líkaminn á mjög auðvelt með að nýta sér fitukeðjurnar í krillinu og ekkert eftirbragð er eftir inntöku.



„Eftir að ég fór að taka Krill olíuna finn ég mjög mikinn mun á mér og þá sérstaklega húðinni“

Kristófer Fannar Stefánsson



Fæst í apótekum, heilsu- búðum og heilsuhillum verslana.



# OPNUNARHÁTÍÐ Í LAMBHAGA

ÓPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 29. SEPTEMBER

## DAGSKRÁ

HÚSIÐ OPNAR KL. 10.00

- KL. 10.30 - 15.15 FRÁBÆRIR HÓPTÍMAR, ALLIR VELKOMNIR  
ÞEIR SEM MÆTA Í HÓPTÍMA FÁ REEBOK FITNESS BRÚSA  
(Á MEDAN BIRGDIR ENDAST)
- KL. 12.00 - 13.00 RATLEIKUR UM HÚSIÐ FYRIR BÖRNIN
- KL. 10.30 - 14.30 DJ JAY-O ÞEYTIK SKÍFUM Í TÆKJASAL
- KL. 10.00 - 15.00 INSTAGRAM LEIKUR  
TAKTU MYND Í PHOTOBOOTH, DEILDU Á INSTAGRAM  
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ VEGLÉGAN VINNING
- KL. 10.00 - 15.00 KYNNINGAR OG SMAKK FRÁ HLEDGLU,  
LEAN BODY OG BANG

GESTIR FÁ FRÁBÆRA AFSLÁTTARKÓÐA Á  
REEBOK.IS OG ADIDAS.IS

**ALLIR VELKOMNIR!**



# Reebok FITNESS

ENGIN BINDING

8 STÖÐVAR • 3 SUNDLAUGAR • REEBOKFITNESS.IS

# Google spurður í tuttugu ár

Tuttugu ár eru síðan Google fór að svara fólki um eitt og annað sem það vill vita. Gúggúl frændi, eins og síðan er stundum nefnd, reynist yfirleitt vel í leit að hinum ýmsu svörum.

Elin Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Google er spurður um allt milli himins og jarðar en þannig hefur það verið frá árinu 1998. „Hvað á ég að gefa kærastanum mínum í jólagjöf?“ eða „Hvernig verður veðrið á morgun?“ Um þetta er Google spurður og svo margt, margt annað. Það er líka hægt að spyrja um fatnað eða hluti, hvar ákveðin vara fæst ódýrust og hvað eina. Allt þetta veit Gúggúl frændi en spurningarnar hafa breyst í árunna rás.

Í hverjum mánuði fær Google yfir 100 milljarða heimsóknir hvaðanæva úr heiminum. Endalust bætast nýir spyrjendur við. Meira en helmingur heimsóknanna kemur úr farsísum og spjaldtölvum. Búist er við að árið 2020 verði helmingis allra spurninganna spurt með rödd, það þýðir að ekki þarf að skrifa leitarorðið heldur muni Google skilja mannamáli. Í fyrra voru gerðar um 2.400 endurbætur á leitarvélinni. Google-leitarvél er fánleg á yfir 150 tungumálum. Meðalsvartími á Google er fjórðungur úr sekúndu.

Núna þegar Google heldur upp á tuttugu ára afmælið er upplýst að stöðug aukning sé í verslun í gegnum netið. Þá hefur Google komist að því að nútímafólk sé forvitnara en áður, meira krefjandi og óþolinmóðara en nokkru sinni. Jafnframt er fólk duglegt að leita að hugmyndum eða fá innblástur í gegnum netið. Á undanförunum tveimur árum hefur orðið mikill vöxtur í verslun á netinu og fólk leitar jafnt að skóm, hárvörum, einhverju fyrir bilinn og nánast hverju sem er.

Það þarf víst ekki að koma á óvart að sú manneskja sem trónir í fyrsta sæti yfir þá sem leitað er að á Google er Donald Trump. Hann vermir líka fyrsta sætið yfir stjórnmálamenn en á eftir honum kemur Barack Obama og í þriðja sæti Adolf Hitler. Það fyrirtæki sem oftast var leitað að er Amazon og í öðru sæti er Walmart en í því þriðja er The Home Depot. Listamaðurinn sem er oftast leitað að er Katy Perry og í öðru sæti Beyoncé en Christina Aguilera í því þriðja.

Við spurðum fjóra Íslendinga



hvað þeir spurðu Google um síðast þegar þeir fóru inn á leitarsíðuna.

## Alltaf að spyrja Google

Viktoria Hermannsdóttir, dagskrárgerðarmaður á RÚV, segist hafa spurt Google um veitingastað í Kaliforníu þar sem hún er stödd um þessar mundir. „Ég fékk rétt svar og gat séð hvar staðurinn væri og hvað væri sagt um hann. Ég er alltaf að spyrja Google að einhverju. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég færi að án Google. Dóttir mín er líka dugleg að spyrja mig að ýmsu sem ég veit ekki svarið við og þá segir hún mér alltaf að gúgla það.“



Viktoria Hermannsdóttir er notað Google þar.

## Hvernig á að sjóða egg?

Greta Salome söngkona segist síðast hafa gúglað nákvæma tíma- og línsoðnu egg. „Ég elda mikið og tel mig nokkuð góða í því en mér tekst alltaf að klúðra línsoðnu egg. Þetta er orðið að árátta.“

Google gaf mér rétt svar en ég klúðraði því samt. Harðsoðið var það. Ég nota Google mjög mikið og veit ekki hvar ég væri án þess. Ég er mikið að spila erlendis og þá er Google Maps ómissandi. Ég væri týnd einhvers staðar í útlöndum ef ekki væri fyrir Google,“ svarar hún.



Greta Salome væri týnd í útlöndum ef Google væri ekki til.

## Spurði Google um Google

Atli Fannar Bjarkason blaðamaður segist ekki alveg muna hvað hann spurði Google um síðast.

„Ég gerði það eina rökréttta í stöðunni: Spurði Google. Google benti mér þá á eigin þjónustu sem heldur utan um hvern einasta leitarstreng sem ég hef stimplað inn í Google síðustu misseri. Þessu fylgdi loforð um að enginn annar en ég hef aðgang að þessum upplýsingum. Eins gott,“ segir hann.

„Ég komst sem sagt að því að ég spurði Google hvort það væri rafmagnslaust í Vesturbænum. Rétt svar var ekki langt undan og ég gat skokkað niður og látið nágranna



Atli Fannar Bjarkason spyr Google næstum hundrað sinnum á dag.

minn vita sem var einnig að velja þessu fyrir sér. Miðað við samantekt Google á notkun minni þar þá er ég mjög duglegur, 73 leitar bara í dag. Ég þarf að fara að finna mér eitthvað að gera. Eða geri ég kannski ekkert án Google?“ spyr Atli Fannar.

## Fékk alla söguna

Björgvin Halldórsson stór-söngvari var fljótur að svara þegar hann var spurður hvað hann gúglaði síðast. „Brett Kavanaugh. Ég fékk síðan söguna um hann á Wikipedia. Ég nota Google mikið og Amazon Echo. Stundum líka Siri á iPhone og iPad,“ segir hann.



Björgvin Halldórsson forvitnast um fólk í fréttum á Google.

## Náttúruleg SVITAVÖRN með MAGNESÍUM

- án áls (aluminium), parapena og annarra eiturefna -

NÝTT Á ÍSLANDI

FYRIR BÆÐI  
KONUR OG  
KARLA



Með því að nota magnesíum næst rétt sýrustig í handarkrikanum sem hindrar bakteríuvöxtinn sem veldur svitalyktinni.

Sölustaðir: Flest apótek, Heilsuhúsið, Fræið Fjarðarkaupum, Hagkaup, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

# Loksins omega 3 fiskiolíur frá WILEY'S FINEST

Omega-3 fitusýrur eru öllum nauðsynlegar. Ef við borðum ekki feitan fisk mjög reglulega, eða 2-3 í viku, er næsta víst að líkaminn þarfnast meira. Nú fæst Wiley's Finest á Íslandi.

Omega-3 fitusýrur koma víða við sögu í líkamanum. Þær eru í raun hverri einustu frumu nauðsynlegar. Heilinn þarf stóran skammt til að virka sem best. Taugakerfið, hjarta og æðakerfi, augu, innkirtlar og æxlunarfæri þurfa líka sinn skammt svo að öll líffæri virki eins og þau eiga að gera.

Fyrirtækið Wiley's Finest á langa sögu við framleiðslu á fiskiolíu. Hún er unnin úr sjálfbærum ufsastofni sem veiddur er í Beringshafi en það er með hreinni höfum heims.

Ufsinn er veiddur til matar og olian unnin úr afskurði og innflum, einkum hausum og lifur. Ekkert fer til spillis.

Vinnslan fer öll fram við bestu aðstæður og fer hratt fram til að viðhalda ferskleikanum sem best. Háteknir eru notuð til að hreinsa oliuna og gera hana neysluhæfa og staðlaða að styrkleika.

WILEY'S FINEST eru með gæði í fyrirrúmi og hafa hlotið allar helstu alþjóðlegar gæðavottanir í bransanum. Auk þess er fyrirtækið leiðandi hvað varðar lag



Ösp Viðarsdóttir næringarþerapisti mælir með Omega-3 frá Wiley's Finest.

TOTOX gildi sem er mælikvarði á ferskleika oliunnar.

- MSC ecolabel – óháð, alþjóðleg gæðavottun á sjálfbærni og rekjanleika sjávarafurða.
- NSF – óháð, alþjóðleg gæðavottun sem hefur strangt eftirlit með því að varan innihaldi það sem miðinn segir til um og að bestu aðferðum sé beitt.
- IFOS – óháð, alþjóðleg gæðavottun fiskiolíu. Hver framleiðslulota er prófuð og þarf að uppfylla strangar gæðakröfur t.d. hvað varðar oxun, innihald þungmálma og dioxins. Wiley's finest hefur hlotið 5 stjörnu vottun sem er fullt hús stiga.

*Nýjar kynslóðir hugsa ekki bara um hlutfall EPA og DHA, styrkleika eða form. Kröfing er ekki síður sú að afurðin sé fengin úr sjálfbærum iðnaði, sé rekjanleg og gangi ekki á auðindir.*

Fyrirtækinu er enn fremur umhugað um að sporna við plastnotkun. Því koma bætiefnin í dökku gleri og pappakössum sem vernda hana vel.

Allar vörurnar eru lausar við sykurlútu, glúten, sterkju, hveiti, hnetur, ger, gervibragð- og -litarfni, skelfisk, egg, soja og mais.

Hægt er að velja um fljóttandi oliu og mismunandi stærðir hylkja.

#### Orange burst – fljóttandi

- Hágæða ufsalysi með A- og D-vitamið frá náttúrunnar hendi
- Inniheldur einnig Omega-7, 9 og astaxanthin
- Friskandi appelsínubragð

#### Peak EPA – hylki

- Hágæða sterk blanda EPA og DHA Omega-3
- Án A- og D-vitamins
- 1 hylki á dag

#### Easy swallow minis – lítil hylki

- Hágæða, sterk blanda EPA og DHA Omega-3
- Í litlum hylkjum sem er auðvelt að gleypla
- 2 hylki á dag

#### Prenatal DHA

- Hágæða Omega-3 bætiefni fyrir barnshafandi konur og konur með barn á brjósti
- Hátt hlutfall DHA fitusýra sem eru sérlega mikilvægur fyrir heila og augu
- Hentar líka þeim sem vilja leggja áherslu á heila og minni
- 2 hylki á dag

#### Cholesterol support

- Hágæða blanda EPA og DHA Omega-3
- Með 800 mg af plöntusterólum sem rannsoknir hafa sýnt að geta stuðlað að kólesteróljafnvægi

Þessi vara fæst í Heilsuhúsinu og í völdum verslunum Lyfju og í netverslun [www.heilsuhusid.is](http://www.heilsuhusid.is), [www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)



## Tvöföld virkni gegn þvagfærasýkingu

Margir, sérstaklega konur, lenda í því að fá reglulega þvagfærasýkingu og sumar fá þær ítrekað. Þetta getur orðið vítahringur, lyf hætta að virka, meltingin fer í hnút vegna endurtekinna sýklalyfjakúra og lífsgæðin skerðast.

Margir leita eftir náttúrulegum lausnum og þar er ýmislegt í boði. Flestir kannast sennilega við trónuberjatoflur og -safa við þvagfærasýkingum. Ákveðin efni í trónuberjum geta komið í veg fyrir að bakteríur á borð við E.coli (algengasti valdur þvagfærasýkinga) nái að festa sig við vegg þvagblóðrunnar og valda sýkingu.

D-Mannose er náttúruleg sykra sem hefur svipaða eiginleika til að bindast bakteríum og hindra

þannig að þær nái föttestu og valdi sýkingu.

Með þessum nýjungum frá Solaray myndu þessi tvö efni saman öflugra heild sem getur gagnast mjög vel í baráttu við þvagfærasýkingar. D-Mannose with CranActin inniheldur skammta sem rannsoknir hafa sýnt að geri gagn.

Blandan reynist sérstaklega vel til að koma í veg fyrir endurteknar þvagfærasýkingar.

Ráðlagður skammtur af hylkjum: 2 hylki á dag með mat eða vatni.

Ráðlagður skammtur af vökvum: 1 msk á dag – má blanda í vatni.

Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfju, Lyfjum og heilsu, Apótekinu, Apótekarannum, Heilsuveri og Árbæjarapóteki.

**CranActin**



Blandan reynist sérstaklega vel til að koma í veg fyrir endurteknar þvagfærasýkingar.



Hin nýja stöð Reebok Fitness í Lambhaga verður búin frábærum tækjum og aðstöðu. Boðið er upp á fjölmarga skemmtilega tíma, m.a. í hóptímum og CrossFit.

# Glæsileg ný stöð í Lambhaga

Í dag opnar Reebok Fitness glæsilega líkamsræktarstöð við Lambaga í Reykjavík. Stöðin verður búin glænýjum fjölbreyttum tækjum, frábærri aðstöðu og úrvals kennurum. Í dag er opunarhátíð milli kl. 10 og 17 þar sem allir eru velkomnir.

Reebok Fitness opnar nýja og glæsilega líkamsræktarstöð við Lambhaga í Úlfarsfelli í dag. Stöðin er sú áttunda sem Reebok Fitness opnar en hinar sjö stöðvarnar eru allar staðsettar í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

„Við erum afar stolt af nýju stöðinni okkar sem mun helst þjóna íbúum í Úlfarsárdal, Grafarholti, Grafarvogi, Árbæ og Mosfellsbæ en auðvitað er hún opin öllum öðrum sem hingað vilja koma. Stöðin er búin rúmgóðum tækjasal með flestöllu sem þarf til að taka góða æfingu, þremur mismunandi hóptímasólum, heitum sal, hjólasal



Nýja stöðin verður opnuð í Lambhaga í dag, laugardag. MYNDR/ EYFÖR

og stórum sal fyrir danstíma og aðra frábæra tíma. Hér verður m.a. sauna, gufubað og heitur og kaldur pottur til að slaka á í eftir æfingu,” segir Ágúst Ágústsson, framkvæmdastjóri Reebok Fitness.

Á teygjusvæðinu verður auk þess hægt að kveikja á innrauðum hitalömpum sem talið er að auki virkni og áhrif teygjuæfinga bætur Einar Magnús, sölu- og markaðsstjóri, við. „Hot Yoga salurinn okkar er sá heitasti í bænum og þó viðar væri leitað. Salurinn er búinn innrauðum hitalömpum, hátækniloft-ræstingu og risarakatakaí, allt gert til að hámarka upplifun viðskiptavina okkar sem elska heita sali.“

## Frábært aðstaða

Stöðin gefur tóninn fyrir það sem koma skal í stöðvum þeirra og er fyrsta skrefið í að bæta aðstöðuna og auka fjölbreytnina enn frekar. „CrossFit aðstaðan í nýju stöðinni er mjög flott og inniheldur stóran og flottan sal, búinn öllu því helsta sem alvöru CrossFit salur þarf.“

Auk líkamsræktarstöðvanna


Stöðin er afar vel búin tækjum, sölum og ýmsum þægindum fyrir gesti okkar.

Ágúst Ágústsson

átta fá viðskiptavinir Reebok Fitness ókeypis aðgang að þremur sundlaugum; Salalaug og Sundlaug Kópavogs og Ásvallalaug í Hafnarfirði.

Aðrar Reebok Fitness stöðvar eru staðsettar í Holtagörðum og Faxafeni í Reykjavík, í Urðarhvarfi, Salalaug og Kópavogslaug í Kópavogi og í Asvallalaug og á Tjarnarvöllum í Hafnarfirði. Stöðvarnar í Lambhaga og í Holtagörðum bjóða upp á CrossFit aðstöðu.

Opnunardagur í Lambhaga er í dag milli kl. 10 og 17 og opið er á sunnudag milli kl. 9 og 16.



Einar Magnús, sölu- og markaðsstjóri og Ágúst Ágústsson framkvæmdastjóri.

# CrossFit er fyrir þá sem vilja komast í form

CrossFit er íþrótt sem hæfir fólki á öllum aldri og skiptir engu hvort viðkomandi er í góðu formi eða ekki. Í nýju Reebok stöðinni í Lambhaga er boðið upp á glæsilega CrossFit aðstöðu, frábær tæki og úrvals þjálfara.

CrossFit íþróttin hefur notið mikilla vinsælda meðal landsmanna undanfarin ár og með opnun nýju stöðvarinnar í Lambhaga bjóða tvær Reebok Fitness stöðvar upp á CrossFit aðstöðu og æfingar, Holtagarðar og Lambhagi. „Hér í Lambhaga munum við bjóða upp á rúmlega 50 tíma í hverri viku. Hefðbundnir WOD-tímur (e. Workout of the day) verða í miklum meirihluta en einnig er gott úrval af tímum sem eru ólítið sérhæfðir eins og ólympískar lyftingar (þriðjudaga og sunnudaga), fimleikatími (þriðjudag), teygjutími (laugardag) að ógleymdum Endurance (sunnudag),“ segir Brynjar Ingólfsson CrossFit yfirþjálfari hjá CrossFit Kötlu

sem er með aðsetur í tveimur stöðvum Reebok Fitness.

## Hæfir öllum

Til að geta mætt í hefðbundna WOD-tíma þarf þó fyrst að sækja grunnnámskeið sem stendur yfir í þrjár vikur bættir Davíð Örn Ólafsson, CrossFit yfirþjálfari, við. „Nú þegar er uppselt á öll grunnnámskeið okkar sem hefjast 1. og 2. október en næsta grunnnámskeið hefist svo 22. október og verður kennt mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga kl. 19.15 í Lambhaga.“

Þeir eru sammála um að CrossFit sé íþrótt sem hæfi fólki á öllum aldri og þá skipti engu hvort viðkomandi sé í góðu formi eða ekki. „Þú þarft klárlega ekki að vera í formi til að mæta í CrossFit. Þú mætir í CrossFit til að komast í form. Stærsti kosturinn að okkar mati við CrossFit æfingar er að þær eru ofboðslega fjölbreyttar. Vissulega kemur fyrir að við endurtökum æfingar til að mæla hvort við höfum bætt okkur en þess fyrir utan er ólíklegt að einhver leiði geri vart við sig. Annar kostur er svo að í raun þarf bara að mæta því það er búið að ákveða hvað þú átt að gera. Svo er það bara iðkandans að klára æfinguna.“

## Sterkt samfélag

Margir kostir fylgja því að æfa CrossFit hjá CrossFit Kötlu enda bein tenging við Reebok Fitness stöðvarnar segja þeir félagar. „Við-

skiptavinir hafa aðgang að öllum

opnum tímum sem eru í boði í öllum Reebok stöðvum og margir af iðkendum okkar nýta sér það, sérstaklega hjólatíma, teygjutíma og Yogatíma. Einnig má nefna langan opnunartíma í Holtagarðum sem er mikill kostur. Samfélagið í Kötlu er mjög sterkt og við munum eftir fremsta megni reyna að hlúa að því eins og hægt er þó við verðum komin á tvær stöðvar. Margir hafa eignast góða vini og kunningja á æfingu í Kötlu og jafnvel lífsförunaut. Nálægð þjálfara og iðkenda spilar stóra rullu í Kötlu en allir þjálfarar eru allir þjálfarar í Kötlu mæta á sömu æfingar og aðrir.“

Hjá CrossFit Kötlu starfa tíu þjálfarar á aldrinum 24-43 ára (5 konur og 5 karlar) og allir þjálfarar eru með L1 eða L2 réttindi.

Nánar á [www.crossfitkatla.is](http://www.crossfitkatla.is).



Davíð Örn Ólafsson (t.v.) og Brynjar Helgi Ingólfsson. MYND/EYÞÓR

# Vönduð og fjölbreytt námskeið í boði fyrir alla

Unnur Pálmarsdóttir líkamsræktarfrömuður er mannauðs- og fræðslustjóri Reebok Fitness og Katrín Björk Eyvindsdóttir er verkefnastjóri hóptíma. Þær segja skemmtilega tíma fram undan.

Hvað er fram undan hjá ykkur í nýju Reebok Fitness stöðinni í Lambhaganum? „Við bjóðum alla velkomna á opunarhátíð í Reebok Fitness Lambhaganum og að prófa úrval af opnum hóptímum, taka góða æfingu í tækjasal, skemmta sér eða einfaldlega lita við og skoða glæsilegu nýju stöðina og fá um leið upplýsingar um áskriftarleiðir,“ segir Unnur. „Við byrjum á frábærum spinning tíma, frumflutningur verður á nýjasta líkamsræktarkerfinu í Body Pump og Balance og boðið er upp á sjóðheitt Zumba. Einnig verður boðið upp á Fusion Pilates í innrauðum heitum sal, Hot Yoga og kynningu á nýju líkamsræktarkerfi, Gladiator Workout, sem er fyrir alla aldurshópa. Hóptímatáflan hjá okkur er mjög fjölbreytt og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“

Hverjar eru helstu nýjungar í hóptímum og þjálfun hjá ykkur þar sem þið bjóðið upp á fjölbreytta opna hóptíma?

„Við höfum verið dugleg að fá erlenda líkamsræktarfrömuði til okkar í Reebok Fitness og að mennta starfsfólk okkar. Við erum ávallt að leitast við að bjóða upp á það besta fyrir líkama og sál fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Katrín. „Meðal vinsælla tíma má nefna Body Balance, Yoga, Shape, SWEAT, Gladiator Workout, Zumba, Fusion Pilates, Hot Body, Hot Yoga, Tabata, Body Pump, 60 ára og eldri og Trigger Point Pilates. Við bjóðum upp á fjölbreytta og nýjustu hóptíma og við sjáum

aukningu í einkaþjálfun því viðskiptavinir eru duglegir að æfa í tækjasalnum og blanda saman tækjaþjálfuninni og hóptímum. Þar sem við bjóðum upp á innrauða heita hóptímasali þá er gott að taka góðar teygjur eða skella sér í innrauðan heitan Pilates eða yogatíma fyrir líkama og sál.“

Hvada námskeið eru þið að bjóða upp á?

„Við bjóðum upp á vönduð og fjölbreytt námskeið við allra hæfi en sérstæða Reebok Fitness er að bjóða upp á líkamsrækt fyrir alla aldurshópa með ólík markmið í huga. Úrvalið hefur aldrei verið meira fyrir alla aldurshópa. Má þar nefna UnglingaFit, Young Gladiator Workout, Fusion Pilates, Karla Yoga, Hot Power Toning, Yoga og Gong námskeið, Strong is the new skinny og fleiri,“ segir Unnur. „Við hvetjum alla til að mæta í dag og setja heilsuna og markmiðin í fyrsta sætið. Við eigum aðeins einn líkama og verðum að huga vel að líkama og sál til framtíðar. Andrúmsloftið hjá okkur er notalegt, rólegt og fjölskylduvennt og við bjóðum upp á einvalalið einkaþjálfara, kennara og starfsfólks.“

Hvetjið þið ekki alla, sem eru ekki nú þegar komnir af stað, til að koma og prófa?

„Við hvetjum svo sannarlega alla til að koma og prófa líkamsræktina hjá okkur í Reebok Fitness. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu okkar, [www.reebok-fitness.is](http://www.reebok-fitness.is), og við tökum fagnandi á móti þér,“ segja þær Unnur og Katrín að lokum.



Katrín Björk Eyvindsdóttir (t.v.) er verkefnastjóri hóptíma og Unnur Pálmarsdóttir er mannauðs- og fræðslustjóri Reebok Fitness. MYND/LAUFEY



# Rokk og ballerínur

Tískuvikan í París stendur nú sem hæst. Þar sýna heimsfrægir hönnuðir vor- og sumartísku ársins 2019.



## Dries Van Noten

Þægindi eru eitt af aðalsmerkjum Dries Van Noten. Þó er aldrei slegið af glæsileika eða gæðaeftum. Þar á bæ þykir lítið mál að para saman glimrandi kokteilkjöla við hermannaþaxur og útkoman er alltaf töff. Þetta tískumerki fetar vel þröngan stig hátísku og áreynsluleysis. Tískulínan í ár þótti standa undir merkjum en skærir litir á borð við gulan, kóbaltbláan og skærhvítan voru áberandi.



## Mugler

Casey Cadwallader tók þátt í sinni fyrstu tískusýningu frá því hann tók við sem listrænn stjórnandi Mugler. Á sýninguna valdi hann fyrirsætur sem þykja dansa á línu þess karlmannlega og kvenlega líkt og þegar hann kynnti Resort-línu sína fyrr á árinu. Þó þóttu flikurnar kvenlegri á sýningunni nú. Jakkaföt og stuttþaxur komu sterkar inn.



## Saint Laurent

Rokk sjöunda, áttunda og níunda áratugarins sveif yfir vötnum á sýningu Anthony Vaccarello fyrir Saint Laurent. Þar gat að líta flauelsjakka, leðurstuttþaxur, gagnsæja hlébarðakjöla og sanseraðar skikkjur.



## Christian Dior

Maria Grazia Chiuri, hönnuður Christian Dior, elskar þemu og olli ekki vonbrigðum í þetta sinn. Prima ballerínur urðu fyrir valinu. Dansarar þeyttust um sviðið meðan fyrirsæturnar sýndu fót sem drögu dóm bæði af sviðsbúningum ballettsins og fötum sem dansarar klæðast utan sviðs og á æfingum.

Nýr **2018 Ford Transit Custom L2H1** 9 SÆTI



Bein- og sjálfskiptir

forskraning@forskraning.is  
s. 551 6161

Verð frá **3.690.000** án vsk.  
4.575.600 m.vsk.

**PFAFF**

Pfaff er rótgróð fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt síðan 1929. Pfaff hefur frá upphafi verið valið af Creditinfo í hóp Framúrskarandi fyrirtækja landsins.



## Pfaff leitar að söluráðgjafa í verslun

Starfið felst aðallega í sölu á ljósum, heymartólum, smáraftækjum og saumavélum – allt vörumerki á heimsmælikvarða.

„Svo má fara heim með góssið og láta lýsa í herberginu því LED-ljósin gefa mjög flotta birtu í myrkrinu og hægt að velja perur í öllum litum og gera hvað sem maður vill með því að nota þau í munstur eða augu. Það lifir líka lengi á perunum og hægt að slökkva og kveikja á vild."

Hún segir góða tilfinningu og gefandi að skapa úr rusli.

„Það skrúfar frá imyndunaraflinu að horfa skapandi augum á rusl og ætla sér að gera nýtt úr því. Það þarf



Heimatilbúið gæludýr með gul augu og rauðan blikkandi nebba.



Æðisleg stelpa með gul blikkandi augu og ómótstæðileg augnhár, gerð úr pappa og klósetrulluhöf.

heldur ekki alltaf að kaupa nýtt og í vinnusmiðju sem þessari verður sköpunarkrafturinn enn öflugri en með keyptu dóti. Tækniföndrið eykur líka vitund barna um verðmæti sem annars færu til spillis, og ekki síst foreldranna. Þetta er því góð stund til að pæla í endurvinnslu með mömmu og pabba, eða afa og ömmu í skemmtilegri fjölskyldusamveru."

Blikksmiðjan verður opnuð klukkan 13 í dag og stendur fram á miðjan dag.

„Maður þarf alls ekki að vera

tækninörð til að njóta sín í tækniföndri en tækninörðar sækja að sjálfsögðu í þetta og kunna á þessu tókin. Hinir fá hjálp frá mér og ég sýni þeim hvernig á að fara að," segir Ninna full tilhlökkunar og vonast til að sjá sem flesta.

Blikksmiðjan verður í Borgarbókasafninu í Sólheimum 27. Allt efni verður á staðnum og þátttaka er ókeypis. Opnið verður til klukkan 15 í dag, laugardag.

## JÓLAHLAÐBORÐ

Veglegt sérblað Fréttablaðsins  
um jólahlaðborð kemur út 5. október nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss  
í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Arnar Magnússon

Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins, arnarm@frettabladid.is Sími: 512-5442



5. október

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



## Gæðakerrur fyrir öll tækifæri - mikið úrval aukahluta

### Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseginnleika sem auðvelt er að geyma uppá enda. Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.



Frá  
139.000,-  
m/vsk

Frá  
389.000,-  
m/vsk



### Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:

- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn



Innbyggð geymsluhólf



Innfelldar krækjur

### Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur
- Burðargeta allt að 2.835 kg.



Fjöldi botnstífa



Aðeins 12° halli

Frá  
1.069.000,-  
m/vsk



### Söluaðilar Motormax:

**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
603 Akureyri  
Sími 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
260 Reykjanesbær  
Sími 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
800 Selfossi  
Sími 480-8000

**TOPPBÍLAR**  
Kletthálsi 2  
110 Reykjavík  
Sími 587-2000

**KRAFTVÉLAR**  
Dalvegji 6-8  
201 Kópavogur  
Sími 535-3500

**Kaupfélag Skagfirðinga**  
Ártorgi 1  
550 Sauðárkrúkur  
Sími 455-4500

**NI**  
Klettagörðum 13  
104 Reykjavík  
Sími 440-1243

**MotorMax**

**Motormax ehf.**  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

# Greindu fjórar gerðir persónuleika

Ný rannsókn á niðurstöðum 1,5 milljóna persónuleikaprófa leiddi til þeirrar niðurstöðu að til séu fjórar megingerðir af persónuleikum, en í þeim blandast fimm persónueinkenni saman á ólíkan hátt.

Oddur Freyr Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is



Á internetinu er hægt að finna gífurlegt magn af alls kyns persónuleikaprófum. Fólk er duglegt við að taka slík próf og margir virðast vilja átta sig betur á hvers konar týpa þeir eru. Yfirleitt hafa slík próf litil sem engin vísindi á bak við sig, en rannsakendur við Northwestern-háskóla í Bandaríkjunum rannsökuðu niðurstöður 1,5 milljóna persónuleikaprófa og segjast hafa greint fjórar megingerðir af persónuleikum; fyrirmynd, sjálfhverfur, hlédrægur og



Það getur reynt þrautin þyngrri að flokka alla eftir persónuleikum, en rannsakendur við Northwestern-háskóla segjast hafa greint fjórar megingerðir persónuleika.

MYNDR/NORDICPHOTOS/GETTY

» Rannsakendur taka fram að persónuleikar fólks geti breyst með aldri, þannig að sami einstaklingur getur fallið í ólíka flokka á ólíkum æviskeiðum.

venjulegur. Niðurstöður þeirra voru birtar í ritrýnda vísindatímaritinu Nature Human Behavior.

Fólk hefur reynt að átta sig á helstu gerðum persónuleika og flokka fólk þannig eftir persónugerðum í meira en tvö þúsund ár. Heimspækjar í Grikklandi til forna voru meðal þeirra fyrstu sem vitað er til að reyndu þetta og tilraunirnar halda áfram á internetinu í dag. En við erum öll ólík og persónuleikar eru oft mjög flóknir.

## Fimm eiginleikar einkenna fólk

Sálfræðingar horfa oft til persónueinkenna til að átta sig á persónugerðum, en fólk getur sýnt persónueinkenni sem ríma við eina persónugerð í ákveðnum aðstæðum, en svo sýnt gjörólíka eiginleika í öðrum aðstæðum. Við erum einfaldlega of flókin til að það sé auðvelt að flokka okkur snrytilega.

Rannsakendur segja að það séu fimm eiginleikar sem sálfræðingar um allan heim séu almennt sammála um að einkenni persónuleika fólks. Þau eru:

- **Að vera opinn** – Hversu forvitni fólk er og hversu opið það er fyrir nýjum upplifunum og upplýsingum.
- **Samviskusemi** – Hve hugulsamt og áreiðanlegt fólk er.
- **Mannblendni** – Hversu úthverft, ákveðið og félagslynt fólk er.
- **Samvinnuvilji** – Hve miklar áhyggjur fólk hefur af öðrum og hversu tillitssamt og samúðarfullt það er.



Flestir eru nú venjulegir, en þetta fólk er aðeins yfir meðallagi hvað varðar taugaveiklun og úthverfu og er lítið opið, en er almennt bara í meðallagi.

- **Taugaveiklun** – Líkurnar á tilfinningalegu ójafnvægi, skap-sveiflum, þunglyndi, einmana-leika, reiði og depurð.

Rannsakendurnir fóru yfir gögn frá meira en 1,5 milljónum manns sem höfðu tekið persónuleikapróf og greindu hversu ráðandi þessi persónueinkenni voru hjá fólkinu. Slík greining var ómöguleg fyrir tilkomu internetsins, segja rannsakendurnir, því netið auðveldar það verulega að greina mikið magn af gögnum.

Ut frá greiningu sinni skilgreindu vísindamennirnir svo fjórar gerðir persónuleika, sem hafa mismunandi blöndu af þessum fimm eiginleikum.

## Fyrirmynd

Þetta fólk er með háa einkunn í öllum eiginleikum, nema tauga-veiklun. „Þetta er fólkið sem er vinnjarnlegt og samvinnuþýtt,” segir prófessor Luis Amaral, sem leiddi rannsóknina. „Það eru ekki tauga-veiklað og hefur opinn huga.”

## Sjálfhverfur


Amaral segir að þetta sé fólkið sem er næstum algjör andstæða fyrirmyndarinnar. „Þetta er fólkið sem leggur ekki hart að sér, það eru frekar ósamvinnuþýtt, hefur ekki opinn huga og er úthverft.”

## Hlédrægur

„Þetta fólk hefur litla taugaveiklun og er lítið opið,” segir Amaral. „Aftur á móti er það líklegt til að vera bæði samviskusamt og samvinnuþýtt.”

## Venjulegur

Fæstir vilja kenna sig við að vera venjulegir, en samkvæmt rannsókninni falla flestir í þennan flokk persónuleika. Þetta fólk er aðeins yfir meðallagi hvað varðar taugaveiklun og úthverfu, en er



Sjálfhverfir persónuleikar eru úthverfir, leggja ekki hart að sér, eru ósamvinnuþýðir og lokaðir.

lítið opið. Prófessor Amaral segir að það sé mjög lítið að segja um þennan hóp, hann sé bara í meðallagi.

## Getur breyst með aldri og menningu

Rannsakendur taka fram að persónuleikar fólks geti breyst með aldri, þannig að sami einstaklingur getur fallið í ólíka flokka á ólíkum æviskeiðum.

Þar sem allir þátttakendur í rannsókninni töluðu ensku og höfðu aðgang að tölvu má gera ráð fyrir að meirihlutinn komi frá Vesturlöndum. Rannsakendur vilja nú auka umfang rannsóknarinnar til að sjá hvort sömu persónuleikagerðir séu ráðandi þar sem fólk talar önnur tungumál og hefur aðra menningu.

## Það eru ekki allir mjólkursýrugerlar eins



Probi Mage LP299V<sup>®</sup> inniheldur *Lactobacillus plantarum* 299<sup>®</sup> (LP299V<sup>®</sup>)



Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti gefur Probi Mage LP299V<sup>®</sup> mjólkursýrugerlum sína allra bestu einkunn.

Prófessor Bengt Jeppsson hefur starfað hjá Probi AB í Svíþjóð í yfir 25 ár, eða frá því að hann og kollegar hans uppgötvuðu mjólkursýrugerilinn *Lactobacillus plantarum* 299<sup>®</sup> (LP299V<sup>®</sup>).

Fæst í apótekum og heilsuverslunum,  
Hagkaup, Melabúðinni Fræinu,  
Fjarðarkaupum auk valdra útsölastaða um land allt.

abel heilsuvörur

# Kerrur í úrvali

Dýskar gæðakerrur á góðu verði

STEMA Rocko  
Sturtuvagn  
**954.990**  
kr. m.vsk



STEMA SyStema  
flutningavagn

**669.990**  
kr. m.vsk



STEMA Bauma  
véla/tækja flutningakerra

**909.990**  
kr. m.vsk



STEMA Atour Grande  
Bílaflutningakerra

**742.990**  
kr. m.vsk

Dýsku gæðakerrurnar frá STEMA rjúka út.  
Við eigum nokkrar kerrur til á lager.  
*Kerrur í alla flutninga fyrir verktaka og heimili.*

asaf.is  
**ÁSAFL**

HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI



Facebook  
Ásafi



Instagram  
asaf.is

Sími: 562 3833  
Opið 8:30 - 17 virka daga  
asaf@asaf.is - asaf.is



# Smáauglýsingar

512 5800

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjór hjólin eru með power stýri, 100% driflæsing. Lítt, lípur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

SUZUKI  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is / suzukisport.is

## KRÓKUR

### ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bílauppbod.is er uppbóðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kyntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppbod - Krókur  
Sími: 522 4610  
www.bilauppbod.is

## Bílar til sölu



Nissan X-trail 2007, ek. 134000, með krók og göðum heilsársdekkjum. Verð 750þkr. Uppl. í s. 894-4082



**TILBOÐ 1,2 MILLJ. STGR.!**  
Renault Scenic III 2013 ssk, dísel, ekinn 80 þús, 5 manna frábær fjölskyldubíll. Fæst á 1,2 millj. stgr. Hjórdís 896-0753

## Vinnuvélur

### Vinnulyftur htækjaleigan.is



TÆKJALEIGA & SALA  
SÍMI: 858 04 00

## Bílaþjónusta

### VAKA

VIÐ VÖKUM MEÐ PÉRI!  
KRANABÍLAÞJÓNUSTA  
ALLAN SÖLAHRINGINN



Sími: 567 6700 | vakahf.is

## Hjólbarðar

### OK VARAHLUTIR



**TECHKING VINNUVÉLADEKK**  
Vorur að fá nýja sendingu af hinum frábæru vinnuvéladekkjum frá Techking Búkoludekk-hjólasköfludekk Ofn. Ymsar algengar stærðir. O.K.Varahlutir ehf. Fyrirsp. sendist á okspar@sinnnet.is

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningamestari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**  
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélag, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafli, fyrirtækjafl, pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Til sölu



### VW Crafter 4x4 Obereigner

Árgerð 2014 - ekinn 109.000 km.

Bíllinn er vel útbúinn með driflæsingu að aftan, hátt og lágt drif breyttur 35" dekk (búið að breytingarskoða bílinn). Verð 5.950.000 + vsk

Nánari upplýsingar á www.enta.is og í síma 893 3344

## Húsviðhald



VIÐ HREINSUM ALLAR GERÐIR LOFTRÆSTIKERFA. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**  
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, mürun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**  
Stjörnuþá. Tarot. Árssþá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

Gvendarbás Rafvirkni- Alhliða rafagnir. Sími 853-1199 gvendarbas@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu



Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira göðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW.HUMARSALAN.IS S. 867 6677

## Til sölu

## TIL SÖLU

### Úlfur í sauðagæru



BMW X5 40D M Sport, smíðáárgerð 2013 nýskráður 11/12. Ekinn 99 þús km.

Allir hugsanlegir aukahlutir, mjög vel með farinn. Stærri vélin, fjölskyldubíll en úlfur í sauðagæru. Verð 5.950.000.

Upplýsingar á grenivellir@gmail.com

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

## Ferðaðjónustuhús

Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða  
www.reisum.is

## Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur! Kíkjið á facebook síðu okkar: facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

Verið hjartanlega velkomin.

Timapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

## LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta. Metum ástand og gerum við. www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbrí.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

## viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



## Bilvogur eh/f

Bifreiðaverkstæði  
Aðbrekka 17  
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran fyrir veturinn. Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílavígðerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Skólar & Námskeið

### Námskeið




### ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA

Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ISLENSKA f. Útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 1/10, 29/10, 26/11 - 2019: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7: 4weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evenings. Morgna/Síðd/Kvöld. Skráning: www.iceschool.is - ff@icetrans.is - facebook.com/fullordinsfraedslan. Fullorðinsfræðslan-IceSchool. Armúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrússon.



## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludýr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Góð 3ja. herb. íbúð í Stangarholti, laus í 1. október. Verð 245þús per. mán. Nánari uppl. í s. 663-5790

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Barftu bitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

#### JÁRNSMIDJA

Vantar vandvirkan og góðan járnsmið sem getur unnið sjálfstætt. Íslenskumálendi. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. 899 5979

Bilstjóri óskast á sendibíl, meirapróf ekki nauðsynlegt, íslenskunnátta, hreint sakavottorð. Uppl.s: 8999288

Óska eftir veltjóra og einnig háseta á Tæplega 200t netabát sem gerður er út frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 892 5522

## AUKAVINNA/SKÓLAFÓLK

Starfsfólk óskast á kvöld og eða helgarvaktir í sjoppu í 101 RVK. Umsóknir sendist á atvinna234@gmail.com

### Atvinna óskast

#### STARFSFÓLK Í BODI

Höfum í okkar röðum áreiðanlegt og reynslumikið starfsfólk í hin ýmsu verkefni. Meðal annars í smíðavinnu, flísalagnir og aðra múrvinnu, pipulagnir, vélavinnu og málningavinnu ásamt allri almennri verkamannavinnu.

Manngildi Starfsmannaþjónusta

s.780-1222

#### VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?

Höfum á skrá menn sem geta hafð störf með skömmum fyrirvara.

Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is

**GEFÐU HÆNU**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf Kirkjunnar

## Tilkynningar

### Tapað - Fundið




#### TÝNDUR

Tigri, eins árs gulbröndótti kötturinn okkar er týndur. Hann hvarf seinni hluta Föstudags 21. Sep frá Efstilundi, í Garðarbæ.

Hann er með brúna ól og fjólublátt merki með nafninu sínu, heimilisfangið okkar og símanúmerið okkar. Hann elskar heimilið sitt svo það er ekki líkt honum að fara að heiman og snúa ekki til baka. Íbúar í nágrenni við Efstalund, vinsamlegast athugið hvort Tigra er að finna á lóðinni í kringum húsið ykkar, inn í bílskur, inn í geymslu eða hvar svo sem köttur gæti mögulega hafa lokast inni.

Værum innilega þakklát ef þið hefðuð augun opin fyrir okkur og ef finnið hann þá vinsamlegast passið hann og hringið í 852 1203/8631205.



## Til sölu



Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Smíðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

## Vírushreinsun og stýrikerfis-hreinsun

Fljót og góð þjónusta



tölvuvinir.is  
tölvuverkstæði



Hafðu samband  
Sími: 445 0100  
Langholtiavegur 126  
104 Rvk.

## SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:  
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17  
Laugardaga frá 12-15

Langholtiavegur 126  
104 Reykjavík  
www.sker.is

# Opið hús

Sunnudaginn **30. sept** verður Spánarheimili með opinn kynningarfund á skrifstofu fyrirtækisins, 2. hæð í Firði verslunarmiðstöð Hafnarfirði milli klukkan **13:00** og **17:00**.

Farið verður yfir alla þætti sem snúa að **fasteignakaupum** á Spáni

- Skoðunarferðir til Spánar
- Costablanca norður og suður kynnt
- Kaup og sala eigna
- Bankaviðskipti og fjármögnun á Spáni
- Rekstur fasteigna á Spáni
- Útleiga fasteigna
- Eftirsölupjónusta við viðskiptavinum
- Vildarklúbbur Spánarheimila



**Baldur Heimisson** starfsmaður Spánarheimila á norðurhluta Costablanca verður hjá okkur og kynnir sérstaklega svæðin við :

**Alicante • Altea • Moraria • La Nucia • Valencia • Denia • Albir • Calpe • Javea • Benidorm**



**spánarheimili**

símanúmer : 5-585858

www.spánarheimili.is



## Námskeið

**Kyudo - Japönsk bogfimi  
Annað og meira en íþrótt****Námskeið fyrir  
byrjendur**

Áhugaverð grein sem er stunduð af miklum fjölda fólks í Japan og annars staðar. Byrjendur skjóta á strásívalning („makiwara“) af stuttu færi og lengra komnir á mark af 28 metra færi.

**Kennarar**

Elsa Guðmundsdóttir, 4. dan  
David Tomis, 4. dan

Nánari upplýsingar í síma 8978765 og á vefsíðu: [kyudo.is](http://kyudo.is)

**ERTU Í LEIT AÐ  
DRAUMASTARFINU?**

Finndu þitt starf á [atvinna.frettabladid.is](http://atvinna.frettabladid.is)

FRÉTTABLAÐIÐ IS Job.is

## Fasteignir

**Smart einbýli með hita í gólfum  
frá 24,6 milljónum**

Opið hús laugardag og sunnudag kl. 13-16  
að Hraunholti 1, 190 Vogum.



Húseining framleiðir smáhúsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1 í Vogum. Húseining býður upp á gott úrval af húsagerðum, þar sem allir eiga að geta fundið heimili sem hentar. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: [www.huseining.is](http://www.huseining.is)

Verð við verksmiðjudyri fyrir utan flutning aðeins kr. **24.600.000** með vsk.

Láttu drauminn um nýtt heimili verða að veruleika með vönduðu og hagstæðu húsi frá Húseiningu.

Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi, og ekki síst þarfir kaupendanna. Húsin eru 73m<sup>2</sup>, þar að auki er 28m<sup>2</sup> verönd með heitum potti. Þau eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verktaka og leigufélög. En einnig fyrir bæjar- og sveitarfélög sem vilja taka þátt í að koma upp húsnæði á hagkvæman og skjótan hátt.

Húsin eru framleidd og afgreidd fullbúin úr verksmiðju með baði, eldhúsi og öllum innréttingum tilbúin til flutnings í samvinnu við Samgöngustofu um leiðir á viðkomandi byggingastað.

Allar teikningar fylgja með fyrir hvern byggingastað, og einnig sérhannaðar forsteyptar sökkulundirstöður sem gerir uppsetningu húsanna mun hagkvæmari og fljóttari í alla staði. Við hjá Húseiningu sjáum um flutninginn fyrir kaupendur í samvinnu við traustan flutningsaðila.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.  
[www.huseining.is](http://www.huseining.is) [kjartan@huseining.is](mailto:kjartan@huseining.is) [soffia@huseining.is](mailto:soffia@huseining.is)



ER  
EINHYVER NÁLEGUR AÐ  
HJUSTA A ÞIG?

**Rás 16** er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.  
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.

# Úrvals fiskeldisfóður í áratugi

Um 30 ára skeið hefur fóðurverksmiðjan Laxá hf. framleitt fiskeldisfóður fyrir seiðastöðvar og landeldisstöðvar hér á landi. Vöruþróun og rannsóknir skipa stóran sess í rekstri fyrirtækisins.

Fóðurverksmiðjan Laxá hf. er rótróið fyrirtæki sem hefur verið í framleiðslu á fiskeldisfóðri í rúm 30 ár. Starfsmenn fyrirtækisins búa því yfir afar mikilli reynslu í framleiðslu á fiskafóðri sem gefur góðan stöðugleika í gæðum fódurs og þjónustu við viðskiptavinum að sögn Gunnars Arnar Kristjánssonar, framkvæmdastjóra Laxár. „Við sérhæfum okkur í framleiðslu og sölu á fiskeldisfóðri fyrir eldisfisk á borð við bleikju, lax, regnbogasilung og flatfisk.“ Auk þess flytjum við inn startfóður fyrir seiðaðeldi og erum með að lager vörur frá Biomar í Danmörku og Skretting í Noregi.“

Helstu viðskiptavinir Laxár eru seiðastöðvar og landeldisstöðvar með matfiskeldi, segir Gunnar. „Við erum með um 80% markaðshlutdeild í fiskafóðri fyrir landeldi. Einnig erum við með fóður fyrir regnbogasilung í sjóeldi en höfum ekki getað framleitt fóður fyrir laxeldi í sjó þar sem notað er fituríkt fóður og getum við ekki framleitt það vegna tæknilegra atriða. Af heildarmarkaði fyrir fiskeldisfóður hérlandis þá er Laxá með um 35% markaðshlutdeild og góða nýtingu á verksmiðjunni með um 10.000 tonna framleiðslu og árlega veltu upp á tæpa 2 milljarða.“



„Við sérhæfum okkur í framleiðslu og sölu á fiskeldisfóðri fyrir eldisfisk á borð við bleikju, lax, regnbogasilung og flatfisk,“ segir Gunnar Örn Kristjánsson, framkvæmdastjóri Laxár hf.



Starfsmenn fyrirtækisins búa yfir mikilli reynslu í framleiðslu á fiskafóðri sem gefur góðan stöðugleika í gæðum fódurs og þjónustu við viðskiptavinum.

Fóðurverksmiðjan Laxá hf. sérhæfir sig í framleiðslu á náttúrulegu fiskafóðri fyrir:

**Bleikju  
Lax  
Regnbogasilung  
Þorsk**



Fóðurverksmiðjan Laxá hf. - Krossanes - 603 Akureyri  
Sími: 460 7200 - laxa@laxa.is - www.laxa.is

## Vöruþróun mikilvæg

Vöruþróun og rannsóknir skipa stóran sess í rekstri Laxár að sögn Gunnars. „Þegar kemur að vöruþróun höfum við verið í verkefnum innanlands með Verinu, Háskólanum á Hólum og MATÍS, ásamt helstu viðskiptavinum.“

Stærstu verkefni hafa tengst fóðri fyrir bleikju og flatfisk sem hafa verið unnin í nánun samstarfi við eldisfyrirtækin hérlandis. „Það má segja að þetta sé sérsvið okkar. Fóður fyrir lax og silung er betur þekkt erlendis og þar höfum við fylgt þróun eftir því sem viðskiptavinir óska eftir og tækjabúnaður leyfir. Heilt yfir er framleiðsla Laxár mjög íhaldssöm og notum við mikið meira af fiskimjöli og lýsi en tíðkast almennt í innfluttu fiskafóðri. Það verður svoleiðis áfram svo lengi sem viðskiptavinir okkar óska eftir því og kemur sér vel þar sem fiskimjöl og lýsi eru innlend hraefni af miklum gæðum.“

## Spennandi nýjungar

Líkt og með framleiðslu á fituríku fóðri fyrir sjóeldi á laxi er Laxá ekki mikið í útflutningi. „Við erum úti á miðju Atlantshafi og því er á engan hátt rökrétt né samkeppnishæft að

**„Af heildarmarkaði fyrir fiskeldisfóður hérlandis þá er Laxá með um 35% markaðshlutdeild.“**

flytja jurtamjöl og jurtaolíur, sem eru helmingur hraefna, alla leið hingað til að flytja fiskafóður til baka til Evrópu.

Helstu verkefni fram undan, að sögn Gunnars, eru að finna ný hraefni með betra næringargildi en jurtamjöl og sem geta komið að hluta í staðinn fyrir dýrt fiskimjöl og lýsi sem eru bestu fánlegu hraefni í fiskafóðri. „Þar erum við í Evrópuverkefnum með MATÍS þar sem verið er að skoða hraefni gerð úr bakteríum, skordýrum og þörungum. Þetta eru spennandi verkefni en þó talsvert í land ennþá með að þessi nýju hraefni verði til í þannig magni að máli skipti og geti leyst af hólmi hluta núverandi hraefna.“

# KRONAN



## Ítalskar kjötbollar

Svarið við  
erfiðustu  
spurningu  
dagsins?



- Steikja
- Sjóða
- Krydda

[kronan.is/  
korteri4](http://kronan.is/korteri4)



Baguette snittubrauð

**199** kr. stk.



Jamie Oliver spaghetti, 500 g

**269** kr. pk.



Parmesan ostur, 150 g

**699** kr. stk.



Jamie Oliver pastasósa, 400 g

**369** kr. stk.



Ítalskar hakkbollur, 580 g

**1329** kr. pk.

Matur fyrir fjóra = 2.865 kr.

**716** kr. á mann\*

\*Miðað við einn pakka af kjötbollum





**GRÉTAR STAKK SÍÐAN  
LÍKIÐ FIMM SINNUM,  
Í HÁLS, BRJÓST OG  
MAGA, TIL ÞESS AÐ  
HLEYPA ÚR ÞVÍ LOFTI.  
HNÍFNUM FLEYGÐI  
HANN Í HÖFNINA OG  
ÞEIR JÓNAS FLEYGÐU  
LÍKINU SÖMU LEIÐ.**



Ef kafarinn Þorgeir Jónsson hefði ekki farið að kanna skemmdir á bryggjustólpum hefði lík Vaidasar ekki fundist jafn fljótt og raun bar vitni og varla komist upp um þremningana svo hratt og örugglega.

# Ótrúleg óheppni í sögulegu sakamáli

Ótrúleg atburðarás fór af stað eftir að kafari fann fyrir algera tilviljun lík í höfninni í Neskaupstað. Fjölmiðlar fóru í kjölfarið hamförum í einu furðulegasta sakamáli síðari tíma. Kvikmyndin Undir halastjörnu byggir á líkfundarmálinu sem skýst nú aftur á yfirborðið í aðdraganda frumsýningarinnar.

Þórarinn Þórarinnsson  
thorarin@frettabladid.is



**E**inskær tilviljun réð því að kafarinn Þorgeir Jónsson fann lík Vaidasar Jucevicius örfáum dögum eftir að Jónas Ingi Ragnarsson, Grétar Sigurðarson og Tomas Malakauskas komu Vaidasi fyrir í sjónum við netagerðina í höfninni í Neskaupstað.

„Mér brá hrikalega og get varla lýst því hvernig mér leið,“ sagði Þorgeir í viðtali við Fréttablaðið á sínum tíma en hann hafði stungið sér á kaf þann 11. febrúar 2004 til þess að kanna óveðursskemmdir á netagerðarbyggjunni. Skemmdir sem ekki stóð til að gera við fyrr en síðar á árinu, jafnvel því næsta.

Lögregla brást skjótt við og böndin bárust fljótt að þremningunum enda höfðu þeir varla haft ráðrúm til þess að fela slóð sína þar sem áætlanir þeirra gerðu ekki ráð fyrir að líkið myndist jafn fljótt og raun bar vitni.

Vaidas kom til Íslands frá Litháen í febrúarbyrjun. Innvortis var hann með 61 pakningu af metamfetamíni, 223,67 grömm, sem hann hafði gleypt áður en hann lagði af stað.

## Lést eftir fjóra daga

„Likmennirnir“ svokölluðu átta að taka á móti honum og eftir að hafa

## Skáldaleyfi undir halastjörnu

Leikstjórnin Ari Alexander Ergis Magnússon byggir glæpamyndina Undir halastjörnu á líkfundarmálinu í Neskaupstað. Myndin fjallar um tvo Litháa sem koma hingað til lands með drauma um gull og græna skóga.

„Ég tek mér alveg skáldaleyfi,“ segir Ari Alexander við Fréttablaðið. „Ég reyni að einbeita mér að mannlega þættinum og þótt ég sé ekki að réttlæta neinar gjörðir þá eru þessir menn sem lenda í svona aðstöðum líka fólk.“

Ari segist vera orðinn leiður á svart-hvítum veruleika dæmi-gerðra

glæpamynda þar sem skilin milli góðra og illra eru miklu skýrari en í lífinu sjálfu.

„Ég fylgdist auðvitað með þessu máli eins og öll þjóðin á sínum tíma en það sem vakti áhuga minn og kveikti í mér er að þegar allt er komið í steik þá flýja menn heim til mömmu.“

Hvað gerir Grétar, þessi stóri, rosalegi náungi þegar hann lendir í vand-ræðum? Hann hleypur heim til mömmu. Þetta er áhugavert. Ég segi kannski ekki fallegt en samt er ákveðin feegurð fölginn í þessu.“

Ari Alexander segir málið minna um margt á Fargo Coen-bræðra.



Jónas, Grétar og Tomas við aðalmeðferð líkfundarmálsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

farist á mis í Leifstóð komu þeir sér fyrir í íbúð í Furugrund í Kópavogi og biðu þess að Vaidas skilaði efnunum af sér.

Skömmu síðar veiktist Vaidas herfilega þegar fíkniefnapakkingarnar stífluðu mjógin hans og gengu ekki niður. Fjórum dögum

eftir að hann lenti í Keflavík var hann látinn.

Krufning leiddi síðar í ljós að yfirgnæfandi líkur væru á að Vaidas hefði lifað ef honum hefði verið komið undir læknishendur. Likmennirnir báru því hins vegar við að þeir hefðu óttast hefndaraðgerðir

rússnesk/litháískrar mafu ef þeir leystu ekki vandamálið sjálfir.

## Brunað í fátí í Neskaupstað

Fát kom á þremningana þegar Vaidas dó. Í ráðaleysi öku þeir þvert yfir landið í tvo sólarhringa með líkið í skottinu á meðan þeir veltu fyrir sér ólíkum leiðum til þess að losa sig við það.

Jónas er sagður hafa stungið upp á því að koma líkinu fyrir í hraunsprungu en Malakauskas vildi grafa það, sem reyndist ómögulegt vegna þess hversu mikið frost var í jörðu. Grétar, sem á ættir að rekja til Neskaupstaðar, stakk þá upp á því að þeir færu með líkið þangað. Þar væri löggæsla í lágmarki og staðurinn fremur afskekktur. Hann væri auk þess hvort er að leiðinni þangað að heimsækja móður sína.

Áður en þeir lögðu af stað út úr bænum komu þeir við í BYKO þar sem þeir keyptu tólf fermetra teppisstranga og limband sem þeir notuðu til að búa um líkið.

Á áfangastað bókkuðu þeir Pajero-bílaeigubílum niður að höfn, veltu jarðneskum leifum Vaidasar úr teppinu og þyngdu það með keðjum og öðru lauslegu sem þeir fundu við höfnina. Grétar stakk síðan líkið fimm sinnum, í háls, brjóst og maga, til þess að hleypa úr því lofti. Hnífnum fleygði hann í höfnina og þeir Jónas fleygðu líkinu síðan sömu leið.

## Gripnir níu dögum síðar


Grétar og Malakauskas viðurkendu þessar aðfarir við yfirheyrslur en Jónas sagðist ekki hafa orðið var við að lík hafi verið í bílnum enda hafi ferðin eingöngu verið skemmtiferð og heimsókn til ættingja Grétars.

Níu dögum eftir að líkið fannst voru þremningarnir handteknir og síðar dæmdir í tveggja og hálfis árs fangelsi hver fyrir innflutning á fíkniefnum, fyrir að koma Vaidasi ekki til aðstoðar í neyð og fyrir illa meðferð á líki hans.

Jónas komst síðan aftur í fréttir 2010 þegar hann var dæmdur í tíu ára fangelsi fyrir aðkomu að uppsetningu einnar fullkomnu amfetamínverksmiðju sem fundist hefur á Íslandi og þótt víðar væri leitað.

# 9 NÆTUR Í MAROKKÓ

25. OKTÓBER 2018



## Ævintýri í Marokkó - Einstök sérferð

Einstök sérferð þar sem farþegum gefst tækifæri til að skyggjast inn í nýjan og framandi heim. Það er sérstök upplifun að koma til Marokkó, ekki einungis í sögulegum skilningi heldur einnig til að kynnast landi og þjóð örlítið nánar. Í ferðinni er dvalið í litlum heillandi bæjum til sjávar og sveita svo og stærri borgum á borð við Marrakech og Agadir.

Fararstjóri:

**Dominique Plédel**



Frá kr. **249.995**

Verð á mann m.v. 2 fulloröna

**Innifalið:** Flug og skattar með Primera Air til/frá Agadir. Innrituð 23 kg taska. Gisting á 3\*+ til 4\* hótelum í 9 nætur m/hálft fæði innifalið (morgunverður og kvöldverður) og 1 nótt í berbatjöldum einnig með morgunverði og kvöldverði. 5 hádegisverðir (dagana 2, 3, 4, 5 og 6). Akstur og kynnisferðir samkvæmt ferðalýsingu. Úlfaldareið í Sahara eyðimörkinni. Aðgangseyrir í minnisvarða og aðgangseyrir í Majorelle garðinn í Marrakech. Þjófrið til hótela, veitingastaða, o.s.frv.



## Sól & strönd - Best Western Odyssee ★★★★★

Þetta hótél er í Best Western hótélkeðjunni sem svo margir þekkjja. Það er í göngufæri við miðbæinn og einungis eru um 250 metrar á ströndina.

Þetta er notalegt hótél með góða þjónustu og hér eru 2 veitingastaðir ásamt bar og kokteillbar. Þá er hér heilsulind (spa) með gufuböðum og líkamsræktaraðstöðu.

Fararstjóri:

**Trausti Hafsteinsson**



Frá kr. **99.995**

Verð á mann m.v. 2 fulloröna

**Innifalið:** Flug og skattar með Primera Air til/frá Agadir. Innrituð 23 kg taska, handfarangur, gisting og morgunverður



## Matur & menning - Lúxusferð með Sigga Hall ★★★★★

Lúxus 9 náttu sérferð þar sem dvalið verður á 5\* hótelum. Í ferðinni verða skoðaðir Saffran akrar, farið verður í Atlas fjöllin og einnig verður farið í vínsmökkun og að sjálfsögðu munum við upplifa matarmenningu heimamanna.

Dvalið verður í 5 nætur í Marrakech og 4 nætur í Agadir.

Frá kr. **249.995**

Verð á mann m.v. 2 fulloröna

**Innifalið:** Flug og skattar með Primera Air til/frá Agadir. Innrituð 23 kg taska, handfarangur, gisting og morgunverður



595 1000 • **Bókaðu þína ferð á** [heimsferdir.is](http://heimsferdir.is)





**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um fágætt jarðefni.

Þann niunda apríl árið 1940 var Danmörk her- tekin af Þjóðverjum. Þótt kóngur og ríkis- stjórn ættu að heita við völd að nafninu til næstu misserin, laut landið í raun þýskri stjórn. Vegna stríðsins og her- setunnar rofnuðu því tengsl Dana við yfirráðasvæði sín í fjarlægum löndum.

Sendiráð Dana víða um heiminn voru jafnframt sett í skringilega stöðu. Þau héldu áfram starfsemi sinni þrátt fyrir litil samskipti við yfirboðara sína í heimalandinu og lentu að sumu leyti í þeirri stöðu að reka sína eigin pólitik. Þannig fór danski sendiherrann í Washington langt út fyrir formlagt starfsvið sitt með ýmsum samningum við banda- rísk stjórnvöld.

En hver átti að borga brúsann? Hvernig var hægt að fjármagna dönsku utanríkisþjónustuna á stríðsárunum þegar engir peningar bárust frá Kaupmannahöfn? Þar kom til sögunnar fágæt en verðmæt bergtegund frá Grænlandi.

Krýolít er jarðefni sem danski jarðfræðingurinn Peder Christian Abilgaard uppgötvaði í lvtuut árið 1799 og lýsti í vísindaritgerð sama ár. lvtuut er á Suðvestur-Grænlandi, sunnan Arsukfjarðar. Svæðið átti að vekja sérstakan áhuga Íslendinga því þar hafa fundist tals- verðar minjar um búsetu norrænna manna á miðöldum. Það er því talið ein þriggja stærstu byggðanna og hefur hlotið heitið Miðbyggð hjá fornleifafraeðingum, en öfugt við samfélagin í Eystribyggð og Vestri- byggð eru engar ritheimildir til um byggðina í lvtuut.

Híð nýja jarðefni var fannhvitt á litinn og hlaut fræðiheitið krýolít sem var samansett úr grísku orðunum fyrir snjó og stein. Það vakti sérstaka athygli vísindamanna að ljósbrot þessa nýja efnis var nánast eins og ljósbrot vatns og urðu krý- olítsteinarnir því nánast ósýnilegir í vatni.

Krýolít inniheldur talsvert af natríum og árið 1852 tókst efna- fræðingum að þróa aðferð til að nýta það við vinnslu á vitissöda, sem var eftirsótt hráefni í ýmiss konar framleiðslu. Í kjölfarið var ráðist í stór- fellda námavinnslu í lvtuut. Áður höfðu námafyrirtæki raunar gert

# Grænlenzka undragrjótið hvíta

misheppnaðar tilraunir til að vinna silfur á svæðinu.

## Innreið nútímans

Vinnslan á krýolítinu var ótal erfiðleikum háð. Aðstaður verkamannanna voru hörmulegar og fyrstu árin létust fjölmargir þeirra úr skyrbjúg. Efnisflutningar voru sömuleiðis stórhættulegir og fúrust mörg flutningaskipanna á leiðinni. Engu að síður var vinnslan svo arðbær að danska námafélagið hafði ekki undan eftirspurn. Með tímanum tókst að bæta vinnu- að- staður og auka framleiðsluna, til dæmis með því að flytja efnið á litlum járnbrautarvögnum í stað- inn fyrir hjólbörur eða körfur sem verkamennirnir báru á bakinu.

Til að greiða fyrir flutningunum festu eigendur námunnar árið 1864 kaup á heimskautafleyinu Fox, sem smíðað hafði verið nokkrum árum fyrr og kom mikið við sögu í hinum svokallaða Fox-leiðangri 1860-61. Leiðangurinn, sem fjallað hefur verið um á þessum vettvangi, miðaði að því að finna leið til að tengja Ameríku og Evrópu með rit- sima um norðurslóðir. Upp úr 1870 tóku námamenn svo sprengiefni í sína þjónustu, en fram að því höfðu hamar og meitill verið helstu tólin við vinnsluna.

Á sjöunda áratug nítjándu aldar tókst að þróa hagkvæmar aðferðir til að vinna söda úr sjávarsalti og glataði grænlenzka krýolítið þá hluta af mikilvægi sínu. Í staðinn var farið að nota það í auknum mæli við framleiðslu á hvítleitu gleri og við emaleringu á hvers kyns bú- áhöldum. Eftir 1880 kom svo í ljós að krýolít gæti komið að góðum notum við álvinnslu. Alframleiðsla óx jafnt og þétt, einkum í Banda- ríkjunum. Krýolít varð eftirsóttara og verðmætara á ný og fór sífellt stærri hluti efnisins úr grænlenzku námunni vestur á bóginn.

Sam fyrr segir var krýolítvinnslan



**EFNISFLUTNINGAR**

**VORU SÖMULEIÐIS**

**STÓRHÆTTULEGIR.**

mostöll stríðsárin, þótt talið væri ólíklegt að Þjóð- verjar gætu með nokkrum móti ráðist á lvtuut. Þýskir kaþbatar reyndu þó eftir fremsta megni að ráðast á krýolít- flutningaskipin og fúrust nokkur skip á stríðsárunum, ýmist vegna tundur- skýtaárása eða af ókunnum

orsökum. Þótt stríðinu lyki dró ekki úr eftirspurn eftir ali og hélt krýolít- vinnslan í lvtuut áfram að krafti út fimmta og sjötta áratuginn. En þar með var draumurinn úti. Krýolítið í námunni var á þrotum. Árið 1962 var efnistöku hætt og næstu árin látið nægja að vinna úr efni sem þegar hafði verið mokað út. Þær birgðir dugðu í rúman áratug.


Ný tækni sem gerði það mögulegt að vinna efnið úr bergi með tiltölu- lega lágu hlutfalli af krýolíti þýddi að á niunda áratugnum var hægt að endurnýta talsvert af efni sem áður hafði verið notað í hafnargarða og vegagerð á svæðinu, en árið 1987 var meira að segja þetta efni á þrot- um og námunni í lvtuut var lokað eftir 133 ára vinnslu.

Rannsóknir jarðvísindamanna á niunda áratugnum leiddu í ljós að eitthvað örliðu meira af krýolíti mætti finna djúpt undir námunni, en vinnsla þess var ekki talin standa undir kostnaði. Krýolít hefur sömu- leiðis fundist á fæineim öðrum stöðum í heiminum, svo sem í Rúss- landi og Suður-Afríku, en aðeins í litlum mæli. Því má segja að krýolít sé eina jarðefnið sem vitað er til að hafi gengið til þurrðar vegna ásókn- ar mannsins. Áðurr vinnsluáferðir eru því viðhafðar við þá iónfræ- leiðslu sem grænlenzka krýolítið var áður nýtt til, en auk álvinnsunnar var efnið meðal annars notað í skor- dyraeitur og við flugeldagerð, til að framkalla gulan lit.

Tæknisagnfræðingar geta í dag brotið heilann um hversu mikil áhrif krýolítvinnslan í lvtuut hafi í raun haft á mannkynssöguna. Skipti hún sköpum fyrir þróun áliðnaðar- ins á upphafskeiði hans, eins og sumir telja? Ef sú er raunin verður mikilvægi hennar seint ofmetið. Aðrir telja að án grænlenzka krýolít- itsins hefðu efnisfræðingar einfald- lega fundið aðrar leiðir að sama marki.

Hvora kenninguna sem við aðhyllumst er krýolít flestum gleymt nú um stundir. Sýnishorn af efninu má þó finna á jarðfræð- isöfnum og á Grænlandi hafa lengi verið áform um að breyta gamla námavæðinu í jarðfræðisýningu fyrir ferðamenn.

Líklega á danski rithöfundurinn Peter Høeg þó stærstan þátt í vitn- esku almennings um þetta sér- kennilega jarðefni. Árið 1992 sendi hann frá sér spennusöguna Lesið í snjóinn (Froken Smillas fornem- melse for sne) sem gerist á Grænlandi og þar sem illir stjórmenndur krýolít- námu gegna veigamiklu hlutverki.



Bandarískt herskip árið 1924, námusvæðið í lvtuut í baksýn.

á Grænlandi í höndum einkaaðila, en þeir greiddu danska ríkinu fast gjald fyrir hvert unnið tonn og síðar einnig hlutfall af hagnaði fyrir- tækisins. Verksmiðjan byggði upp sitt eigið þorp með ýmsum nútíma- þægindum á borð við rafveitu og loftskreytastöð. Grænlandingar sjálfir nutu hins vegar á engan hátt góðs af starfseminni, fremur en af öðrum sambærilegum fyrirtækjum Dana í landinu á nýlendutímanum.

Á þriðja áratugnum voru miklar breytingar gerðar á námarekstrin- um með stórfelldri tæknivæð- ingu. Framleiðslugetan fór upp í 50 þúsund tonn af önnu krýolíti á ári og sam fyrr var það vaxandi áliðnaðurinn sem tók til sín megnið af framleiðslunni, ekki síst til flug-

vélaframleiðslu þar sem krafan um létta málma var sérstaklega sterk.

## Bitben hrevelda

Það voru einmitt hagsmunir flug- vélaframleiðenda og þörfin fyrir krýolít sem höfðu mikið að segja um áhuga Bandaríkjamanna á Grænlandi þegar heimsstyrjöldin síðari braust út. Danska stjórnin í Nuuk tók yfir rekstur námunnar og seldi alla framleiðsluna til Banda- ríkjanna og Kanada. Hagnaðurinn af þeirri sölu stóð undir rekstri hins opinbera á Grænlandi öll stríðsárin, sem og kostnaðinum við dönsku sendiráðin víða um lönd eins og áður hefur komið fram.

Í öryggisskyni var settur banda- rískur hervörður við námavæðið

**KOMDU**  
í  
**KOLAPORTIÐ**  
- dásamleg deild samfélagsins



**OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17**

KVIFA



HAUSTTILBOÐ!

FULLKOMIN MYND · FULLKOMIÐ HLJÓÐ  
**FULLKOMIN UPPLIFUN!**

**50.000**  
AFSLÁTTUR



**LG OLED TV**

## SJÓNVARP OG SOUNDBAR SAMAN Á TILBOÐI!

OLED Ultra HD Premium sjónvarp með Perfect Black, Active HDR myndtækni, Dolby Vision, webOS 4.0 netviðmóti og Magic Remote fjarstýringu með Netflix 4K hnappi ásamt 320w Soundbar með þráðlausum bassahátalara, Spotify Connect, Google Chromecast og Bluetooth tengingu.

OLED55B8 ALPHA 7 + SJ6

**LG 55" OLED OG SOUNDBAR**

~~329.980 KR.~~ **TILBOÐ 279.980 KR.**

OLED55C8 ALPHA 9 + SJ6

**LG 55" OLED OG SOUNDBAR**

~~349.980 KR.~~ **TILBOÐ 299.980 KR.**

OLED65B8 ALPHA 7 + SJ6

**LG 65" OLED OG SOUNDBAR**

~~499.980 KR.~~ **TILBOÐ 449.980 KR.**

**BETRA BORGAR SIG**

Opið virka daga 10 - 18 · Laugardaga 11 - 16



**RAFLAND**

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | [rafland.is](http://rafland.is)



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Huldu Inger Klein Kristjánsson**

Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma, **Þórey Jónína Þóroldsdóttir** Þjóðbraut 1, Akranesi,

lést laugardaginn 22. september á Sjúkrahúsi Akraness. Útför hennar fer fram frá Akranes-kirkju fimmtudaginn 4. október kl. 13.

**Ævar Hreinn Þórðarson**

**Pálmi Þór Ævarsson**

**Sigþóra Ævarsdóttir**

**Eiva Björk Ævarsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.



**Petrina Jónsdóttir**

**Heimir Hallsson**

**Bjarni Þór Ólafsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Valur Aðalsteinn Jóhannesson**

Skeiðarvogi 141, Reykjavík,

lést 22. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 5. október kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim er vildu minnst hans er bent á MS félag Íslands.

**Sigrún Pétursdóttir**

**Emma Ingibjörg Valsdóttir**

**Þóra Valsdóttir**

**Pétur Valsson**

og **Pétur Valur, Tomas og Daniel**

**Valtýr Björn Thors**

**Ronald P.F. Janssen**

**Björn Erlingur Flóki Björnsson**

og **Pétur Valur, Tomas og Daniel**



Ugla Stefania, Hallfríður Þóra og Vala eru spenntar fyrir frumsýningunni á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Frelsið til að vera ég sjálf

Ég, stuttmynd um trans manneskju, innblásin af reynslu Uglu Stefaniu, verður frumsýnd á morgun í Bíói Paradís. Konur gegna öllum stöðum við myndina.

Það sem gerði þessa mynd svo raunverulega var að við Hallfríður og Vala unnum hana í mikilli einingu og vináttu. Eyddum miklum tíma saman og byggðum upp traust okkar á milli, bæði á faglegan hátt og sem vinkonur," segir Ugla Stefania Kristjónsdóttir Jónsdóttir um stuttmyndina Ég sem verður frumsýnd í Bíói Paradís á morgun, sunnudag, klukkan 13 og er á dagskrá alþjóðlegru kvikmyndahátíðarinnar Riff.

Myndin er innblásin af reynslu Uglu sem er ótul talsmanneskja trans fólks á Íslandi en höfundar og leikstjórnar myndarinnar eru þær Hallfríður Þóra Tryggvadóttir og Vala Ómarsdóttir.

"Við erum að reyna að fordast klisjur sem eru vanalega í kvikmyndum um trans manneskjur og höfum unnið mjög náið með Uglu síðustu þrjú ár," segir Hallfríður.

"Við sækjum innblástur í áhrifarík augnablik í lífi hennar og eftir miklar þælingar komumst við að því að kjarni myndarinnar yrði að vera frelsið sem fylgir því að fá að vera maður sjálfur, enda eru það sönn mannréttindi," bætir Vala við.

Kvikmyndagerðarkonur gegna öllum stöðum bak við þessa mynd sem er óalgent á heimsvísu. „Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um stöðu kvenna í kvikmyndagerð og við vildum sýna að það er ekkert mál að skipa allar stöður með öflugum kvikmyndagerðarkonum,"



Höpurinn er stór sem stendur að myndinni og í honum eru einungis konur.

**Við sækjum innblástur í áhrifarík augnablik í lífi hennar og eftir miklar þælingar komumst við að því að kjarni myndarinnar yrði að vera frelsið sem fylgir því að fá að vera maður sjálfur.**

segir Hallfríður og Vala tekur undir það: „Við erum að skoða hvað orðið „kyn“ þýðir á allan hátt, bæði í efnistöðum og mannavali.“

Í gær fór fram forsýning á stuttmyndinni fyrir menntaskólanema í samstarfi við Samtökin '78. Myndin keppir um titilinn „besta íslenska stuttmyndin“ á kvikmyndahátíðinni RIFF og verður frumsýnd á morgun eins og áður er sagt. Sýning númer tvö verður miðvikudaginn, 3. október, klukkan 15.15, líka í Bíói Paradís. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Ellert Ingason, umsjón sálmaskrár



**Útfararþjónusta**  
& lögfræðisþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbúskiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | [utfor.is](http://utfor.is)



**Ísleifur Jónsson**

Útfararstjóri

Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**

Útfararþjónusta

Farsími 861 3441

Við andlát ástvinar



Álfheimum 35, 104 Reykjavík

Sími 553 5353 og 821 5353

[www.usr.is](http://www.usr.is)

[isleifur@usr.is](mailto:isleifur@usr.is)

Þjónusta allan sólarhringinn



**Þórdís Husby**  
Ragnar M. Husby  
frændystikini  
og Laufey Sigurðardóttir



Ástkær bróðir okkar, mágur, frændi og unnusti,

**Reidar Óskarsson**

Rafnellsstaðavegi 8, Garði.

lést á Hvammstanga 18. september sl.

Útför verður frá Útskálakirkju í Garði 4. október klukkan 14.00.

**Örlygur Þorkelsson**  
Edda Baldvinsdóttir



**Ásta K. Reynisdóttir**  
Parker

Maria Reynisdóttir



Innilega þökkum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og virnihug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Steinunnar Jónu Sveinsdóttur**

**Reynir Tómas Geirsson**

**Justin Allen Parker**

**Brynjólfr Borgar Jónsson**  
og barnabörnin.



Helga þykir vænt um sitt fólk og klappar því á kinn. Hann hefur skapað margan manninn. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Tveggja kaffibolla myndir

Helgi Gislason myndhöggvari er með vinnustofusýningu í gömlu áburðarverk-smíðjunni í Gufunesi nú um helgina. Þar sýnir hann litla hausa í stórum stil.

Portettin eru í forgrunni hjá mér núna. Ég hef gert þau samsíða öðrum verkum gegnum áratugin á aldrei sýnt þau í heild sinni áður," segir Helgi Gislason myndhöggvari sem hefur vinnustofu sína opna gestum og gangandi um helgina. Hann segir eitt og eitt höfuð hafa farið í stofnanir á nokkurra ára fresti, en þar fyrir utan hafi hann oft mótað vini og samferðamenn hér og þar um landið. „Þetta eru þingeyingar, gamlir skólafélagar, þingmenn, fólk úr öllum geirum mannlífsins. Verkin eru tilraunakennnd og ekki stór, kannski 10 til 20 cm há og svolítið gróf.“

*Eru hausarnir merktir? Gestir eru jú forvitnir að vita hver er hvað.*

„Já, þetta eru allt ákveðnir einstaklingar og það kemur fram í texta. Það er smá rannsóknarvinna á persónuleikum þeirra á bak við, portrettin fjalla um þá öðrum þræði. Ég kalla þetta tveggja kaffibolla myndir – en það vill teygjast úr þeim. Hitti kannski fólk inni í afdöllum einhvers staðar, sest þar inn í eldhús hjá konu yfir kleinupotti, tek upp leirinn minn og fer að vinna. Það er svona efni sem ég er að sækja, þetta eru ekki raunsannar myndir af einstaklingunum, ég er bara að fastsetja minningu.“

Hann kveðst lengi hafa haft aðstöðu í gömlu iðnaðarhúsnæði í Gufunesinu. Þar sé flottur salur með ellefu metra loft-hæð. Ekki er efa að stærðin hefur komið sér vel þegar hann vann að risa lista-verki, Universum í Människans Tanke,

sem hann fór með til vesturstrandar Sviþjóðar í sumar á sýninguna Skulptur í Pilane 2018. „Mér var boðið að sýna úti í náttúrunni, jú, verkið var stórt og ég þurfti góða lofthæð til að gera það,“ segir listamaðurinn. Hægt er að kíkja á verkið á pilane.org.

Nú stendur til að lagfæra húsnæðið í Gufunesi sem Helgi er að vinna í, borgin á það. „Mér datt í hug að sýna þessar fingerðu mannlysingar í þessu hraa húsnæði. Svo fannst mér kominn tími til að setja þetta portrettsafn aftur fyrir mig, það er samt brot af mínu höfundarverki.“

Sýningin er í öðru húsi til hægri þegar komið er inn um hlöið og er opin frá 10 til 18 í dag og á morgun. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Ástkær eiginkona mín,  
móðir okkar og tengdamóðir,  
**Guðrún Hrefna Elliðadóttir**  
Fannaföld 118,

lést á líknardeild Landspítalans  
23. september. Útför hennar fer fram frá  
Grafarvogskirkju föstudaginn 5. október  
klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á  
Ljósíð og Krabbameinsfélagið.

**Svavar Valur Svarsson**  
**Svavar Elliði Svarsson** **Anastasia Dodonova**  
**Viktor Páll Svarsson**  
**Hermann Orri Svarsson** **Karen Birta Kjartansdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma, systir og tengdadóttir,

**Ellen Ásthildur**  
**Ragnarsdóttir**

Sléttahrauni 28, Hafnarfirði,  
lést þann 24. september. Útför fer  
fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði  
fimmtudaginn 4. október kl. 13.00.

**Róbert Friðbjófsson**  
**Ragna Björg Friðbjófsdóttir** **Páll Eliassen**  
**Embla Sif Eliassen**  
**tengdajólskylda, systkini og systkinabörn.**



Ástkær móðir okkar,  
**Erna Arnar**

Strandvegi 11,  
Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold  
20. september.

Útför verður frá Garðakirkju 10. október kl. 13.00.  
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem  
vilja minnst hennar er bent á Barnaspítala Hringins,  
kt. 640169-4949, nr. 0101-26-054506.

**Rannveig E. Arnar**  
**Bernhard Örn Pálsson**  
**Hákon Pálsson**



Elskuleg fósturmóðir, tengdamóðir,  
frænka, amma og langamma,

**Ída Heiður Jónsdóttir**

lést á Sólvangi sunnudaginn  
9. september. Útförin hefur farið fram  
í kyrriþey að ósk hinnar látnu. Þökkum  
starfsfólki Sólvangs yndislega umönnun.

**F.h. aðstandenda,**  
**Ævar Sigdórsson**  
**Una Lilja Eiríksdóttir**



Ástkær móðir mín,  
**Áslaug Guðjónsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir  
20. september sl. Útförin fer fram frá  
Háteigskirkju mánudaginn 1. október  
kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir  
en þeim sem vilja minnst hennar er  
bent á Styrktarsjóð langveikra barna.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**  
**Guðjón Ágúst Luther**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,

**Ásta Guðjónsdóttir**

Stekkjárholti 22, Akranesi,

andaðist á Höfða, dvalar- og  
hjúkrunarheimili, 25. september.  
Útför hennar fer fram frá Akraneskirku föstudaginn  
11. október kl. 13. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á  
Höfða, dvalar- og hjúkrunarheimili Akranesi.

**Drífa Garðarsdóttir** **Jóhannes Eyleifsson**  
**Skúli Bergmann Garðarsson** **Lilja Kristófersdóttir**  
**Halldóra Garðarsdóttir** **Gunnlaugur Sölvason**  
**Guðrún Garðarsdóttir** **Karl Örn Karlsson**  
**Friðgerður Bjarnadóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Kristín Agnes**  
**Samsonardóttir**

(Ninna)

skólaritari frá Þingeyri,

lést á líknardeild Landspítalans  
25. september. Hún verður jarðsöngin frá Digraneskirku,  
fimmtudaginn 4. október klukkan 11. Þeim sem vilja  
minnst hennar er bent á líknardeild Landspítalans.

**Linda Samsonar Gísladóttir**  
**Örn Smári Gíslason** **Sigrún Gunnsteinsdóttir**  
**Davidi Gíslason**  
**Benjamin Gíslason**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Hjartkær eiginmaður minn,  
faðir, afi og langafi,  
**Leifur Kristinn**  
**Guðmundsson**

Jökulgrunni 22, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild LSH aðfaranoft  
25. september sl. Útförin fer fram  
í kyrriþey að ósk hins látna.

**Sigrún Þuríður Runólfssdóttir**  
**Runólfur Birgir Leifsson** **Arnheiður Arnadóttir**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Steinvör Fjola**  
**Guðlaugsdóttir**

Lindargötu 61, Reykjavík,

lést á Hrafnistu Reykjavík fimmtudaginn  
6. september sl. Útförin hefur farið fram  
og þökkum við innilega fyrir samúð og hlýhug við fráfall  
hennar. Sérstakar þakkir til heimaþjónustunnar á Vitatorgi  
Lindargötu sem og til starfsfólks á Hrafnistu.

**Pálina Kristinsdóttir** **Haukur Hauksson**  
**Magnea I. Kristinsdóttir** **Edda Erlendsdóttir**  
**Magnús Kristinnson** **Bragi Pálmason**  
**Guðrún Kristinsdóttir**  
**Hafdis Kristinsdóttir**  
**Reynir E. Kristinnson** **Gunnur Stella Kristleifsdóttir**  
**Sigfús Þormar**  
**barnabörn og langömmubörn.**




Elskulega eiginkonan mín,  
móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Lineik Guðlaugsdóttir**


lést á Hrafnistu í Hafnarfirði  
10. september sl. Útförin fer fram frá  
Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn  
3. október kl. 13.00.

**Daniel Karl Pálsson**  
**Stefán Þór Karlsson** **Sara Jónsdóttir**  
**Fanney Björg Karlsdóttir** **Trausti Þór Sigurðarson**  
**Guðlaugur Jakob Karlsson**  
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



## Lausnarorð síðustu viku var ULLARSOKKAR



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfumun í skygguð reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem þyrfti að vera hærra. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 5. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „29. september“.



### FORLAGIÐ VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Fléttan** eftir **Laetitia Colombani** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku voru **Svanhildur Hermannsdóttir, Akureyri**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

- 5** Varamenn, sportið þeirra og blöðin um hvort tveggja (11)
- 10** Vel merktur hænuhaus (10)
- 11** Leiðin að krummaskuðinu liggur vestur með beininu (11)
- 13** Segir hafgoluna tefja fór hans á spítalann (10)
- 14** Hollusta lands er á ábyrgð hins opinbera (11)
- 15** Klár er svalt verður nistandi (10)
- 16** Gangi af langt í stað-festingu og hleðslu (7)
- 17** Skál stækkar þær sem

- voru heldur stórar fyrir (10)
- 18** Guð, þessi farði er rugl! (5)
- 20** Kæra Sókrates vegna belli-bragða (7)
- 21** Stefnir hraðbyri í samstúð (9)
- 25** Vantar trausta umgjörð (5)
- 27** Klár í viðskipti með fól drægslu (9)
- 31** Tel grænmetisþakka geyma kjöt (9)
- 33** Pressa súkkulaðigums á sætabrauði (4)
- 34** Leita línu en finn loft (5)
- 35** Grápöddur hafa aldrei migið í saltan sjó (11)
- 36** Hvi keyrði gott fólk á

- piparsveinagengi? (6)
- 37** Þetta hlé gleypiti mikla orku (5)
- 38** Litfórött og rjótt sem grjótt (9)
- 40** Af pútum í skálmum og skiljanlegu uppnámi þeirra (5)
- 41** Leita fullkominnar jafnsléttu beggja vegna samasemmerkis (7)
- 43** Læðan læðist aldrei út (9)
- 44** Kveljum þau með kjálkum (6)
- 45** Má byggja líkhús þarna við krikann? (6)
- 46** Skar þar slóði síðu (9)
- 47** Búið þið stemninguna

- til? (6)
- LÓDRÉTT**
- 1** Leita sárs við fjarðarkjafi (10)
- 2** Ríthöfundar bulla um svif þegar þeir komast í stuð (10)
- 3** Betra að stutt spili ef hraði er málið (10)
- 4** Nú, snýst rimman um leiði? Þá verður henni ekki skipt upp (10)
- 5** Tengir vegi yfir sjoppuplan í Borgarnesi (9)
- 6** Leitarðu að rúllutertunni? Nei, terturúllunni (11)
- 7** Kys heldur stóran bæ en litinn fyrir svo stórar bygg-

- ingar (11)
- 8** Gef helling fyrir lóð undir sendinn reit (8)
- 9** Óreynd segir fréttir sem vefrit og netstöðvar dreifa (8)
- 12** Ofneysla hakkaðs manna-kjöts leiðir til strákastands (9)
- 19** Tékkum á lykt af lauftjárm (9)
- 21** Setja fyrirvara um að taka pásu og átta sig (7)
- 22** Gangandi uppspretta er uppspretta deilna (7)
- 23** Gjörtsigra þetta hörkutól með snyrtiáhaldað vopni (11)
- 24** Af ólátum ákveðinna

- leppa og upphæð uppbotarinnar fyrir þau (11)
- 26** Læt trésvampana fyrir þá í óskjunni (11)
- 28** Myrasólei er góð fyrir stóra kirtilinn (10)
- 29** Í meinlátinu má alltaf búast við stæfnunni í neðra (10)
- 30** Náðum í heldur mikið hjá þeim sem hrjáðir eru og hrelldir (8)
- 32** Rak upp vein er kúgunin og hvassviðrið buguðu mig (9)
- 39** Vantar finan penna sem skrifar rétt (5)
- 42** Set rýkið í sigti (4)

### LÉTT

		5		1	6	3	
	2	1		5	4		
3	8	9	2		1		
9				7			5
	6				7	4	
	5		3	6		8	1
8	7		6				2
2				3			4
	1				9		7

### MIDLUNGS

			9		4	2					6
					5	1			3		
1	3				7	9	2				
5	2						1				
3				8				1		7	
			1					4		3	
			3	9							
7									5	6	
										2	5

### PUNG

							3	6			
		8	3			9				2	7
		5		7					1	9	
6									4		2
	9				5						8
3						9					
							8				
8	1					6					7

### Skák Gunnar Björnsson

#### Hvítur á leik



Katalimov átti leik gegn Kolpakov í Riga í Lettlandi árið 1975.

**1. Dg6! Dxc6 2. Hh8+ 1-0.** Xtracon-mótið hefst í dag í Helsingör í Danmörku. Fimm íslenskir skákmenntaka þátt og þar á meðal nýkrýndur Norðurlandameistari, Jóhann Hjartarson.

www.skak.is: Allt um Ólympíu-skákmótið

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 5x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niu reita línu, bæði lárétt og lódrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

9	5	6	1	4	7	2	3	8			
7	1	3	8	2	5	6	9	4			
8	4	2	9	3	6	7	5	1			
4	6	9	5	7	2	8	1	3			
5	7	8	3	6	1	9	4	2			
2	3	1	4	8	9	5	6	7			
6	8	5	2	1	4	3	7	9			
1	2	7	6	9	3	4	8	5			
3	9	4	7	5	8	1	2	6			

### Bridge Isak Örn Sigurðsson

#### MÓTLÆTI

Þó að Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson hafi endað 1. sæti á bæði tveimennings- og sveitakeppninni á Norðurljósa-mótinu í bridge á Siglufirði, lentu þeir í mótlæti. Í 6. umferð tveimenningskeppninnar spiluðu þeir gegn Dönuum Mads Eyde og Anders Hagen sem enduðu í 5. sæti. Danirnir melduðu sig, í þessu spili, alla leið í 6 ♣ á AV hendurnar. Sá samningur er ekkert

sérstaklega fallegur en endaði í vesturhöndinni svo að norður gat ekki sótt tigullitinn í upphafi. Þó að trompið hafi legið 3-1 (en ekki 2-2) og hjartað fríast ekki nema trompa tvisvar í blindum, lá spaðaliturinn sérstaklega vel. Fimm sagnhafar reyndu enduðu í 6 ♣, en aðeins tveimur tókst að standa þann samning (Danirnir voru aðrir þeirra). Austur var gjafari og AV á hættu.

**Norður**

- ♠ ÁD86
- ♦ D653
- ♥ KG95
- ♣ 4

**Vestur**

- ♠ 542
- ♥ AKG92
- ♦ A4
- ♣ AK5

**Suður**

- ♠ 1097
- ♥ 10874
- ♦ 1075
- ♣ 763

**Austur**

- ♠ KG3
- ♥ -
- ♦ D862
- ♣ DG10982

Mads Eyde opnaði á 2 ♣ í vestur eftir tvö pöss. Þá kom biðsögnin 2 ♦ hjá austri og 2 ♥. Aftur biðsögnin 2 ♣ og 2 grónd sem sýndu jafnskipta hönd og 5 ♥ með 18-19 punkta. Þá sagði Anders einfaldlega 6 ♣ á austurhöndina og var heppinn með hönd sagnhafa. Útspil Gunnlaugs var lauf og það voru ekki nægar innkomur (af því láufið var 3-1) til að trompa hjartað tvisvar og spila spaðanum. Í þriggja spila endastöðu, eftir 12 mínútna spilamennsku, þar sem spaða var spilað (ás tekninn og sagnhafi svinaði spaðagoss - og hjartað trompað 1 sinni), lagði Gunnlaugur upp 3 spil eftir í setunni og sagði að spilið væri 1 niður. Daninn var að dæla laufum í botn (eftir að hafa trompað hjarta 1 sinni) og Gunnlaugur flýtti sér of mikið og henti hjartadrottningu. Með hjartað fritt voru 12 slagir mættir (tigulár var innkoma) og Kristján Már og Gunnlaugur urðu að sætta sig við 1 stig af 44 mögulegum. Á grundvelli góðs árangurs í næstu setum tókst Gunnlaugi og Kristjáni Má að vinna upp þetta tap.

# PIER

NÝJAR VÖRUR!



**25-40%**  
**AFSLÁTTUR**  
**AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM**  
**\*AÐEINS LAUGARDAG OG SUNNUDAG**



SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS  
[www.pier.is](http://www.pier.is)

# FEGRUM HEIMILIÐ

ÖLL HNATTLÍKÖN

30%  
afsláttur

30%  
afsláttur



LED Kubbaklukka  
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 4.899.-  
Verð áður frá: 6.999.-



Coat dots (3 stk.)  
TILBOÐSVERÐ: 8.900.-  
Verð áður: 9.900.-



Toolbox  
TILBOÐSVERÐ: 4.290.-  
Verð áður: 4.748.-

## GESTAPRAUTIR FRÁ PROFESSOR PUZZLE

20%  
afsláttur





Hang-It-All  
TILBOÐSVERÐ: 29.900.-  
Verð áður: 36.900.-

**vitra.**

19%  
afsláttur



Rotary Tray  
TILBOÐSVERÐ: 4.990.-  
Verð áður: 6.364.-

22%  
afsláttur

**vitra.**



High Tray  
TILBOÐSVERÐ: 4.995.-  
Verð áður: 6.360.-

**vitra.**

22%  
afsláttur



Eames Elephant (S)  
TILBOÐSVERÐ: 10.900.-  
Verð áður: 13.420.-

**vitra.**

19%  
afsláttur



Eames House Bird  
TILBOÐSVERÐ: 16.900.-  
Verð áður: 19.900.-

**vitra.**



Skartgripatré  
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-  
Verð áður: 7.999.-

40%  
afsláttur

## vitra. WOODEN DOLL

24%  
afsláttur



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bärustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

**PENNINN**


**Eymundsson**

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda til og með 1. október eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



## KRAKKAR



## Konráð <sup>320</sup> og félagar á ferð og flugi

„Eitthvað er þetta kunnuglegur fiskur,“ sagði Konráð. „Mér finnst eins og ég hafi séð hann einhvers staðar,“ bætti hann við hugsí. „Hann lítur ekki út eins og neinn fiskur sem ég hef borðað að minnsta kosti,“ sagði Kata. „Nei,“ sagði Konráð.

„Ég held að ég hafi bara séð mynd af honum í bók.“ Kata horfði íbygginn á fiskinn. „Ég veit hvar ég hef séð mynd af honum. Það er búíð að vera að fjalla um hann í fréttum.“ Konráð horfði undrandi á Kötu. „Fylgist þú með fréttum?“ Konráði fannst

Getur þú hjálpað þeim að muna hvaða þessi fiskur heitir? Er þetta kannski túnfiskur, makrill eða bláfiskur?

Kata ekki líkleg til þess. „Það er margt sem þú veist ekki um mig,“ sagði Kata og glotti.



„Mig langar alltaf að vera í kjól og sokkabuxum en ekki í leggings og ekki í buxum,“ segir Urður Vala. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Bangsa var illt í „góða nótt bangsi“ fætinum

Urði Völu Freysdóttur finnst skemmtilegt að dansa og fara í afmæli í sparifötunum.

Hún heitir fullu nafni Urður Vala Freysdóttir Bachmann, er fjögurra ára og alveg til í að svara nokkrum spurningum.

**UPPÁHALDSBÓKIN MÍN ER BARBAPABBI Í LANGFERÐ, MÉR FINNST HÚN SKEMMTILEG.**

**Áttu einhver systkini?** Já, ég á systkini. Þau heita Freyja, hún er unglingur, og Kári, stóri bróðir minn, er krakki. Og líka Tíbrá Myrra Freysdóttir Bachmann. Hún er bara fjögurra mánuða.

**En sjónvarpsþáttur?** Það er Úmí-súmi.

**Hvað getur þú sagt mér um þau?** Þau eru alltaf óþekkt. Þau eru alltaf að rifast. Freyja, stóra systir mín, leyfir mér ekki að vera inni í herberginu sínu og Kári leyfir mér ekki að fá bangsann sinn en svo leyfir hann mér að leika með sér og vera í herberginu sínu. Tíbrá Myrra er klaufi.

**Hvort finnst þér skemmtilegra að sula í pollum eða klæða þig í fin fót?** Að fara í spariföt. Mér finnst skemmtilegt að dansa og fara í afmæli í sparifötunum. Mig langar alltaf að vera í kjól og sokkabuxum en ekki í leggings og ekki í buxum. Svo fer ég alltaf úr sokkabuxunum þegar ég kem heim úr leikskólanum.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að fara í sund og leika mér með dótíð.

**Hvað er það merkilegasta sem hefur komið fyrir þig?** Það var að fara í Bangsaspítalann. Ég fékk bangsaspítalabréf og fór inn á deildina þar sem kærastinn hennar Ástu Júlíu frænku minnar var læknirinn. Hann setti sárabindi á einhryngingsbangsann minn, sem heitir Lee. Honum var svo illt í „góða nótt bangsi“ fætinum sínum.

**Hvað heitir leikskólinn þinn og hvernig finnst þér að vera þar?** Hann heitir Gullborg og mér finnst bara gaman að vera í leikskólanum.

**Er einhver bók í uppáhaldi hjá þér?** Uppáhaldsbókin mín er Barbapabbi í langferð, mér finnst hún skemmtileg.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að verða lögga.

## Listaverkið

Hér er mynd af Kúlugúbbum eftir hina fjögurra ára Soffíu Devaney.



Lausn á gátunni

BÚM  
BETUR



bygg.is

# FRÁBÆRAR EIGNIR

með góða staðsetningu

## Naustavör 16-26

Bryggjuhverfinu í Kópavogi

Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða fjölbýlishúsi við Naustavör 16-26 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 123-210 fm, 3ja til 5 herbergja. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Skoðið  
teikningar  
á bygg.is

**NÝTT Í SÖLU**

## Naustavör 20-26



## Naustavör 16-18

Hönnunarverðlaun Kópavogsbæjar



## Lundur 7-13

Fossvogsdalnum í Kópavogi

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum álklaeddum fjölbýlishúsum í Lundi 7-13 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 101,9-196,8 fm. Íbúðirnar eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnás og vönduðum AEG eldhústækjum.

Íbúðirnar eru með góðum svölum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Skoðið  
teikningar  
á bygg.is

**NÝTT Í SÖLU**

## Hlíðarhverfi

Reykjanesbæ

Fyrsti áfangi Hlíðarhverfis sem nú er kominn í sölu liggur á milli Þjóðbrautar og Skólabrautar. Þarna er um að ræða blandaða byggð einbýlishúsa, parhúsa, radhúsa og lágreistra fjölbýlishúsa. Stutt er í alla nauðsynlega þjónustu og öruggar göngu- og hjólaleiðir í skóla og íþróttastöðu sem er í næsta nágranni.

Íbúðirnar í fjölbýlishúsum Hlíðarhverfis eru 4-5 herb. 112,6 - 148,7 fm  
Einbýlishúsin á bilinu 230,1 - 248,5 fm  
Parhúsin á bilinu 170,9 - 203,9 fm

Skoðið  
teikningar  
á bygg.is

**NÝTT Í SÖLU**



**STUÐLABERG**  
FASTEIGNASALA  
Hálfargötu 20, 230 Reykjanestá 5: 420 4000  
Gullfjar 14, Gullfjarssvænum í önglifer fasteignasali  
studdlaberg@studdlaberg.is


**FASTEIGNA**  
MARKAÐURINN ehf  
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500  
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

**FASTEIGNASALAN**  
**TORG**  
KRAFTUR - TRAUÐ - ÁRANGUR  
Garðatorgi 5 - 210 Garðabæ  
Sími 520 9586

**FJÁRFESTING**  
FASTEIGNASALA ehf  
Sími 562 4250  
www.fjarfesting.is  
Borgartúni 31

## VEÐUR &amp; MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Norðan- og norðvestanátt, víða 8-15 m/s en 15-23 (hvassviðri eða stormur) suðaustan til á landinu seinni partinn. Það rofar smám saman til á Suður- og Vesturlandi, en slydda eða rigning og síðar el norðan- og norðaustanlands. Kólnandi veður, fyrst fyrir norðan.

## Heimurinn



## Reykjavík



Sunnudagur  
6° → 6

Mánudagur  
7° → 10

Þriðjudagur  
5° → 5

Miðvikudagur  
4° ↓ 9

Fimmtudagur  
4° ↓ 5

## Ísafjörður



Sunnudagur  
3° → 2

Mánudagur  
0° ↓ 11

Þriðjudagur  
1° ↓ 7

Miðvikudagur  
1° ↓ 8

Fimmtudagur  
-0° ↓ 4

## Akureyri



Sunnudagur  
2° → 9

Mánudagur  
1° ← 7

Þriðjudagur  
1° ← 4

Miðvikudagur  
1° ← 8

Fimmtudagur  
-0° ↓ 10

## Egilsstaðir



Sunnudagur  
2° → 10

Mánudagur  
2° ↓ 13

Þriðjudagur  
3° ↓ 2

Miðvikudagur  
2° ← 11

Fimmtudagur  
0° ↓ 10

## Kirkjubæjarklaustur



Sunnudagur  
4° ↓ 9

Mánudagur  
2° ↓ 11

Þriðjudagur  
4° ↓ 7

Miðvikudagur  
3° ↓ 8

Fimmtudagur  
2° ↓ 8

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



## Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



## Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands auglýsir eftirumsókn um styrk úr sjóðnum

Úr 5. skipulagsskrár Rannsóknarsjóðsins: *Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.*

Umsóknarfrestur er til og með 16. október 2018 og skulu umsóknir sendar rafrænt á [oldrunarrad@oldrunarrad.is](mailto:oldrunarrad@oldrunarrad.is) eða til Öldrunarráðs Íslands, Sóltúni 2, 105 Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir Anna Birna Jensdóttir, formaður stjórnar Öldrunarráðs. Fyrirspurnir sendist á netfangið [oldrunarrad@oldrunarrad.is](mailto:oldrunarrad@oldrunarrad.is)

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

## ÚTILJÓSDAGAR

ALLT AÐ  
**70%**  
AFSLÁTTUR



Áður: kr. 4.935

**1.481** kr.

VEGGLJÓS

Staur: 105 cm, kr. 2.099. Áður: kr. 6.995  
Litir: Kopar/silfrað



Áður: kr. 7.995

**2.700** kr.

VEGGLJÓS

Staur: 105 cm, kr. 3.497. Áður: kr. 6.995



Áður: kr. 3.974

**1.987** kr.

VEGGLJÓS

Litir: Svart/grátt/hvitt  
● ● ● ○



Áður: kr. 3.995

**1.997** kr.

VEGGLJÓS

Staur, hæð: 110 cm, kr. 3.498. Áður: kr. 6.995



Áður: kr. 4.595

**3.216** kr.

ÚTILJÓS

Litir: Svart/hvitt



Áður: kr. 4.935

**3.455** kr.

ÚTILJÓS

Litir: Svart/hvitt/rúst  
● ○ ●



Áður: kr. 4.935

**3.496** kr.

VEGGLJÓS

Litir: Svart/hvitt/rúst  
● ○ ●



Áður: kr. 4.795

**2.397** kr.

VEGGLJÓS, KASSALAGA

Litir: Svart/grátt/hvitt  
● ● ● ○



Áður: kr. 4.935

**3.455** kr.

VEGGLJÓS, TVÆR GERÐIR

Staur, hæð: 80 cm, kr. 4.896. Áður: kr. 6.995



Áður: kr. 6.516

**4.561** kr.

VEGGLJÓS

Áður: kr. 6.923

**4.146** kr.

VEGGLJÓS

OPIÐ ALLA DAGA

Mán. til fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 10–16.

Sunnud. kl. 12–16

RAFVÖRU MARKAÐURINN

Líkaðu við okkur á Facebook

Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrun@frettabladid.is



Eftirbátur er ný skáldsaga eftir Rúnar Helga Vignisson. „Í viðum skilningi fjallar bókin um leitina að faðerninu. Hugmyndin spratt út frá því að ég fékk að kíkja aðeins á skak með vini mínum sumarið 1993. Það eru sem sagt 25 ár síðan ég skrifaði fyrsta kaflann,” segir Rúnar Helgi. „Þá ætlaði ég að skrifa sögu um mann sem fer á sjó og lendir í nýjum veruleika og nýjum tíma í hverri sjóferð. Ég skrifaði allmarga kafla en lengi vel sá ég ekki til lands. Samt jóðaði ég við þetta árum saman, því að hugmyndin heillaði, og bætti alltaf einhverju við. Það var ekki fyrr en 2010–2011 sem þetta fór að smella saman. Árin þar á eftir gat ég skrifað söguna þannig að úr varð heild. Til varð þetta verk þar sem tímarnir tvennir, þrennir eða fernir flæða saman.“

Rúnar Helgi segir söguna öðrum þræði fjalla um karlmennskuna. „Sagan hefst á því að söguhetjan Ægir fær símhringingu þar sem honum er sagt að föður hans, sem er sjómaður, sé saknað og bátur hans hafi fundist mannlauk á hafi úti. Ægir neitar að trúa því að karlinn hafi drukknad og fer að leita hans. Sú leit leiðir hann hingað og þangað um norðanverða Vestfirði, bæði í tíma og rúmi. Úr verður skoðun á faðerninu síðustu öldina. Þarna vakna spurningar eins og: Hvernig verður faðerni til? Er faðerni afsprengi tímans og staðháttanna? Og síðast en ekki síst: Þarf maður að þekkja fortíðina til að þekkja sjálfan sig? Það gerir söguhetjan ekki í upphafi sögunnar, Ægir rekur auglýsingastofu og færst því við nútímann. Á meðan þessu vindur fram biður eiginkona hans í landi og hefur óvæntar hugmyndir um samlif þeirra.“

#### Sjómennskan alla tíð viðmið

Sagan gerist á Vestfjörðum. „Min genasúpa hefur orðið til við Djúp, þetta eru slóðir sem ég þekki og því nærtækt að fjalla um þær,” segir Rúnar Helgi. „Hið mikilvæga landslag þar um slóðir og vovefligir atburðir sem þar urðu leika stórt hlutverk í bókinni. Þess utan er hún kannski í aðra röndina uppgjör sjómannsnarins, en þabbi var skipstjóri þegar ég var að vaxa úr gras og báðir afarnir. Sjómennskan hefur því alla tíð verið viðmið í minni lífi.“



„Ótrúlega stór hluti ævi minnar er á bak við þessa bók,” segir Rúnar Helgi Vignisson um nýja skáldsögu sína, Eftirbátur. FRÉTTABLAÐIÐ/SÍGTRYGGUR ARI

## Tímarnir flæða saman

**Í nýrri skáldsögu, Eftirbátur, fjallar Rúnar Helgi Vignisson meðal annars um leitina að faðerninu. 25 ár síðan fyrsti kaflinn var skrifaður. Stór hluti ævinnar á bak við þessa bók.**

#### Ljúf og skrýtin tilfinning

Þar sem sagan hefur verið áratugi í vinnslu er Rúnar Helgi spurður hvernig tilfinning það sé að sjá hana loks komna á prent. „Þetta er bæði ljúf og skrýtin tilfinning því þegar ég horfi á höfundarmynd af mér sem

var tekin 1993 og ber hana saman við höfundarmyndina sem var tekin fyrir þessa bók, þá er ljóst að ég hef sjálfur lent í tímaflakki. Ótrúlega stór hluti ævi minnar er á bak við þessa bók; þegar ég byrjaði á henni var ég að hefja minn feril en nú er útsýnið

allt annað. Ætli bókin hafi ekki bara þekkt sinn vitjunartíma.“

Rúnar Helgi kennir ritlist við Háskóla Íslands og starfar einnig sem þýðandi. Í mörg ár hefur hann unnið að ritróðinni Smásögum heimsins, ásamt öðrum. Asia og Eyjaálfa eru í

**ÞEGAR ÉG HORFI Á HÖFUNDARMYND AF MÉR SEM VAR TEKIN 1993 OG BER HANA SAMAN VIÐ HÖFUNDARMYNDINA SEM VAR TEKIN FYRIR ÞESSA BÓK, ÞÁ ER LJÓST AÐ ÉG HEF SJÁLFRU LENT Í TÍMAFLAKKI.**

prentun og koma í einu bindi. „Við erum gríðarlega spennit fyrir þeirri bók því þar fáum við sögur frá löndum sem ekki hafa átt marga fulltrúa á íslenskum bókamarkaði í gegnum tíðina og í sumum tilfellum enga,” segir Rúnar Helgi.

## Skáldleg orðgnótt

#### BÆKUR

#### Enn logar jökull

★★★★★

#### Matthías Johannessen

Útgefandi: Bókaútgáfan Sæmundur  
Fjöldi síðna: 173 bls.

Þegar Matthías Johannessen kvaddi sér hljóðs með sinni fyrstu ljóðabók (Borgin hló, 1958) var ljóst að þar fór skáld sem hafði ljóðmálið á valdi sínu. Þrátt fyrir rímleysi var því veitt athygli að ljóð hans voru vel byggð og oft myndsterk. Eins og ungu Reykjavíkurskáldi hæfði orti hann um „götur með varir blautar af tjöru“, og strax þá var söknudur eftir líonum tíma og vitundin um fallvallteikann einkenni á ljóðum hans – svo er enn.

Í nýjustu bók sinni, Enn logar jökull, er Matthías sem fyrr að kljást við tímann sem hefur verið grunn-tónn svo margra ljóða hans frá upphafi. Tíminn, sagan og tortímingin eru grunnstef þessarar bókar, sem

og feigðin og hin óhjálkvæmilegu endalok í ýmsum myndum.

Bókin skiptist í tvo meginþætti. Fyrri hlutinn nefnist Land mitt og er að verulegu leyti sögulegur. Nokkurskonar samræða við fornöld samhlöða hugleiðingum um eyðingarmátt landsins annars vegar, hins vegar eyðingarmátt mannsins á jörðinni. Viða gætir prédikunar-tóns í heimspekilegum hugleiðingum um lífið og tilveruna, eins og í ljóðinu Á vegum seiðmanna:

...  
Enginn hefur bundið okkur  
við þetta sker, nema sjálfskaparviti  
okkar sjálfra,

við erum  
á flæðiskeri stöð, vorum  
í helgreipum seiðmanna  
og fjölkynngi þeirra.



Við lestur þessa og fleiri viðlíka ljóða vaknar oft vafi um mörk ljóðmáls og ræðu, sögu og pistils. Innan um eru svo önnur skáldlegri og jafnvel hefðbundnari ljóðmæli þar sem rím, stuðlar og höfuðstafir bera myndmálið uppi. Þó verður að

segjast að orðgnóttin vill á stundum bera inntakið ofurliði einkanlega í þessum hluta bókarinnar, enda auðséð að skáldinu liggur ýmislegt á hjarta.

Við tjaldskör tímans – frá fornöld til fullveldis nefnist síðari hluti bókarinnar. Ljóðin hér eru söguþrungin líkt og framari, mikið um

visanir í bókmenntahefð og goðafræði. Að sumu leyti er þessi hluti þó persónulegri og ljóðrænni þar sem skáldið litur oftast inn á við. Hér eins og í fyrri hlutanum er dauðinn nálægur og náttúruöflin blása ösku og eimyrju yfir land og lýð. Ljóðmælandinn er eins og vindurinn sem „blæs úr fornum heimkynnum menningar og næðir um það frumstæða mannkyn sem nú eigrar um jörðina og er helsta vandamál hennar“ eins og höfundur útskýrir sjálfur aftan á bókarkápu. Viða getur að líta sterkar ljóðmyndir, líkt og í ljóðinu Hugur og hold:

Í auðmýkt festir hugur minn rætur  
við hjartók gamalla  
sagna  
þegar aldri renna í einum farvegi  
eins og fljóti

að ósi  
og ljósið fellur inn í tímans þagnir.

Fleira er þó á seyði: Einsemd, feigðargrunur, tilfinning fyrir endanleik-

anum, söknudur eftir horfnum tíma, uggur um hvað taki við. Þessar hugrenningar leita fast á hverju ljóðinu af öðru, og fátt um svör. Nú bregður svo við að orðum fækkar í persónulegustu ljóðunum og ljóðmælandinn sýnir lesandanum trúnað. Dæmi um það er ljóðið Lok þar sem kallast er á við kunnulegt stef annars Matthíasar um smáblómíð í eilífðinni:

Ég er einn  
og enginn gengur  
hjá,

eitt lítið strá  
á tímans vegaleysum.

Heiti bókarinnar ber skáldinu sjálfru vitni. Eftir lesturinn má sannarlega segja um neista Matthíasar eins og jökullinn: Hann logar enn. Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

**NIDURSTADA:** Skáldið er hinn aldni jökull sem gerir ýmist að gjósa eða varpa frá sér aftanskini sólar í þessu verki.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

LITLI  
TÓNSPROTINN

# TÖFRAHEIMUR TÓNLISTARINNAR



6. OKTÓBER

MAXI FER  
Á FJÖLL



15. DESEMBER

JÓLA  
TÓNLEIKAR



16. FEBRÚAR

PÉTUR &  
ÚLFURINN



4. MAÍ

STRÁKURINN  
OG SLIKKERÍÐ

ROALD DAHL 100



Litli tónsprotinn er röð vandaðra og glæsilegra fjölskyldutónleika þar sem yngstu tónlistarunnendurnir fá tækifæri til að kynnst töfrum tónlistarinnar.

KORT Á FERNA TÓNLEIKA  
FRÁ KR. 8.000

Gakktu frá áskrift á [sinfonia.is](http://sinfonia.is) eða í miðasölu Hörpu og gefðu fjölskyldunni sannkallaðar tófrastundir í vetur. Áskrift veitir 20% afslátt af almennu miðaverði.

## TRYGGÐU FJÖLSKYLDUNNI SÆTI [SINFONIA.IS](http://SINFONIA.IS)

Miðasala í Hörpu  
[sinfonia.is](http://sinfonia.is)  
[harpa.is](http://harpa.is)  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:  
GAMMA

# Alltaf eitthvað nýtt gamalt í gangi

**Kvikmyndasafn Íslands er fertugt á árinu. Það var stofnað 1978. Fyrstu sjö árin var þar einn maður í hálfri stöðu, nú eru þar átta starfsmenn í 6,6 stöðugildum, þar á meðal Gunnþóra Halldórsdóttir.**

Gunnþóra  
Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



**V**ið Sigtryggur Ari ljósmyndari erum komin suður á Hval-eyrarholt í Hafnarfirði og staðnæmumst við stórt hús sem áður hýsti fiskverkun en nú Kvikmyndasafn Íslands. Þar tekur Gunnþóra Halldórsdóttir á móti okkur. Hún ber titilinn gagnasviðs- stjóri og kveðst vera á skemmtilegum vinnustað. „Það er alltaf eitthvað nýtt gamalt í gangi, segir hún og brosir breitt. „Ég var ráðin í þrjá mánuði í hálf starf fyrir níttján árum og hér er ég enn!“

Fyrst er komið inn í herbergi með gömlum myndavélum sem íslenskir frumkvöðlar í kvikmyndatökum munduðu og eru nú meðal merkustu gripa safnsins. Ein minnir mest á gamlan sveitastíma.

Gunnþóra segir safnið hafa byrjað í pinulitlu plássi fyrir 40 árum, þar hafi Erlendur Sveinsson, núverandi forstöðumaður, verið eini starfsmaðurinn og í hálfri vinnu. „Nú erum við átta í 6,6 stöðugildum á 2.000 fermetrum. Strax var horft til FIAF – alþjóðasamtaka kvikmyndasafna. Á þeirra vegum eru gerðar rannsóknir og viðmið sett og þar erum við fullgild fyrir löngu. Einnig erum við í góðum tengslum við Norðurlandasöfnin,“ lýsir hún og segir safnið taka við öllu myndefni sem gefið er opinberlega út á íslensku, kvikmyndum, myndböndum og DVD-diskum. „Við tökum líka við efni frá einstaklingum ef okkur finnst það hafa heimildargildi og hér eru stór söfn sýningarköppa, með innbrenndum íslenskum texta, frá kvikmyndahúsum.“

Upphaflega voru allar kvikmyndir á filmum og starfsemi safnsins fólst í að geyma þær á réttan hátt og gera við, eftir því sem efni leyfðu, að sögn Gunnþóru. „Um síðustu aldamót fór allt að breytast yfir í digital og frá 2005 eru sýningarköppur á stafrænu formi. Erlendi tókst nýlega að kria út fjármagn til kaupa á fullkomnari skanna en við höfum fyrir, svo hægt sé að færa filmur á stafrænt form í fullum gæðum og það gefur nýja möguleika á endurgerð og viðgerð á myndum. Við tökum afrit af öllu okkar stafræna efni á LTO-bönd. Tæknin breytist stöðugt.“



Gunnþóra milli rekka í filmukælinum, þar sem öllu er haganlega fyrirkomið.

**ÉG VAR RÁÐIN Í ÞRJÁ MÁNUÐI Í HÁLFT STARF FYRIR NÍTTJÁN ÁRUM OG HÉR ER ÉG ENN!**

*Hafið þið eitthvað að gera við 2.000 fermetra þegar allt er komið á stafrænt form?*

„Já, þó við séum komin á stafræna tíma er síst minni ástæða til að geyma filmurnar. Það er komin

yfir 100 ára þekking í að varðveita þær en stafræna efnið getur horfið á einu augnabliki. Það er óþægilegur sannleikur að stafræn varðveisla er ekki orðin mjög þróuð.“

Nú leggjum við upp í vettvangsferð um húsið. Þar eru filmur og spólur, alls konar vélar, bíóstólar, plaköt, ljósmyndir og prógrömm, svo nokkuð sé nefnt. Barna eru fyrstu talsýningarvélarnar, þær komu til landsins með Drottningunni 1927 og voru settar upp í Gamla bíói við Ingólfsstræti og Nýja bíói við Austurstræti, tvær á hvorum stað.

Gunnþóra kynnir Sigurjón Jóhannsson, sem hefur umsjón með minjasafninu og annast viðhald á gripunum eftir því sem hægt er, segir hann snilling á því sviði. Hann bendir okkur á mikinn forngrip, sýningarvél sem upphaflega var með tvær kolastangir sem eldur logaði á milli, linsa safnaði því ljósi saman og kastaði mynd á tjald. Einnig sýnir hann okkur sæti úr Andrews Theater á Keflavíkflugvelli sem seld voru félaginu MIR (Menningartengslum Íslands og Rússlands) gegnum Sölnufnd varnarlöseigna – í miðju kalda stríðinu.

Í risastórum kæligeymslunum er filmum staflað snrytilega upp, meðal annars öllu safni sjónvarpsins. „Það er dýrmætt efni á kvikmyndasöfnunum sem annars væri ekki til,“ segir Gunnþóra og bendir á myndir allt frá árinu 1906. „Svo leggur íslenskt kvikmyndagerðarfolk okkur til fullt af efni bara til að láta geyma það við heppilegar aðstæður. Hér er mikil þjónusta við fólk í þeim bransa, það kemur hingad að sækja gamalt efni.“ Hún vekur athygli á fræðslugildi safnsins og vill auðveldla kvikmyndafræðingum að rannsaka safnkostinn og skrifa um íslenskar myndir.



Kíkt inn í eitt herbergið þar sem alls konar göss er geymt.



Handgert plakat til auglýsingar á elstu leiknu mynd Íslands, Síðasta bænum í dalnum eftir Óskar Gíslason. Nú er unnið að því að koma henni á stafrænt form.



Elstu talsýningarvélarnar safnsins voru teknar í notkun 1. september 1930. Þá voru þær fullkomnustu sýningarvélarnar sem völ var á og leigðar fyrir 100 þúsund kr. á ári. Þær eru af Western Electric gerð og fylgdi leiguskiðmalum að framleiðandi vélanna hefði hér mann til vikulegs eftirlits og sendi auk þess sérfræðinga tvisvar á ári. (Heimild: Samtíðin, 1930). FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Prag**  
5. október í 3 nætur

Frá kr. 49.995

595 1000 Heimsferðir

Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

Allt að

**90%**  
**AFSLÁTTUR**


Opnunartími 10-18  
alla daga vikunnar

BÆKUR  
FRÁ  
99 KR.

ALLIR SEM  
VERSLA  
FÁ BÓK  
AÐ GJÖF



**Hreint mataræði**  
Verð: 1999 kr.



**Orðbragð**  
Verð: 990 kr.



**Vísindin**  
Verð: 2990 kr.




**Dísukökur**  
Verð: 1490 kr.



**Napolibækurnar**  
Verð: 990 kr.  
hver bók



**Konan sem hvarf**  
Verð: 990 kr.



**Litir**  
Verð: 999 kr.



**Dóra  
1000 límmiðar**  
Verð: 699 kr.



# Hausthátíð

Húsasmiðjunnar og Blómavals



Erikur, **3 stk.**

Erikur/Callunur, margar gerðir, þú velur lit og tegund. Blómapotar seldir sér.

**999** kr



**28%**  
afsláttur

**2.490** kr

~~3.490~~ kr

Rósir, 10 stk.



**25%**  
afsláttur

**890** kr

~~1.190~~ kr

Ástareldur  
11328235/11328305



**25%**  
afsláttur

**749** kr

~~999~~ kr

Nóvember kaktus  
1132820

**50%**  
afsláttur



HAUSTLAUKAR MAGNPAKKNINGAR

**990** kr/pk.

~~1.990~~ kr/pk.

- Vnr. 10200295 Túlípánar, rauður, Riding Hood 10/12, 50 stk.
- Vnr. 10200296 Túlípánar, Elite tvílitur rauður & gulur, 50 stk.
- Vnr. 10200297 Túlípánar, rauður, Apeldoorn, 50 stk.
- Vnr. 110200312 Páskaliljur, magnpakning, 20 stk.
- Vnr. 10200315 Túlípánar, Peacock Mixed, 50 stk.
- Vnr. 10200319 Krókus, Flower Record, 50 stk.
- Vnr. 10200320 Krókus, Jeanne D'ARC, 50 stk.
- Vnr. 10200323 Túlípánar, Purissima, hvítir lágvaxnir, 50 stk.
- Vnr. 10200568 Krókusar, blandaðir litir, 50 stk.
- Vnr. 10200304 Túlípánar, gulur, Golden Oxford, 50 stk.



LADY litur mánaðarins: 1877 VALMUEFRØ

# 25%

## afsláttur

Af allri LADY innimálningu



## Ráðgjöf

laugardag í Skútuvogi



Maja Ben.



**LADY Litaráðgjöf,**  
laugardag kl. 11-16

Maja Ben hjá „Ég er komin heim“  
veitir litaráðgjöf á laugardaginn í Skútuvogi  
og aðstoðar þig að velja rétta litinn.



Vilmundur Hansen

**Haustlaukar-ráðgjöf,**  
laugardag og sunnudag kl. 13-17

Vilmundur Hansen, garðyrkjufræðingur  
veitir fræðandi ráðgjöf um haustlauka í  
Blómavali í Skútuvogi alla helgina.

# Málningardagar

## í Húsasmiðjunni

25% afsláttur af allri málningu og málningarverkfærum



**25%**  
afsláttur

Öll málningarverkfæri



**25%**  
afsláttur

Öll spray



**25%**  
afsláttur

Öll útimálning



**25%**  
afsláttur

Öll viðarvörn

Byggjum á betra verði

husa.is

## Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

29. SEPTEMBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Alheimsfrumflutningur eftir Gunnar Andreas Kristinsson og Sigurð Sævarsson

**Hvenær?** 17.00

**Hvar?** Hallgrímskirkja  
Bandaríski orgelleikarinn James David Hicks heldur tónleika á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju laugardaginn 29. september kl. 17, þar sem hann frumflytur meðal annars verk eftir tvö íslensk tónskáld, „Lingua“ (2018) eftir Gunnar Andreas Kristinsson og „Himna smíður“ (2017) eftir Sigurð Sævarsson. Tónleikarnir eru frábær vitnisburður um mikinn áhuga Hicks á norrænni tónlist, en hann leikur einnig verk eftir Kristian Blak, Fredrik Sixten, Nils Lindberg, Lars Karlsson (frumflutningur), Anders Börjesson, Jesper Madsen og „Fantasia um Ísland, farsælda frón“ eftir Hildigunni Rúnaradóttur. Miðasala er við innganginn og miðaverð 2.500 kr. en afsláttur er fyrir eldri borgara, nemendur og öryrkja.

**Hvað?** Sicknature

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu  
Danski rapparinn og pródúserinn Sicknature úr production-eyminu Snowgoons spilar á sínum fyrstu tónleikum á Íslandi. Sicknature hefur verið að gera tónlist síðan um tíunda áratuginn miðjan og unnið með mörgum risastórum nöfnum úr rappbransanum. Auk hans koma fram margir bestu rapparar landsins, m.a. Cell7, Kilo,



Cell7 og fleiri hita upp fyrir danska rapparann Sicknature á Gauknum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vivid Brain og Class B. Fritt inn og frír bjór.

### Viðburðir

**Hvað?** Skiptimarkaður með barnaföt

**Hvenær?** 13.00

**Hvar?** Gerðubergi  
Rauði krossinn í Reykjavík efnir á ný til skiptimarkaðar með barnaföt í Gerðubergi. Komdu með hreinar og heilar flikur sem nýtast þinni fjölskyldu ekki lengur og skiptu fyrir fót í réttum stærðum.

**Hvað?** Hafmóðir (Mère Océan)

**Hvenær?** 14.00

**Hvar?** Alliance Française, Tryggvagötu 8  
Heimildarmynd um Leinu Sato og

köfunarferðar hennar meðal hvala. Myndin er með frönsku tali og enskum skýringartextum.

**Hvað?** Listaháskólinn á Visindavöku Rannís

**Hvenær?** 16.30

**Hvar?** Listaháskóli Íslands  
Lausn á plastvanda, hljóðfærin Lokkur og Hulda, myndlistarrannsókn á íslensku torfi, nýjar leiðir í tónlistarmenntun og dansrannsókn á tjáningu. Allar deildir LHÍ tefla fram verkefnum og rannsóknnum sem kynntar verða á visindavökunni.

### Sýningar

**Hvað?** Skulptúrskýning Korkimon

**Hvenær?** 16.00

**Hvar?** Listhús Ófeigs, Skólavörðustíg Skulptúrskýning Korkimon (Melkorku Katrínar Tómasdóttur) í listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5. Opnun laugardaginn 29. september kl. 16.00-18.00. Sýningin stendur til 24. október og verður opin á verslunartíma.

**Hvað?** Birgit Kirke – Øssur Mohr: Sýningarlok

**Hvenær?** 11.00

**Hvar?** Gallerí Fold, Rauðarárstíg  
Birgit Kirke er færeyskur listamaður sem vinnur mest abstraktverk. Kirke er fædd í Nuuk á Grænlandi en búsett í Danmörku, en með móðurmjólkinni drakk hún í sig færeyska landslagið. Með sjónarhorni Kirke, er hægt að sjá hversu stór og voldug náttúruöflin geta verið á þessum litlu eyjum. Fjörugar, léttar, myndrænar og svipmiklar strokur einkenna verk Kirke, og endurspeglar landslagið í Færeyjum; hrjúfa kletta og stóra steina sem rísa upp til himna með ógnar krafti. Andstæður, sterkir litir og fljótandi form springa út í formi hrauns, elds og íss sem leika um strigann.

### Viðburðir

**Hvað?** Lífsblómíð – leiðsögn um skjólin á sýningunni

**Hvenær?** 14.00

**Hvar?** Listasafn Íslands  
Sunnudaginn 30. september kl. 14 mun Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður leiða gesti um sýninguna þar sem sérstök áhersla verður lögð á skjólin á sýningunni.



Tómasarmessan hefur verið fastur hluti borgarlífsins síðan 1997 og verður engin breyting á því þennan sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Guð er kærleikur

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Breiðholtiðskirkja  
